



# Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024

Lagt fram í borgarráði 31. október 2023

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar  
Október 2023

# EFNISYFIRLIT

## A-hluti

A-hluti.....	3
Fjármála- og áhættustýringarsvið.....	7
Mannauðs- og starfsumhverfissvið .....	14
Menningar- og íþróttasvið .....	21
Skóla- og frístundasvið .....	31
Umhverfis- og skipulagssvið.....	39
Velferðarsvið.....	54
Þjónustu- og nýsköpunarsvið.....	68
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu .....	85
Sameiginlegur kostnaður .....	97
Eignasjóður .....	99
Framlög til b-hluta fyrirtækja.....	105

## B-hluti

Faxaflóahafnir sf.....	107
Félagsbústaðir hf.....	112
Malbikunarstöðin Höfði hf.....	121
Orkuveita Reykjavíkur .....	127
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.....	141
Strætó bs.....	149
Sorpa bs.....	157
Jafnlaunastofa sf.....	167



**A-HLUTI**




# FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Fjármála- og áhættustýringarsvið er fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af heilindum í krafti tækní, með hagkvæmni og skilyrkni að leiðarljósi. Starfsemin er framsækin og er Reykjavíkurborg til heilla.

Fjármunum Reykjavíkurborgar er stjórnað á skilvirkan hátt með fjárhagslegu gagnsæi og ábyrgð. Öflug yfirsýn, árangurstengd fjárhagsáætlunargerð og eftirfylgni, veitir stjórnendum og starfsfólk aðhald til að geta tekið réttar fjárhagsákváranir og byggt undir fjárhagslega sjálfbærni Reykjavíkurborgar.

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024\*

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	61.165	55.020	57.520
<b>Tekjur samtals</b>	<b>61.165</b>	<b>55.020</b>	<b>57.520</b>
Laun og launatengd gjöld	1.280.533	1.270.631	1.349.013
Annar kostnaður	242.215	254.330	287.143
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>1.522.748</b>	<b>1.524.961</b>	<b>1.636.156</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.461.583</b>	<b>1.469.941</b>	<b>1.578.636</b>

\*Rekstur Eignaskrifstofu færst í Eignasjóði og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.


## HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Þann 28. september 2023 samþykkti borgarráð tillögum fjármála- og áhættustýringarsviðs um nýtt skipulag sviðsins og þær 13 tillögur sem lagðar voru fram að breytti skipan verkefna á sviði fjármála, innkaupa og

áhættustýringar ásamt tillögu um breytta stefnu sviðsins. Samkvæmt hinu nýja skipuriti (sjá að ofan) er lögð áhersla á að skerpa á hlutverki sviðsins með áherslubreytingum sem fela í sér sterkara umboð og skýrara eftirlitshlutverk með fjármálum og fjármálastjórn borgarinnar, aðhaldi í rekstri, eflingu fjármálaráðgjafar og hagnýtingu gagna m.a. til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun, koma á skilvirku tekjueftirliti og frávikagreiningum og auka vægi verkefnastjórnunar og teymisvinnu þvert á skrifstofur og svið eftir þörfum hverju sinni.

Til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt verður sviðinu skipt upp í sex skrifstofur með talsverðri uppskiptingu á kjarnaverkefnum m.a. með tilfærslu verkefna á milli fag-, og kjarnasviða Reykjavíkurborgar. Tilgangurinn er að ná fram jafnvægi í umfangi og nákvæmari afmörkun kjarnaverkefna sviðsins og að auka samlegð verkefna. Það felur í sér flutning einstakra verkefna frá sviðinu sem hafa skýrari skírskotun til annarrar starfsemi innan borgarinnar. Launaskrifstofa verður flutt til mannauðs- og starfsumhverfissviðs en það er í samræmi við niðurstöðu könnunar sem gerð var meðal stjórnenda og sérfræðinga innan borgarinnar. Þar kom fram að kjaramál og launavinnsla ætti betur heima á sama sviði og að óþarfa flækjustig hefðu verið uppi vegna aðskilnaðar þessara skrifstofa. Verður skrifstofan með tilflutningnum nær mannauðsstjórum og ráðgjöfum sem starfa á fagsviðum borgarinnar. Innkaupaskrifstofa verður lögð niður í þeirri mynd sem hún hefur verið fram til þessa og verkefnin flutt til nýrrar skrifstofu sviðsins, fjármálabjónustu og ráðgjafar. Skrifstofa áhættustýringar verður lögð niður í núverandi mynd en verkefni hennar færast undir nýja stöðu áhættustjóra sem mun heyra undir sviðsstjóra. Rekstur upplýsingakerfa verður flutt til þjónustu- og nýsköpunarsvið þar sem annar kerfisrekstur borgarinnar er nú þegar staðsettur. Auk þessa munu verkefni sem varða þjónustukannanir Reykjavíkurborgar og gæðamál verða flutt á þjónustu- og nýsköpunarsvið þar sem þau eiga betur heima. Með flutningi nefndra verkefna verður breyting á starfsmannafjölda sviðsins þó enn sé ekki ljóst hver endanleg niðurstaða verður varðandi mannafla og niðurröðun starfa. Þá mun flutningur verkefna efla þau enn frekar og á sama tíma veita fjármála- og áhættustýringarsviði svigrúm til að þróa fjármálabjónustu borgarinnar á næstu árum þar sem megináhersla verður á þau brýnu verkefni sem fyrir liggja. Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem gildir til ársins 2027 er enn fremur lögð áhersla á skýra sýn á græna og vaxandi borg, sjálfbærar rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar. Til þess þurfum við öfluga og áreiðanlega fjármálastjórn, skýr markmið, virkt eftirlit og áhættustýringu og að tryggja að sjálfbærni markmið borgarinnar nái fram að ganga. Fjárhagsáætlun hefur ekki verið uppfærð og endurspeglar því ekki breytingar á skipulagi.

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## MEGINMARKMIÐ, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að fjármunum borgarinnar sé stjórnað á skilvirkan hátt með fjárhagslegu gagnsæi, ábyrgð og öflugri yfirsýn. Að stuðlað sé að árangurstengdri fjárhagsáætlungerð, eftirfylgni, stjórnendum og starfsfólki sé veitt aðhald til að geta tekið réttar fjárhagskvarðanir og að byggt verði undir fjárhagslega sjálfbærni Reykjavíkurborgar. Framtíðarsýn sviðsins er að þar starfi fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af hendi af heilindum og í krafti tækni, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Að starfsemin sé framsækin og Reykjavíkurborg til heilla.

Meginmarkmið hins nýja fjármála- og áhættustýringarsviðs eru:

- Að starfrækja skilvirkja fjármálabjónustu
- Að stunda öfluga framþróun
- Að styðja við farsæla ákvarðanatöku

Í því felst:

- Að ná fram jafnvægi í umfangi og afrmörkun kjarnaverkefna sviðsins og aukinni samlegð lykilþátta sem væru liður í því að efla vinnu með gögn og greiningar.
- Að efla áhættustýringu með tengingu við sérfræðinga þvert á skrifstofur.
- Að treysta grundvöll fjárhags-, áætlana- og haglíkana.
- Að styrkja umboð sviðsins varðandi eftirlit og aðhald í rekstri.
- Að straumlínulaga og efla faglegt starf í skyldum verkefnum með tilfærslu tiltekinna verkefna og veita þannig betri þjónustu með skýrum boðleiðum.

- *Með aðskilnaði á eftirliti og áætlanagerð yrði skapað aukið svigrúm til eftirlits sem byggi á hagnýtingu gagna og upplýsinga og koma á skilvirkum ferlum til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun.*
- *Að efla vægi fjármálaráðgjafar og hagnýtingu gagna í starfsemi sviðsins.*
- *Koma á skilvirku tekjueftirliti og frávikagreiningum.*
- *Auka vægi verkefnisstjórnunar og teymisvinnu þvert á sviðið eftir þörfum hverju sinni.*

Fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun A-hluta Reykjavíkurborgar ásamt fjármálastefnu er sett fram og unnin í því ljósi sem hér er lýst, þar sem áhersla er lögð á að takast á við breytt efnahagsumhverfi og þá óvissu sem nú ríkir í efnahagsmálum. Markmið og megináherslur fjármálastefnunnar til næstu fimm ára taka mið af áskorunum í rekstri og afkomu til að tryggja að meginmarkmið um sjálfbærni, stöðugleika, festu, varfærni og fyrirsjáanleika nái fram að ganga.

## MEGINMARKMIÐ ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Þau meginmarkmið um skilvirka fjármálaþjónustu, öfluga framþróun og farsæla ákvárdanatöku kalla á skýra verkaskiptingu en með þverfaglegrí nálgun, þegar svo ber undir, þar sem aukin áhersla er lögð á teymisstarf innan sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd. Verður einkum lögð áhersla á hvert viðfangsefnið er hverju sinni og umfang verkefna. Með þessu móti má ná betra jafnvægi milli skrifstofa vegna álagstengdra verkefna svo og álagstíma í starfsemi sviðsins auk þess að skapa spennandi tækifæri fyrir starfsfólk til þátttöku í mikilvægum verkefnum þvert á borgarkerfið. Í síkviku og breytilegu samfélagi tækni og framfara eru gerðar ríkar kröfur til hraða, gæða, góðrar þjónustu og hámarks árangurs. Með hinu breytta skipulagi er stefnt að því að fjármála- og áhættustýringarsvið verði enn betur í stakk búið til að sinna kjarnaverkefnum sviðsins þar sem boðleiðir verða styttri með skilvirkari þjónustu fyrir alla hagaðila. Breytingar fela í sér að launaskrifstofa verður flutt frá fjármála- og áhættustýringarsviði til mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Með því móti verður komið í veg fyrir að grá svæði í þjónustu til fagsviða og ráðgjöf á milli fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs séu fyrir hendi. Eftir tilflutninginn verður launavinnsla nær mannauðsstjórum og mannauðsráðgjöfum sem starfa á fagsviðum borgarinnar. Rekstur og þjónustuborð upplýsingakerfa mun alfarið verða hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði þar sem annar kerfisrekstur borgarinnar er staðsettur og þjónustuferlar kerfa eru öflugri. Breytingin felur í sér að núverandi sérfræðingar í kerfis- og hugbúnaðarmálum munu komast í öflugt faglegt starfsumhverfi við hlið annarra sérfræðinga þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Framkvæmd áhættustýringar verður breytt með það að markmiði að auka breidd og möguleika til að vinna að umfangsmeiri verkefnum. Það verður framkvæmt með því að sérfræðingar þvert skrifstofur sviðsins leggja til fagþekkingu í verkefni áhættustýringar á grundvelli samþyktrar starfsáætlunar Áhættustjóra.

## Skrifstofa áætlana og hagmála

Á skrifstofu áætlana og hagmála verða eftirfarandi málaflokkar: Fjárhagsáætlanagerð, gerð spá- og sjálfbærnilíkana, umsjón með gagnastruktúr, hagnýting gagna og rekstur mælaborða. Skrifstofan mun gegna veigamiklu hlutverki í áhættustýringu þvert á borgina með aðgengi að

sérfræðingum skrifstofunnar sem munu koma að vinnslu hinna ýmsu verkefna áhættustýringar. Þá falla sviðsmyndagreiningar og gerð fjárhagsmælikvarða undir verksvið skrifstofunnar. Lögð verður aukin áhersla á greiningar og uppsetningu mælaborða svo hægt sé að fylgjast með fjárhagsþróun í ólíkum málaflokkum, tölfræði og útreikningum er varða markmið borgarinnar um fjárhagslega sjálfbærni. Þar er um að ræða verkefni sem eru afar mikilvæg fyrir markvissa stefnumótun og markmiðasetningu inn á fagsviðum og í öllu nefndarstarfi innan borgarinnar. Skrifstofan ber því ábyrgð á gagnaumsjón sviðsins, þróun mælaborða, spálíkana, áhættumatsramma og framkvæmd greininga sem endurreiknast og uppfærast sjálfkrafa út frá skilgreindum forsendum.

## Skrifstofa fjármálapjónustu og ráðgjafar

Á nýri skrifstofu fjármálapjónustu og ráðgjafar verður áhersla lögð á fjármála- og rekstrarráðgjöf til fagsviða og eftir atvikum stofnana, almennt rekstrareftirlit, frávikagreiningar og innkaupamál borgarinnar, svo fátt eitt sé nefnt. Í því felst að innkauparáðgjöf, rekstur innkaupaferla og þjónusta við framkvæmda- og innkauparáð flyttjist á nýja skrifstofu. Þá ber skrifstofan ber ábyrgð á stjórn innkaupa, útboðsmála og gegna samræmingarhlutverki gagnvart öðrum sviðum um verklag, rekstrarlíkön og nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar. Aukin áhersla verður lögð á samræmingu og rekstrarlegt eftirlit. Með öflugra aðhaldi í eftirfylgni verður ýtt undir að stjórnendur borgarinnar axli ábyrgð á fjárhagslegum ákvörðunum. Skrifstofan leggur áhættustýringu lið á grundvelli starfsáætlunar þar um.

## Skrifstofa fjárvældingar- og innheimtu

Skrifstofa fjárvældingar og innheimtu sinna eftirfarandi málefnum: Fjárvældingu, innheimtu, gjaldkerapjónustu og tekjueftirliti. Aukin áhersla er lögð á tekjueftirlit og mótu ferla til að sinna slíku eftirliti, þá sinni skrifstofan lausafjárvældingu, skuldabréfaútboðum, lánaumsýslu, útgáfu grænna skuldabréfa, gerð samninga við fjármálaþyrtæki, innheimtu krafna, samskiptum við innheimtufyrtæki, greiðslumiðlun, álagningu og umsýslu fasteignagjalda ásamt sölureikningum sem hingað til hefur verið sinnt af skrifstofu bókhalds. Skrifstofan leggur áhættustýringu lið á grundvelli starfsáætlunar. Þá hefur lengi verið stefnt að því að sameina alla innheimtu borgarinnar með það að markmiði að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í innheimtu krafna.

## Skrifstofa eigna

Skrifstofa eigna sinnir fjölmögum verkefnum er snúa að fasteignum borgarinnar. Verkefni skrifstofunnar lúta að eigendafyrirsvari eignasjóðs sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, lönd, lóðir, samgöngumannvirki og aðrar fasteignir. Þá hefur skrifstofan með höndum eignaumsjón, þróar og innleiðir mælikvarða í samráði við skrifstofu áætlana og hagmála til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar. Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og hefur eftirlit með framkvæmd á kostnaði. Lagt verður upp með að setja af stað vinnu við að rýna núverandi skipulag og kanna hvort breytingar á hlutverki hennar yrðu til bóta fyrir Reykjavíkurborg.

## Skrifstofa bókhalds og uppgjörs

Meginverkefni skrifstofu bókhalds og uppgjörs eru bókhald, uppgjör og afstemmingar. Skrifstofan sinni reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu, beri ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Þá sinnir skrifstofan bókhaldi og afstemmingum, en í því felst m.a. móttaka og skráning reikninga, afstemming birgjareikninga og innkaupakorta, bókun tekjuskráninga, umsjón með ferðaheimildum, verktakamiðum auk annarra hefðbundinna

verkefna sem tilheyra öllu jafna bókhaldi. Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af innleiðingu rafrænna reikninga og stefnt að því að umfang þeirra verði um 90% á komandi ári. Þenn er unnið að því að fækka innkaupakortum með breyttum áherslum í innkaupum og skilvirkum rafrænum lausnum.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Á árinu sem er að líða hefur mikið starf verið unnið við að móta nýja stefnu fjármála- og áhættustýringarsviðs og er innleiðing breytinga um heildarstefnu sviðsins hafin. Skrifstofa sviðsstjóra mun áfram sinna málefnum er varða stjórnsýslu, fjárhagslegum samskiptum við B-hluta félög ásamt mannaudsmálum sviðsins, stefnumótun og breytingastjórnun. Sérstök áhersla verður lögð á að efla fjárhagslegt samtal fjármála- og áhættustýringarsviðs við B-hluta félögin og byggðasamlögin. Eitt af hlutverkum skrifstofunnar er að halda utan um heildarstefnu sviðsins og hafa yfirumsjón með breytingaverkefnum þvert á sviðið með áherslu á stafræna þróun svo og almenna þróun á starfseminni með stöðuga umbótahugsun að leiðarljósi. Nýja stefnan er umbreytingarstefna og innleiðing hennar mun taka tíma. Með breytingu á upplýsinga- og gagnadeild og tilfærslu verkefna verður til fjármálatæknistofa sem staðsett verður á skrifstofu sviðsstjóra og mun sinna hluta af þeim verkefnum sem áður tilheyrdi deildinni. Verkefni fjármálatæknistofu verða meðal annars utanuhald og sundurliðun upplýsinga um losunarþókhald, þróun á heildstæðum ársreikningi Reykjavíkurborgar og græns bókhalds þar sem lögð verður enn meiri áhersla á framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga m.a. er varða sjálfbærni sveitarfélagsins. Auk þess verður lögð áhersla á að samræma og tryggja aðgengilega framsetningu á fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnagreiningum. Þá er markmið skrifstofunnar að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnsýslu erinda og þjónustu við stofnanir borgarinnar, auk þess að styðja við stjórnendur og starfsemi sviðsins svo og að veita framúrskarandi þjónustu til fagsviða borgarinnar. Stuðningur við yfirstjórn á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu og fjármálaáætlunar næstu fimm ára eru mikilvæg verkefni þar sem áhersla er lögð á að ná þeim markmiðum sem Græna planið fjallar um varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagslega sjálfbærni og þá sóknaráætlun sem lagt hefur verið upp með til ársins 2030.

## Áhættustjóri

Áhættustjóri fer fyrir verkefnum sem varða áhættustýringu og er hluti af framkvæmdastjórn sviðsins. Hann ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu og framkvæmd áhættustýringar þvert á svið og skrifstofur A-hluta Reykjavíkurborgar. Jafnframt ber áhættustjóri ábyrgð á upplýsinga- og skýrslugjöf um áhættur í rekstri og starfssemi borgarinnar til sviðsstjóra, borgarstjóra og borgarráðs. Vinnsla verkefna verður unnin í samstarfi við skrifstofur áætlana og hagmála, fjármálaþjónustu og ráðgjafar og fjárvíðingar og innheimtu og leggja þær skrifstofur áhættustýringu til sérfræðinga á grundvelli samþykkrar starfsáætlunar.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna ólíkar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum sem best. Markmiðið er að sambætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustuþátta og hins vegar jafnréttisskimum og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs.

Pólítískur stýrihópur hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustuþátta og vinnslu jafnréttisskima og – mata á sínu sviði.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði


## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
<b>Reikningar frá birgjum alls</b>					
Reikningar frá birgjum alls	251.921	255.742	258.649	260.000	265.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	175.801	191.076	192.949	195.000	200.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	77%	83%	83%	85%	87%
Hlutfall rafrænna reikninga með innrireikn.	79%	85%	85%	88%	89%
Fjöldi uppgjöra (A, A+B, AS, ES, Aflvaki, Bjóðarleikvangur)	42	42	42	42	42



# MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSEVIÐ

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Mannaðs- og starfsumhverfissvið fer með forstuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannaðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun í mannaðsmálum með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannaðsstefnu og annarra stefna í mannaðsmálum, tryggir samræmi í framkvæmd og veitir stjórnendum ráðgjöf á sviði mannaðsmála og vinnuréttar. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirsvar gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðarins. Auk þess annast sviðið mannaðsbjónustu fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi. Sviðið leggur ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannaðsbjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og stuðla að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika. Sýn sviðsins er að vera með öfluga mannaðsbjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk og stjórnendur sem geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Jafnframt að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til að mæta ábyrgð í starfi og veita bestu mögulegu þjónustu, bæði út á við gagnvart íbúum og inn á við, gagnvart starfsfólk og starfsemi borgarinnar.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	40.278	6.000	26.004
<b>Tekjur samtals</b>	<b>40.278</b>	<b>6.000</b>	<b>26.004</b>
Laun og launatengd gjöld	287.209	292.493	315.372
Annar kostnaður	128.376	90.597	107.358
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>415.585</b>	<b>383.090</b>	<b>422.730</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>375.307</b>	<b>377.090</b>	<b>396.727</b>


## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	19	19	19
Fjöldi stöðugilda	18	19	19
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	5	5	5
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	3	3	3
Verkefnastofa starfsmats	1	1	1
Skrifstofa kjaramála	4	4	4
Skrifstofa sviðsstjóra	6	6	6

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs- og starfsumhverfissviðs er áætlaður 397 m.kr. árið 2024. Áætlun 2023 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 377 m.kr. þannig að fjárhheimildir hækka um 20 m.kr.

Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar, íslenskukennsla, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar og rekstur jafnlaunakerfis.

Engar breytingar fyrir utan þekktar kjarasamningsbundnar launahækkanir eru á ramma sviðsins.

## MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið sem hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2024 taka mið af leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing ríkir í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2024 verður unnið að því að festa í sessi nýtt verklag við fræðslu og ráðningar, í kjölfar innleiðingar á nýju fræðslukerfi og nýju umsóknakerfi. Unnið verður markvisst að vinnuvernd, öryggismálum og heilsueflingu byggt á öryggisstefnu vinnustaðarins og nýrri heilsustefnu og uppfærðri viðverustefnu. Nýtt þróunarverkefni um sveigjanleg starfslok vegna aldurs fer í gang á árinu 2024 og unnið verður að sérstökum verkefnum með skóla- og frístundasviði vegna ráðninga í leikskóla. Unnið verður að auknum stuðningi við stjórnendur borgarinnar og að gerð stjórnendastefnu borgarinnar. Áfram verður unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis, mannauðsstefnu, jafnlaunastefnu og stefnu borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Einnig verður unnið áfram að auknum stuðningi við starfsfólk af erlendum uppruna með áherslu á íslenskukennslu og stuðning við stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð mikil áhersla á endurskoðun og innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag. Á árinu 2024 verða kjaraviðræður einnig fyrirferðarmikið verkefni þar sem allir kjarasamningar Reykjavíkurborgar losna á ný á árinu 2024. Áhersla verður lögð á að vinna öll verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.

### Skrifstofa sviðsstjóra

Lögð er áhersla á áframhaldandi markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku, framsækni og snöggu viðbragði þegar aðstæður kalla á. Á sama tíma verður unnið að því að undirbúa starfsumhverfi borgarinnar fyrir þá öru tæknipróun sem hafin er og þá stafrænu vegferð sem borgin er á og rýna þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og tækni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Skrifstofan mun halda utan um og leiða þróunarverkefni sem snýr að sveigjanlegum starfslokum vegna aldurs. Til að fá fram enn markvissari upplýsingar um viðhorf og líðan starfsfólks og stjórnenda verður unnið að þróun viðhorfskannana meðal starfsfólks. Þá verður endurskoðað/breytt fyrirkomulag við mat

á störfum stjórnenda innleitt í tengslum við breytingu á þeim hópi sem heyra undir kjaranefnd borgarinnar og þá fyrirætlun að stærstur hluti hans færist undir kjarasamninga. Þá verður unnið að endurskoðun og uppfærslu á starfsmatskerfi borgarinnar í samvinnu við Jafnlaunastofu og Samband íslenskra sveitarfélaga auk hlutaðeigandi stéttarfélaga. Áfram verður lögð rík áhersla á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Lögð verður áframhaldandi áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum fyrir borgina í heild sinni m.a. hvað varðar framkvæmd skipulagsbreytinga og úrlausnir mála er varða réttindi og skyldur starfsfólks auk þess sem efni á innri vef verður endurskoðað og uppfært. Öll eyðublöð verða uppfærð og breytt m.a. þannig að hægt verði að undirrita þau rafrænt. Þá verður áfram lögð áhersla á upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar, fyrir stjórnendur, mannauðsfólk og annað starfsfólk. Áfram verður unnið gegn launamuni starfsfólks hjá borginni á árinu 2023 m.t.t. kyns og annarra ómálefnaalegra þátta og unnið að endurbótum á ýmsum þáttum jafnlaunakerfis, launagreiningum og öðrum jafnlaunaverkefnum m.a. í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Unnið verður áfram að innleiðingu aðgerðaráætlunar á grundvelli jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar og á aðgerðum er varða sveigjanlegri starfslok vegna aldurs hjá borginni. Starfsfólk Reykjavíkurborgar gegnir lykilhlutverki í þjónustu við borgarbúa og þurfa stjórnendur að búa yfir hæfni og þekkingu til að geta tekist á við síbreytilegt starfsumhverfi. Á árinu 2024 verður hafinn undirbúnингur við endurskoðun á mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar sem gildir til ársins 2025. Samhliða verður unnið að gerð stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar og þannig lögð áhersla á eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir stjórnendur þar sem rík tækifæri eru fyrir hendi til að eflast og þróast í starfi.

### Skrifstofa starfspróunar og starfsumhverfis

Á sviði starfspróunar verða stærstu verkefni ársins 2024 annars vegar innleiðing öryggisstefnu Reykjavíkurborgar og hins vegar innleiðing fræðslustefnu borgarinnar. Nátengd þessum stefnuinnleiðingum verða upplýsingatækniverkefni, en þar ber hæst að festa í sessi Torgið - stafrænt fræðslukerfi Reykjavíkurborgar, en einnig vinna við þróun og innleiðingu atvikaskráningarkerfis og verkefnið um Mínar síður starfsfólks. Í samræmi við fræðslustefnu verður unnið að því að þráa fræðsluefni á rafrænu formi og bæta aðgengi alls starfsfólks að fræðslu. Vonast er til að drög að heilsustefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg verði samþykkt fyrir upphaf ársins og að unnt verði að uppfæra heilsutengd hlunnindi og hefja stofnun stuðnings- og ráðgjafateymis til að stuðla að minni fjarvistum vegna veikinda. Meðal stórra verkefna tengt öryggisstefnu er að koma á samræmdum öryggis- og heilbrigðisáætlunum fyrir helstu tegundir starfsstaða hjá borginni, byggt á samræmdu áhættumati starfa. Stefnt er að því að uppfæra stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, í ljósi reynslu síðustu ára. Unnið verður að frekari útbreiðslu og þróun á forystunámi fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem starfa í stjórnsýslu. Stefnt er að því að leggja fram til samþykktar stefnu í innri miðlun, þ.e. varðandi innri vef og Workplace og að gera átak í auknu aðgengi starfsfólks að þeim kerfum, auk þess að endurbæta innri vef. Í málefnum starfsfólks af erlendum uppruna verður lögð áhersla á að auka aðgengi að íslensku kennslu, auk þess að bjóða samfélagsfræðslu, vinna að þýðingum á mikilvægum upplýsingum

fyrir starfsfólk og að klára innleiðingu tungumálaviðmiða í ráðningum. Unnið verður að móton og innleiðingu samræmdra verkferla á öllum starfspáttum sem falla undir starfsumhverfi og starfsþróun.

## Skrifstofa kjaramála

Á skrifstofu kjaramála er yfirstandandi vinna við tímasettar verkáætlar kjarasamninga síðustu kjaralotu á vettvangi samstarfsnefnda og samráðshópa samhlíða öðrum undirbúningi fyrir komandi kjaraviðræður en fyrirhugað er að viðræður hefjist formlega 15. nóvember nk. skv. yfirlýsingum í síðustu kjarasamningum. Kjarasamningar Reykjavíkurborgar losna allir á árinu 2024, mikill meirihluti þann 1. apríl 2024 en kjarasamningar KÍ frá 1. júní 2024. Unnið er að gerð viðræðuáætlana fyrir komandi viðræður og má gera ráð fyrir að viðræður hefjist af fullum þunga snemma á árinu 2024. Mat á árangri og áhrifum af vinnutímabreytingum síðustu kjarasamninga er liður í yfirstandandi undirbúningi og vinnu skv. verkáætlunum, hvort tveggja í dagvinnu og vaktavinnu. Jafnframt hafa aðilar komið sér saman um að endurskoða veikindakafla kjarasamninganna á samningstímanum og er vinna við það þegar hafin. Þá er áfram unnið að eftirfylgni þeirra breytinga sem orðið hafa á fastlaunasamningum Reykjavíkurborgar á síðustu árum, með innleiðingu á svokölluðum öðrum launum, í samvinnu við sviðin, launaskrifstofu og nefnd um jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar. Þá er fyrirhuguð áframhaldandi vinna á árinu á vettvangi svokallaðrar 7. gr. nefndar (eða nefndar um jöfnun launa milli markaða) vegna vinnu við samkomulag opinberra launagreiðenda og opinberra bandalaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016. Á árinu 2024 má gera ráð fyrir því að kjaraviðræður verði fyrirferðamesta verkefni skrifstofunnar og samhlíða verður áfram unnið ötullega að öðrum verkefnum skrifstofunnar, þ.m.t. fyrirsvari gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar og kjaramála, túlkun kjarasamninga, launaeftirliti o.fl. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar sem og markvissar launagreiningar.

## Skrifstofa ráðninga og mönnunar

Undanfarin ár hefur verið unnið að umbótum á ráðningarförslum og á árinu 2024 verður áhersla skrifstofunnar á fræðslu varðandi ráðningarförsla og Gæðahandbók ráðninga sem er mikilvægt tæki til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum. Einnig er skrifstofan í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningarmál og veitir stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu ráðgjöf og stuðning í ráðningar- og launasetningarmálum. Á árinu 2024 er stefnt að lokum á innleiðingu á nýja umsóknarkerfinu Ráðný sem mun breyta umhverfi stjórnenda varðandi auglýsingu starfa, úrvinnslu umsókna og gerð ráðningasamninga. Áhersla verður á gerð færnispár/mannaflaspár til næstu fimm ára og samhlíða hafin vinna við kortlagningu á breytingum og þróun starfa í ljósi innleiðingu á stafrænni umbreytingu. Þá mun skrifstofan líka vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki vegna sumarstarfa borgarinnar. Áhersla verður lögð á að fjölga og þróa frekari tækifærum fyrir fólk með skerta starfsgetu til þess að geta boðið fleiri störf sem henti þeim hóp. Afleysingarstofa hefur það hlutverk að mæta þörf starfsstaða fyrir skammtíma afleysingar og vinnur að verkefnum með skóla- og frístundasviði vegna mannekluvanda í leikskólum. Skrifstofan er þáttakandi í skipuritsvinnu þar sem verið er að samræma uppbyggingu skipurita með það markmið að skýra og bæta gögn og einfalda tengingar við önnur kerfi. Einnig er

skrifstofan með áherslu á starfslokaferla og er verið að klára leiðbeiningar vegna starfslokaferla sem unnar eru í samvinnu við launaskrifstofu og verða innleiddar á árinu 2024. Einnig kemur skrifstofan að stofnun nýrra starfa og vinnur náið með Verkefnastofu starfsmats að verkefnum tengdum starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar.

## JAFNLAUNASTOFA – VERKEFNASTOFA STARFSMATS

Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga Jafnlaunastofu sem hefur það hlutverk að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttisлага um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á virðismat starfa út frá starfsmatskerfi sem nær utan um kvennastörf til jafns við karlastörf. Jafnlaunastofu er ætlað að vinna að launajafnréttismálum í stærra samhengi en áður út frá jafnvirðisnálgun laganna. Verkefnastofa Starfsmats er staðsett undir Jafnlaunastofu sf. og á árinu 2024 mun Verkefnastofa hefja vinnu við þróun og framkvæmd breytinga á núverandi starfsmatskerfi í samvinnu við Faglega stjórn starfsmatskerfisins SAMSTARFS sem er skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtökum stéttarfélaga ásamt breytingum á verkferlum og verklagi við mat á störfum.

## KYNJUD FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykkta fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar þær tillögur sem lagðar voru fram frá mannaúðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2023. Með því að koma jafnréttisskimuninn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannaúðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Á árinu 2024 verður áfram unnið að því að greina framboð og þátttöku í fræðslu með aðferðafræði KFS samhliða innleiðingu á fræðslukerfinu Torgið.


# MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til menningar, íþróttu- og útvistarlífs þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

## SKIPURIT

Skipurit sem samþykkt var í borgarstjórn 20. desember 2022 og er í mótu.



Helstu markmið með nýju sameinuðu sviði og skipuriti eru eftirfarandi:

- Að skipurit styðji við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni.
- Að skipurit nái fram mikilvægi þjónustubátta en á sama tíma náist fram virk þverfagleg teymisvinna eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni.
- Að skipurit styðji við sértæk áherslumál með víðtækri aðkomu stofnana.
- Að skipurit styrki málaflokka menningar, íþróttu og útvistar.
- Að skipurit sé gegnsætt og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

Í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2024, hækka gjaldskrár MÍR um 5,5% Samningar sviðsins við þriðja aðila eru bættir miðað við vísitölu neysluverðs 4,9% og launavísitölu 5,8% og fjárheimildir launa hækka í takt við þekkta kjarasamninga. Hagræðingarkrafa sviðsins er 1% á öll laun og annar rekstrarkostnaður er ekki bættur. Sviðið stendur frammi fyrir þeirri áskorun að veita áfram góða þjónustu þó raungildi fjárheimilda fari lækkandi milli ára. Til samræmis við fjárheimildir þarf að draga úr þjónustu í bland við gjaldskrárhækkanir.

## Fjárhagsáætlun 2024


	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	-2.483.596	-2.598.945
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-2.483.596</b>	<b>-2.598.945</b>
Laun og launatengd gjöld	5.307.759	5.702.881
Annar kostnaður	14.304.640	16.098.501
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>19.612.398</b>	<b>21.801.382</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>17.128.802</b>	<b>19.202.437</b>

## STARFSFÓLK

Fjölbreytt starfsemi er á MÍR og eru starfræktir 28 starfsstaðir á sviði íþróttar, menningar, útilífs og forvarna. Auk þess starfrækir MÍR ýmis úrræði fyrir ungmanni á sviði ráðgjafar, fræðslu og atvinnumála sem og frístundastarf fatlaðra ungmenna. Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi er sá grunnur sem sviðið byggir á í mannauðsmálum. Lögð er áhersla á að hlúa að starfsmönnum og skapa starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að eflast og þroa starfstengda hæfni sína. Slíkt starfsumhverfi einkennist m.a. af trausti, öryggi, viðurkenningu, uppbyggjandi samskiptum og góðum stjórnunarháttum. Sviðið nýtir niðurstöður viðhorfskönnunar sem er framkvæmd árlega og nær til alls starfsfólks Reykjavíkurborgar. Niðurstöðurnar gefa stjórnendum og mannauðsteymi sviðsins mikilvægar upplýsingar um stöðu mannauðstengdra mála á sviðinu. Einnig hafa þær móttandi áhrif á sértækar og miðlægar aðgerðir sem ætlaðar eru til að byggja undir allt hið jákvæða í niðurstöðum könnunarinnar og vinna markvisst gegn neikvæðri þróun. Árið 2023 mun viðhorfskönnun verða send út á sameinað svið og niðurstöður birtast í fyrsta skipti fyrir nýtt svið í heild.

Mannauður MÍR	2023
Meðaltals fjöldi starfsmanna á mánuði	770
Fjöldi stöðugilda	499

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## HLUTVERK

Sameinað svið íþróttasviðs (ÍTR) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF) tók til starfa 1. janúar 2023 undir nafninu menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (MÍR).

Hlutverk MÍR er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum annars vegar og íþróttamálum hins vegar. Rekstur MÍR er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningar, íþróttas- og útilífsstarfi sem MÍR stendur fyrir. Hlutverk MÍR á sviði menningarmála er að hafa yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og sérverkefnanna, Reykjavíkur bókmennaborgar UNESCO og Tónlistarborgar Reykjavíkur. Hlutverk MÍR á sviði íþróttamála er rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum sem tengjast Leikfélagi Reykjavíkur, Borgarleikhúsi, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Höru, Listahátiðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig sér MÍR um samstarfssamninga, styrki og samskipti vegna íþróttas- og æskulýðsfélaga og lista- og menningararlífs og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Umsýsla og samningagerð vegna Frístundakortsins er hjá MÍR.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Þróunar- og upplýsingamál

Vefsíður menningar- og ferðamálasviðs og íþróttasviðs voru á árinu uppfærðar til að endurspeglu nýtt svið og er uppfærslan enn í vinnslu. Haustið 2023 er á dagskrá átak meðal starfsfólks sundstaða að nýta Workplace sem samskiptamiðil og til upplýsingamiðlunar ásamt því að innleiða Torgið fræðslukerfi á öllum starfsstöðum MÍR. Allir starfsstaðir gamla ÍTR eru tæknilega tilbúnir til þess að hefja netsölu og aðgang með sínum. Afgreiðslukerfi sundlauga var uppfært í febrúar 2023 og verið er að endurskoða kennslu á kerfið til nýs starfsfólks. Verið er að taka í notkun nýtt fræðslu app í Fjölskyldugarði

sem fjármagnað var af Rannís og er vinna hafin við innleiðingu. Samþætting kerfa MOF og ÍTR er enn í vinnslu og vonast er til þess að í lok árs 2023 verði flest komin með þann aðgang sem þarf. Forrit fyrir upplýsingaskjái var innleitt í Fjölskyldugarði og bætt við í sundlaugarnar. Samtals eru því 22 skjáir sem miðla efni. Áfram er unnið eftir greiningu á umbótaþörfum um ásýnd sundlauga og átak gert í merkingum á starfsstöðum. Umferð um frístundavefinn [www.fristund.is](http://www.fristund.is) hefur farið minnkandi og stærri félög hafa ekki séð hag sinn í að setja efni þar inn. Unnið er að umbótum í samvinnu við SFS, VEL og ÞON og nefnist verkefnið „í boði fyrir börn“ og á að innihalda framboð allrar þjónustu sem borgin veitir börnum og ungmennum.

### Frístundakortið

Bætt var inn ákvæði 28. gr. a. um inntak sameiginlegrar forsjár í Barnalög nr. 76/2003. Lögin heimila skipta búsetu barns og töku gildi 1. janúar 2022. Í kjölfar lagabreytinga þurfti að endurskoða reglur Frístundakortsins og var það gert í júní 2023. Í 2. gr. reglna Frístundakortsins er nú kveðið á um að foreldrar og forráðafólk barna eigi rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð ári fyrir hvert barn. Fyrir þessar breytingar gat einungis það foreldri eða forráðafólk ráðstafað Frístundakortinu sem hafði sama lögheimili og barnið. Mínar síður á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) voru uppfærðar í september 2023 en þær birta þó eingöngu upplýsingar til þeirra sem skráðir eru forsjáraðilar. Árið 2022 fór iðkun barna að aukast eftir að dregið hafði úr henni vegna rofs á þjónustu í Covid-19 faraldrinum. Frístundakortið var hækkað í 75.000 árið 2023 og vísbendingar benda til þess að sú aðgerð hafi orðið sú viðspyrna sem kallað var eftir til að snúa við brottfalli síðustu ára. Gert er ráð fyrir að Frístundakortið fari fram úr fjárhheimildum árið 2023 eins og það gerði fyrir Covid-19 faraldurinn.

### Menningarborgin

Undir hatti menningarborgarinnar er haldið utan um styrki, samstarfs- og rekstrarsamninga á sviði menningarmála, borgarhátíðir sem valdar eru á þriggja ára fresti, listamannadvölina í Kjarvalsstofu í París og brenn bókmenntaverðlaun auk útnefningar Borgarlistamanns Reykjavíkur ár hvert. Undir menningarborgina heyra verkefnin Tónlistarborgin Reykjavík og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og verkefnastjóri barnamenningar í 25% stöðu á móti 75% stöðu hjá SFS sem kemur m.a. að skipulagningu Barnamenningarhátíðar og vinnur að barnamenningu með söfnunum. Hlutverk menningarborgarinnar er að vera í samtali við og styðja við sjálfsprottið menningarlíf í borginni, einkum að sinna grásrotinni og tryggja frjóan jarðveg fyrir blómlegt menningarlíf um alla borg. Menningarborgin er einnig virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi en Bókmenntaborgin er aðili að UNESCO Creative Cities Network og Tónlistarborgin er aðili að Music Cities Network. Að auki tekur menningarborgin þátt í óformlegu tengslaneti höfuðborga Norðurlandanna á sviði menningarmála. Árið 2024 verður starfsemi menningarborgarinnar, áður kölluð skrifstofa menningarmála, með hefðbundnum hætti. Þegar kemur að styrkjum og samstarfssamningum sem eru stór hluti af starfsemi menningarborgarinnar er mikilvægt að geta þess að heildarupphæð sem veitt er í árlega styrki til menningarmála hefur staðið í stað frá árinu 2018 og ef sú upphæð er leiðrétt út frá verðlagsþróun ætti að koma til hækkun styrkjpottar um rúmar 45 m.kr. Æskilegt væri að leiðréttta þessa rýrnun sjóðsins í þrepum næstu árin. Einnig eru rekstrarsamningar við sjálfstæðar menningarstofnanir ekki vísitölutengdir og hafa staðið í stað um

nokkurt skeið. Leita þarf leiða til að leiðréttu þessa samninga til að koma í veg fyrir óafturkræf áhrif verðbólgu á þessar stofnanir.

## Borgarbókasafnið

Viðburðir og verkefni á Borgarbókasafninu á komandi ári verða með samfélagsmiðaðri áherslu og einnig munu grænar áherslur í viðburðum og verkefnum vera áberandi. Horft verður til þess hvað Borgarbókasafnið getur boðið upp á hvað varðar aðstöðu, búnað, kynningu og verkefnastjórnun. Farið verður í markvissa kynningu á húsnæði og aðstöðu Borgarbókasafns fyrir einstaklinga og félagasamtök sem bjóða upp á dagskrá sem fellur vel að stefnu og markmiðum Borgarbókasafnsins. Markmiðið er að hvetja samfélagið til þess að nýta þá fjölbreyttu aðstöðu sem Borgarbókasafnið hefur upp á að bjóða. Lögð verður áhersla á lestrarhvatningu og læsistengd verkefni hér eftir sem hingað til. Bókasafnið sinnir þessu með ágætum en það má vera sýnilegra. Lögð verður áhersla á innkaup á erlendum safnkosti öðrum en enskum og boðið markvisst upp á aðstöðu fyrir lestrarhvatningu svo sem sögustundir á erlendum tungumálum fyrir börn. Bókmennatengd verkefni verða í forgrunni og aukið við kynningu á nýju efni á samfélagsmiðlum. Farið verður í verkefni sem lúta að kennslu og kennsluefni í upplýsingalæsi og bjóða á kennslu í upplýsingalæsi í gegnum skólaheimsóknir á bókasafnið. Endurskoðun innkaupaferla safnkosts til að bæta yfirsýn yfir innkaup, ferla og nýtingu fjármagns verður áframhaldið. Tækifæri og áskoranir verða greind við sérstaka aðfangadeild í nýju Grófarhúsi og haldið verður áfram með hönnun þess. Til stendur að móta nýtt verklag við þjónustukannanir Borgarbókasafns til að gera mælingar markvissari og auðveldar miðlun á niðurstöðum þeirra.

## Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttu sýningarhaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkaeign Reykjavíkurborgar. Árið 2024 verða 13 myndlistarsýningar þar sem kynnt verða verk eftir um 40 starfandi listamenn. Þar á meðal sýning listamannsins Jónsa á Listahátíð í Reykjavík, verk Errós verða sýnd hérlandis og erlandis og sýning á pólskri samtímalist verður í Hafnarhúsi. Í starfseminni er inngilding höfð að leiðarljósi, bæði almennt og í sérverkefnum sem lúta að því að hópar sem síður hafa sótt safnið heim njóti aðgengis. Áfram verður boðið upp á fjölbreyttu safnkennslu og tekið á móti nemendum á öllum skólastigum. Hagræðingarkrafa mun þó leiða til fækkunar slíkra verkefna, leiðsagnar fyrir almenning og móttöku skólahópa. Niðurskurður til safnsins og almennar verðhækkanir umfram verðlagsbætur, jafnt á föstum kostnaði sem og aðkeyptri vinnu, leiða til þess að ráðstöfunarfé safnsins hefur dregist saman. Áhersla verður lögð á að nýta samfélagsmiðla til kynningar og markaðsstarfs gagnvart innlendum og erlendum gestum. Meðal annars til að tryggja Listasafn Reykjavíkur í sessi á meðal nýrra kynslóða í gegnum samfélagsmiðla, með sýningum og með miðlun. Erlendir ferðamenn skapa um 70% af tekjum safnsins sem endurspeglar þátt safnsins í að skapa gæða upplifun ferðamanna í borginni. Safnið stendur frammi fyrir áskorunum að viðhalda þjónustustigi og endurnýjun á búnaði til að geta áfram veitt eftirsóknarverða þjónustu.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

Góð aðsókn hefur verið að Borgarsögusafni og últitið bjart fyrir árið 2024. Engu að síður kallað fíjhagsáætlun ársins 2024 á verulegt aðhald í rekstri og munu allir þættir starfsins markast af því.

Viðburðum í Viðey verður fækkað milli ára úr tíu í þrjá. Dregið verður úr þáttöku á Safnanótt og Menningarnótt og leitað annars konar samstarfs. Dregið verður úr margvíslegri þjónustu, t.a.m. hætt með rekstur kaffihúss á Árbæjarsafni, dregið úr dagskrá og aðgengi í Viðey og opnunartími sýninga styttrur. Dregið verður úr beinni markaðssetningu og aðkeyptri vinnu en lögð áhersla á samfélagstengingu með nýrri vefsíðu safnsins og á samfélagsmiðlum. Hafin verður endurskoðun mörkunar Borgarsöguafns til að styðja við væntingar um aukningu gesta og sterkara samtal við nærsamfélagið, auk sérstakrar stefnumótunar fyrir Viðey með víðtæku samráði. Fræðslustarf verður áfram öflugt á öllum stöðum safnsins. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem hafa samfélagslega tengingu og inngildingu fyrir ólíka hópa. Borgarsöguafn hefur verið leiðandi á þessu sviði og má þar m.a. nefna sérstaka opnun á sýningarstöðum fyrir einstaklinga á einhverfurófi, sjónlysingar og pólsk jól. Mikil hagræðing í rekstri undangenginna ára er farin að hafa neikvæð áhrif á grunnþætti í starfsemi Borgarsöguafns og forgangsröðun því brýn. Árið 2023 var safnkosturinn fluttur í vandað varðveislurými þar sem ráðgert er á komandi árum að vinna með safnkostinn; skráning, ljósmyndun og forvarsла. Áfram verður unnið við gerð húsakannana og fornleifaskráningar í tengslum við skipulagsmál. Einnig umsagna um varðveislum og gildi ýmissa mannvirkja, varðveisla menningarminja og menningarmerkinga. Auk þess heldur áfram viðhald og viðgerð safnhúsa Árbæjarsafns til að koma í veg fyrir kostnaðarsamar viðgerðir síðar meir. Þar verður farið í úrbætur á aðgengismálum og áframhaldandi samstarf við Fjölskyldugarðinn varðandi dýrahald. Þá verður áfram unnið að endurnýjun skráningargrunnsins sarpur.is.

## Íþróttaborgin

Skrifstofa íþróttaborgarinnar heldur utan um sértaek verkefni á sviði íþróttta og tómstunda. Skrifstofan gegnir jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgir eftir stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur. Skrifstofan heldur utan um samskipti við íþróttta- og tómstundafélög, styrkjamál og rekstrarsamninga ásamt tækn- og viðhaldsmál íþróttamannvirkja í eigu borgarinnar. Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR) í mars 2020 sem gilti til ársloka 2022. Samningurinn var framlengdur um eitt ár og er unnið að nýjum samningi sem tekur gildi 1. janúar 2024. Markmið samningsins eru eftir sem áður að efla íþróttastarfið í Reykjavík með því að skapa bestu aðstæður til ástundunar. Hér er einkum verið að horfa til barna- og unglingsstarfs, afreksstarfs, almenningsíþróttta og hreyfingu eldri borgara. Samningurinn tekur til styrkja vegna æfinga og keppni félaganna í mannvirkjum borgarinnar sem og vegna launakostnaðar íþróttafulltrúa í fullu starfi. Þá tekur samningurinn til styrkja vegna niðurgreiðslu á íþróttta akstri yngstu barnanna frá Frístundaheimilum á æfingar. Skrifstofustjóri Íþróttaborgarinnar og framkvæmdastjóri ÍBR annast dagleg samskipti aðila. Íþróttafélög skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir MÍR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi árs og skila áætlun fyrir 1. október. Í áætlun skal koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. MÍR ber leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþróttta- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþróttta- og sýningahöllinni í Laugardal og íþróttahúsi í Norðlingaholti. MÍR gerir sjálfstæða samninga við hvert félag um greiðslur vegna afnota af mannvirkjum í eigu þeirra.

## Sundlaugar

Sundlaugarnar eru stór þáttur í heilsueflingu borgarbúa og styðja við heilsueflandi samfélag. Það er því mikilvægt að þjónusta og tækjakostur sundlauganna séu í samræmi við þær þarfir. Þrátt fyrir töluverðar endurbætur og viðgerðir í sundlaugum borgarinnar undanfarin ár er margt sem enn þarf að huga að. Miklar framkvæmdir standa fyrir dyrum í Sundhöll Reykjavíkur sem er elsta laugin. Með breyttum öryggiskröfum þarf að ráðast í töluverðar breytingar á því mannvirki. Forsagnarvinnu við breytingar á laugarkeri og útisvæði Laugardalslaugar er lokið og mun í kjölfarið fara fram hönnunarsamkeppni og útboð. Að því loknu verður ráðist í miklar framkvæmdir í Laugardalnum. Fara þarf í framkvæmdir á sauna klefum og skápum í búningsklefum Vesturbæjarlaugar, laga glerhjúp í innilaug Árbæjarlaugar og setja kerfisloft í búningsklefa. Brýnt er að fara í endurnýjun á tækjabúnaði í kjallara Breiðholtslaugar sem stenst ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar í dag en sú framkvæmd hefur staðið til í töluverðan tíma. Miklar breytingar hafa verið gerðar undanfarin ár í Grafarvogslaug sem hefur skilað sér í aukinni aðsókn þar. Uppsetning rennibrautar er á lokametrum í Dalslaug og vonast til að hún verði opnuð í byrjun árs 2024. Umhverfismál eru mikilvæg í öllum rekstri og einn helsti ávinningur í umhverfismálum sundlauganna er framleiðsla á klór. Fjórar sundlaugar framleiða sinn eigin klór en auk jákvæðra umhverfisáhrifa er gríðarlegur sparnaður með slíkri framleiðslu til lengri tíma litið. Öryggismál verða áfram stór þáttur í starfsemi sundlauganna, einkum það sem snýr að mannvirkjum og þjálfun starfsmanna sem þurfa að standast kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

## Útilífsborgin

Á nýju sviði MÍR verður lögð áhersla á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni. Fjölmörg sóknarfæri liggja fyrir til framtíðaruppbýggingar og eflingar á útilífi í borginni. Einnig er mikilvægt að huga að því að efla rannsóknir og greiningu tengt þessum málaflokki og er samstarf við háskólasamfélagið mikilvægt í því sambandi. Hér að neðan eru nokkrar hugmyndir að tækifærum og framtíðaruppbýggingu. Sumar þeirra eru komnar í vinnslu á meðan aðrar eru í þróunarfasa. Í Fjölskyldugarðinum er rekin skemmtigarður með opnum svæðum ásamt skemmti- og leiktækjum sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldursstig og kyn í huga. Í húsdýragarðshluta Fjölskyldugarðsins eru haldin íslensk húsdýr þ.e. dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra. Dýrabjónusta Reykjavíkur tók til starfa í garðinum árið 2021 en þá fluttust verkefni tengd gæludýrum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur yfir til garðsins. Stefnt er að enn frekari tilfærslu verkefna frá Heilbrigðiseftirliti við upphaf árs 2024 þegar meindýravarnir flytjast til Dýrabjónustunnar. Starfsemi Miðstöðvar útvistar og útináms (MÚÚ) hefur verið í stöðugri þróun hjá SFS síðan hún tók til starfa í byrjun árs 2017. Starfsemin verður nú hluti af starfsemi Útilífsborgar og eru miklir möguleikar í samlegð, þróun námskeiða og starfsemi fyrir borgarbúa. Í dag eru 3,5 stöðugildi sem þjónusta MÚÚ, Frístundagarðinn og umsjón Skíðasvæðanna í borginni. Með sameiningu Siglunes við öflugt starf MÚÚ og Fjölskyldugarðs færist starfsmaður Siglunes undir deild útilífs og verður til öflugur hópur starfsfólks með mikla þekkingu á siglingum og almennri útvist. Tækifæri munu skapast til að nýta aðstöðu Siglunes við fjölbreytt námskeiðahald allt árið um kring sem hingað til hefur eingöngu verið gert yfir

sumarmánuðina. Huga þarf að framtíðar aðstöðu fyrir starfsemi Siglunes með tilliti til þeirra tækifæra sem til staðar eru til að gera svæðið enn fjölbreyttara til afþreyingar fyrir borgarbúa. Skíðabrekkur í hverfum borgarinnar eru vinsælar og mikil sóknarfæri í væntanlegrí uppbryggingu Vetrargarðs í Seljahverfi.

### Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Frá því samningur sveitarfélaganna um uppbryggingu var uppfærður árið 2021 hefur átt sér stað mikil uppbrygging. Tvær nýjar stólyalyftur voru reistar og afhentar í janúar 2023. Sumarið 2023 hafa framkvæmdir staðið yfir við uppsetningu snjóframleiðslukerfis í Bláfjöllum. Vonast er til þess að snjóframleiðsla geti aukið fjölda opnunardaga. Gönguskíðaveturinn var þokkalega góður á Hólmsheiði og Heiðmörk framan af á meðan aðstæður voru lélegar til gönguskíðaiðkunar í Bláfjöllum þar sem snjór festi ekki í fjöllum vegna veðurs. Skálafell var snjólaust allan veturinn og þar af leiðandi voru allar lyftur lokaðar og engir gestir.

### Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólk í aldrinum 16 - 25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Viðfangsefnin felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu, fristundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Mörg verkefni Hins Hússins fara fram annars staðar en í Elliðaárdalnum, t.d. fara Jafningjafræðarar í framhaldsskólana og í Vinnuskólann til að fræða ungmenni. Músíktíraunir eru haldnar í Hörpu og Unglistin fer m.a. fram í Borgarleikhúsini. Götuleikhúsið og Listhóparnir sýna listir sínar fyrir almenning á götum úti.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)


MÍR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustubátta með aðferðafræði KFS.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess ávallt gætt að hægt sé að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt. Þar af leiðandi er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin fram undan liggja í útbreiðslu aðferðarfræðinnar á sviðinu. Stjórnendur MÍR hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð árið 2024. Á sviðinu hefur verið framkvæmt jafnréttismat og jafnréttisskumun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Raun 2022 Útksp. 2023 Áætlun 2024

Starfsmannamál			
Meðaltalsfjöldi starfsmanna pr. mánuð		770	768
Fjöldi stöðugilda		499	496
Aðsóknartölur			
Gestafjöldi á söfnum Listasafns Reykjavíkur í þús.	238	250	240
Gestafjöldi á söfnum Borgarbókasafns í þús.	484	527	593
Fjöldi útlána á söfnum Borgarbókasafns í þús.	555	515	621
Gestafjöldi í söfn Borgarsögusafns í þús.	145	207	203
Gestafjöldi samtals í sundlaugum Reykjavíkur í þúsundum	2200	2250	2300
Gestafjöldi í Bláfjöllum í þús.	69	42	62
Gestafjöldi i Skálafelli	6	0	óákveðið
Frístundakort			
Fjöldi 6-18 ára barna sem ráðstafar Frístundakorti	79%	82%	82%
Hlutfallsleg nýting á fjármagni	71%	74%	74%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakorti	228	240	250
Frístundakort ráðstafað til íþróttafélaga	64%	63%	63%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	18%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað í líkamsrækt	11%	10%	10%
Frístundakorti ráðstafað til Frístundaheimila	4%	5%	5%
Frístundakorti ráðstafað í annað félagsstarf	3%	3%	3%




# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þáttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

### Skipurit




### FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	5.383.271	4.788.001	5.484.818
<b>Tekjur samtals</b>	<b>5.383.271</b>	<b>4.788.001</b>	<b>5.484.818</b>
Laun og launatengd gjöld	47.754.110	45.434.026	49.989.993
Annar kostnaður	27.112.590	25.723.994	28.598.470
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>74.866.700</b>	<b>71.158.020</b>	<b>78.588.463</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>69.483.429</b>	<b>66.370.019</b>	<b>73.103.644</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útk.spá 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	6.115	6.145	6.218
Fjöldi stöðugilda	4.763	4.796	4.853
<b>Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:</b>			
Leikskólar	1.714	1.741	1.745
Grunnskólar	2.399	2.410	2.464
Frístundamiðstöðvar	460	454	460
Námsflokkar Reykjavíkur	4	2	0
Skólahljómsveitir	33	34	34
Miðja mál og læsis	15	13	11
Betri borg fyrir börn	66	69	69
Yfirstjórni SFS og miðlæg þjónusta	73	73	70

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundaþjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundamehilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum í öllum hverfum borgarinnar. Unnið er skv. þeim lögum og reglugerðum sem málflokkinn varðar. Allt faglegt starf í uppeldi og menntun barna og ungmenna byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030; Látum draumana rætast. Menntastefnan og aðrar stefnur sem sviðið vinnur eftir koma saman í Græna planinu, heildarstefnu Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir til þriggja ára, fyrst fyrir árin 2019-2021. Skóla- og frístundaráð samþykkti að setja af stað framtíðarhóp sem lagði grunn að nýrri aðgerðaráætlun Menntastefnu fyrir tímabilið 2022- 2024. Hópurinn tók til umfjöllunar helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar og lagði fram tillögur að almennum aðgerðum sem voru sendar til umsagnar í öll foreldra- og skólaráð borgarinnar sem og til helstu haghafa um formlega og óformlega menntun í Reykjavíkurborg.

Eftirfarandi tíu almennar aðgerðir voru valdar:

- Loftlagsmál og umhverfi
- Markviss menntun fyrir öll börn
- Menningarlegur margbreyleiki
- Læsi í víðu samhengi
- Heilbrigði og vellíðan
- Nýsköpun og framsækni í námi og leik
- Valdefling og lýðræði
- Faglegt samstarf og starfsþróun
- Hagnýting stafrænnar tækni
- Húsnaði og búnaður

Á grunni þessara aðgerða var gerð aðgerðaráætlun með skilgreindum verkþáttum sem eru kjarninn í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2022-2024. Aðgerðirnar eru tengdar beint við áherslur Menntastefnunnar og eru liður í þeiri vegferð sem innleiðing stefnunnar felur í sér til ársins 2030. Á árinu 2024 verður sett af stað vinna við endurskoðun almenndra aðgerða fyrir árin 2025-2027.

Verkefnið Betri borg fyrir börn í Reykjavík (BBB), Menntastefnan og ný Velferðarstefna Reykjavíkurborgar leggja grunn að nýrri nálgun í þjónustu við íbúa borgarinnar. Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna krafðist nýrra vinnubragða í samskiptum þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Innleiðing á BBB í alla borgarhluta er liður í breyttum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að þéttu samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs með það að markmiði að samhæfa og bæta þjónustu við notendur, börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Jafnframt er markmiðið að bæta stjórnun og auka stuðning við stjórnendur og starfseiningar skóla- og frístundasviðs í borgarhlutum með aðkomu fagstjóra leik- og grunnskóla og mannauðs- og fjármálaráðgjafa.

Eftirfarandi eru þættir í starfsemi SFS sem sviðið vill vekja sérstaka athygli á:

- Markviss menntun fyrir öll börn: Áskoranir eru tengdar því að veita börnum með íslensku sem annað tungumál og flóttabörnum þjónustu við hæfi.
- Heilbrigði og vellíðan: Áskoranir tengdar líðan barna og unglings, einelti, hatursorðsumræðu og fleiri báttu. Einnig áskoranir sem tengjast á lagi á starfsfólk og fjarvistum vegna veikinda.
- Faglegt samstarf og þróun: Áskoranir tengdar mönnun í starfsemi sviðsins og hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna.
- Átak í viðhaldi og endurnýjun húsnæðis og rekstrartruflanir vegna framkvæmda.
- Loftlagsmál því ekki hefur skapast fjárhagslegt svigrúm til að taka upp verkefni í samstarfi við Landvernd.
- Betri borg fyrir börn (BBB) – nærbjónusta og dreifstýring um alla borg. Innleiðing nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

- Traustari fjármögnun og fjármálastjórn í leik- og grunnskólum með nýjum úthlutunarlíkönnum.
- Breytingar á íbúafjölda og þjónustubörf barna.
- Vanfjármögnun frá ríkinu: Sérkennsla og stuðningur við fatlaða auk stuðnings við börn af erlendum uppruna.
- Kjarasamningar eru lausir 2024.
- Verðbólga hærri en undanfarin ár án þess að auknar fjárheimildir hafi komið til.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 5,5% þann 1. janúar 2024, en að auki voru gjaldskrár hækkaðar um 3,6% þann 1. október 2023.
- Að hagræðing verði innan SFS sem nemur 1% af launakostnaði samtals 241 m.kr. nema hjá almennum grunnskólum innan grunnskólalíkans.
- Að tölvubjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Annar rekstrarkostnaður borgarrekinna grunnskóla er verðbættur til samræmis við leikreglur nýs líkans. Að öðru leyti eru ekki reiknaðar verðbætur á almennan rekstrarkostnað nema vegna bundinna samninga en þar koma verðbætur sem eru að fjárhæð 85,1 m.kr.
- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga 4.157. m.kr. koma inn í hækkun fjárhagsramma 2024. Á árinu 2024 kemur til endurnýjunar á nær öllum kjarasamningum, væntanlegar kjarabætingar nýrra kjarasamninga eru ekki komnar inn í fjárhagsramma.

## Frístundastarf

Frístundamiðstöðvar eru fjórar og stýra þær starfsemi 39 frístundaheimila, 21 félagsmiðstöðva og þriggja sértækra félagsmiðstöðva.

### Leiðskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leiðskólar eru 71 þar af þrír sameinaðir leiðskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leiðskólar í borginni eru um 22 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir.

Gert er ráð fyrir:

- Að hækkun á húsnæðis- og rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leiðskóla verði til samræmis við hækkun til borgarrekinna leiðskóla.
- Að fjölgun verði á börnum í sjálfstætt starfandi leiðskólum vegna aukinnar aðsóknar
- Að það verði um 420 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2024

### Leiðskólalíkan

Nýtt leiðskólalíkan hefur verið í undirbúningi og er vinnsla þess langt komin. Markmið þess er að fjárheimildir hvers leiðskóla endurspegli raunkostnað við rekstur leiðskóla. En á síðustu árum hafa fjárheimildir leiðskóla ekki verið í takt við rekstrarútgjöld og því verið mikill rekstrarhalli.

### Grunnskólar

Borgarreknir grunnskólar eru 38, þar af eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar sem eru sameinaðir leiðskólum/ frístundaheimilum/tónlistarskóla. Sjálfstætt starfandi grunnskólar eru 6 auk eins sjálfstætt starfandi sérskóla sem borgin er með samning við.

Gert er ráð fyrir:

- Að fjárheimildir grunnskóla borgarinnar verði uppfærðar samkvæmt grunnskólalíkani, en í því felst m.a. að börnum í grunnskólum fjölgar um 57, nemendum með íslensku sem annað tungumál fjölgar um 345, fjölgun barna með sértækan stuðning fjölgar um 149.

- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.
- Að hækkan verði hjá sjálfstætt starfandi grunnskólum vegna breytinga á viðmiðunargjaldskrá og breytinga á fjölda nemenda.

## Grunnskólalíkanið Edda

Undirbúnингur að útfærslu á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum hófst snemma á árinu 2019 með það að markmiði að rýna eldra verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla. Einnig að útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan sem tæki mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“ auk þess að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið væri tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Reiknilíkanið tæki mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá. Þá hefur markmiðið verið að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar og ná fram líkani sem auðveldt væri að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Við útfærslu yrði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar. Rekstraráætlun grunnskóla fyrir árið 2024 er uppfærð samkvæmt forsendum líkans og tekur þeim breytingum á fjárheimildum í samræmi við niðurstöður líkans. Rekstur grunnskóla verður ekki fyrir áhrifum hagræðingarkröfu.

## Klettaskóli

Klettaskóli hefur verið í miklum rekstrarvanda síðustu ár og rekstrarhalli verið mikill þar sem þjónustuþyngd hefur aukist mikið frá því sem var áður með auknum tilkostnaði. Fjárheimildir til Klettaskóla hafa ekki verið uppfærðar í takt við aukinn kostnað og fjölgun nemenda.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Leikskólar

Áherslur í leikskólastarfi í Reykjavík er að leikskólar Reykjavíkur verði framúrskarandi menntastofnanir fyrir yngstu börnin í borginni. Að þar verði fyrirmynnar starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk sem auðveldi öllum að hámarka þroska sinn og getu í leik og starfi. Helstu breytingar sem áætlaðar eru í leikskólum Reykjavíkur eru áframhaldandi stækkanir leikskóla og fjölgun leikskóla í gegnum Brúum bilið verkefnið. Fjármagn vegna húsnæðis nýrra leikskóla og viðbygginga við eldri leikskóla kemur frá fjárhagsramma Brúum bilið stýrihópsins. Rekstrarkostnaður vegna nýrra leikskóla og nýrra leikskólaplássa er viðbót við fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir opnun fimm nýrra leikskóla og stækkan annarra tveggja. Þetta eru nýjar ævintýraborgir við Vörðuskóla, við KSÍ, við Ölduselsskóla, við Vesturbæjarlaug og í Fossvogsdal. Og stækkanir leikskólanna Stakkaborgar og Hulduheima. Við þessar breytingar eru áætlaðar um að leikskólaplássum í Reykjavík fjölgji um 650. Þar að auki eru fjölmög leikskólapláss ónýtanleg vegna framkvæmda á eldra leikskólahúsnæði. Hluti af þessum plássum koma aftur inn árið 2024 eða þegar framkvæmdum lýkur en þau eru til dæmis í Hagaborg (30 pláss), Grandaborg (50 pláss), Fífuborg (11 láss) og Árborg (10 pláss).

Markmið Brúum bilið hópsins er að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er gert með því að fjölga leikskólaplássum í Reykjavík, ýmist með nýjum leikskólum eða með því að stækka eldri leikskóla. Á árinu 2022 urðu til um 600 ný pláss í borgarreknum leikskólum í Reykjavík. Á árinu 2021 var fjöldi plássa/rekstrarleyfa í leikskólunum um 5500 en tæplega 6050 árið 2022. Á árinu 2023 bættist við ungbarnaleikskólinn við Bréfartún með 60 ný pláss og þá fór fjöldi plássa upp í u.b.b. 6100 pláss.

Með uppyggingsaráformum Brúum bilið fyrir árið 2024 má gera ráð fyrir fjölgun plássa um 650 og því verður heildarfjöldi plássa komin upp í um 6750. Taka skal fram að um þessar mundir eru um 350 leikskólapláss ónýtanleg vegna framkvæmda og má gera ráð fyrir að það verði alltaf hluti af leikskólaplássum ónýtanleg vegna þessa. Erfitt er að áætla nákvæmlega hver sú tala verður. Það sama má segja um pláss sem ekki er hægt a nýta tímabundið vegna erfiðleika við ráðningar. Um þessar mundir eru tæplega 200 pláss sem ekki eru í notkun vegna þess að það vantar starfsfólk. Þessum plássum fer svo fækkandi eftir því sem líður á skólaárið.

Ljóst er að árgangar barna í Reykjavík eru misjafnlega stórir. Árgangurinn sem er fæddur árið 2017 er minnsti árgangur sem er í leik- og grunnskólum Reykjavíkur á þessu skólaári. Aftur á móti eru árgangar barna sem eru fædd 2021 og 2022 mjög stórir. Þessi munur hefur mikil áhrif á inntöku barna í leikskólanna og fjölda barna á biðlista sem og hversu ung börn fá boð um leikskólavist. Þar að auki er erfitt að spá fyrir um fjölda barna í hverjum aldurshópi vegna fjölda barna sem flytja til Reykjavíkur á hverju ári.

Þeir mælikvarðar sem við horfum til þegar við viljum mæla árangur í leikskólamálum Reykjavíkur eru fjölmargir. Helst má þar nefna viðhorfskannanir starfsmanna og foreldra. Þessar kannanir gefa góða innsýn inn í upplifun fólks af leikskólastarfinu í Reykjavík, viðhorfi til leikskólanna, viðhorfi til leikskólastjóra og gæði fagstarfsins í leikskólum. Annar mælikvarði er hlutfall leikskólkennara og annarra fagmenntaðra starfsmanna í leikskólunum og þróun þess. Það er okkar ósk að leikskólar í Reykjavík laði að fagfólk og nýútskrifaðir leikskólkennara vilji starfa í leikskólum Reykjavíkur. Það er líka mælikvarði að heyra hvernig talað er um leikskólann í fjölmíðum og á samfélagsmiðum. Sú umræða mætti sannarlega vera jákvæðari og er það okkar verkefni að snúa þessari umræðu í jákvæðari farveg með því að betrumbæta allt leikskólakerfið eins og kostur er á komandi árum.

### Frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að börnum og unglungum í Reykjavík standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglunga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélagini. Frístundamiðstöðvar stýra starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem reka starfsemi sína á grundvelli reglna um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Þjónustan fer fram allt árið um kring og er unnin í þéttu samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Frístundamiðstöðvar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert nánari útlistun á áherslum starfsins og fylgst er grannt með líðan barna og ungmenna í þeim rannsóknum sem lagðar eru fyrir.

Þjónustutími starfseminnar er bundinn við samþykktar reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fjárhagsrammi starfsstaða í samræmi við þær.

## KYNJUD FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna allra nýrra liða þar sem sótt var eftir auknu fjármagni var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglings. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.




# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

### USK aðalsjóður

	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	-4.833.255	-4.998.574	-5.833.443
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-4.833.255</b>	<b>-4.998.574</b>	<b>-5.833.443</b>
Laun og launatengd gjöld	3.412.504	3.303.960	3.942.949
Annar kostnaður	14.488.012	11.661.553	13.222.430
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>17.900.516</b>	<b>14.965.512</b>	<b>17.165.379</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>13.067.261</b>	<b>9.966.938</b>	<b>11.331.936</b>

### USK eignasjóður


	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	-791.346	-843.709	-951.730
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	91.137	96.100	177.600
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-700.209</b>	<b>-747.609</b>	<b>-774.130</b>
Laun og launatengd gjöld	2.310.374	2.577.281	2.727.012
Annar kostnaður	6.542.059	5.932.407	6.671.624
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-4.751.092	-4.160.992	-4.594.816
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.101.341</b>	<b>4.348.696</b>	<b>4.803.820</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.401.132</b>	<b>3.601.087</b>	<b>4.029.690</b>
<b>Rekstrarniðurstaða alls</b>	<b>16.468.393</b>	<b>13.568.025</b>	<b>15.361.626</b>


## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	455	455	475
Fjöldi stöðugilda	422,6	426,6	444,1
Fjöldi sumarstarfsmanna	377	328	323
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	2968	2936	3000
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Sviðstjóri	18,8	4	4
Skrifstofa stjórnsýsla og gæða	10	14	17
Skrifstofa mannauðs	5	6	6
Skrifstofa fjármála	5	5	5
Skrifstofa þjónustu og samskipta	1	16,8	16,8
Skipulagsfulltrúi	16,5	17,5	17,5
Byggingafulltrúi	22	20	20
Samgöngur og borgarhönnun	44	43	43
Heilbrigðiseftirlit	23,7	23,7	23,7
Umhverfisgæði	83	80	97,5
Framkvæmdir og viðhald	58	55	55
Verkefnastofa	1	6	6
Rekstur borgarlands	134,6	135,6	132,6

## SKIPTING REKSTRAR 2024

**Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2024**





## HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Líkt og undanfarin ár hafa verkefni umhverfis-og skipulagssviðs verið mörg, fjölbreytt og viðamikil eins og sjá má víðast hvar í borgarlandslaginu. Áfram er unnið samkvæmt Græna planinu og öðrum stefnum borgarinnar um kolefnishlutlausa framtíð. Aðalskipulag Reykjavíkur vísar veginn enda stefna um þróun borgarinnar til ársins 2040 en grænar áherslur sem og lýðheilsa og lífsgæði eru þar í öndvegi. Hafinn er undirbúningur að gerð loftslagssamninga enda hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til þess að verða ein af kolefnishlutlausum borgum Evrópu árið 2030. Búið að er að innleiða flokkun á lífrænum úrgangi í samvinnu við Sorpu og nágrannasveitafélögin, viðhaldsverkefni í leik- og grunnskólum hafa aldrei verið fleiri né stærri en á sama tíma er verið að undirbúa byggingu nýrra skóla í nýjum hverfum. Hafin er vinna við gerð borgarhönnunarstefnu og niðurstöður úr skipulagssamkeppni sem haldin var í samstarfi við Betri Samgöngur liggja nú fyrir.

Stór verkefni í samstarfi við ríkið eru í vinnslu og undirbúningi eins og Sundabraut, Þjóðarhöll og samgöngusáttmáli og töluvert af hönnunarsamkeppnum í undirbúningi. Hönnun á endurnýjuðu Grófarhúsi er í gangi, Vörðuskóli mun ganga í endurnýjun lífdaga og hafin er umbreyting í kringum Hlemmur sem nýr hluti Laugavegar sem göngugötu lítur nú dagsins ljós. Mikil áhersla er á að meðfram þróunarásnum frá Hlemmi og meðfram Vogabyggð verði fleiri nýjar íbúðir en í hefðbundnu skólahverfi í útjaðri borgar. Mikil áhersla er á að hraða íbúðauppbyggingu en jafnframt þarf að leggja áherslu á að draga úr kolefnisspori byggingariðnaðarins og tryggja gæði til framtíðar. Mikilvægt er að huga að nýsköpun í byggingariðnaði og taka þátt í að þroa og prófa ný efni og aðferðir.

Markmiðið er ávallt falleg, græn og þétt lífsgæðaborg þar sem fólk er í fyrirrúmi.

Fjöldi þeirra sem nýtir sér virka samgöngumáta eykst stöðugt og Reykvíkingar hjóla nú allt árið. Innleiðing hjólreiðáætlunar gengur vonum framar og ánægja með göngugötur í miðborginni eykst. Reykjavík er blómleg og gróðurmikil borg og mikilvægt er að leggja áherslu á gróðursæl og vinaleg borgarrými fyrir alla nú þegar borgin þéttist og fólk fjlögur.

Starfsárið 2024 mun áfram einkennast af hraða, magni og metnaði en umhverfis-og skipulagssvið vill vera í fararbroddi með því að innleiða stefnumiðaða stjórnun, skilgreindar aðferðir verkefnastjórnunar, nýja þjónustuferla, stafræna umbreytingu og aukna teymisvinnu. Markmiðið er að auka gæði, skilvirkni og að veita betri þjónustu. Áfram er hagrætt um 1% sem er nokkur áskorun en eðlileg krafa í opinberum rekstri en ekki er útlit fyrir minni verkefnapunga á komandi starfsári. Mikilvægt er því að forgangsraða með skipulögðum hætti og hlúa vel að mannauði sviðsins sem er undirstaða allrar starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs.

Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í loftslagssáttmála sveitarfélaga (Global Covenant of Mayors for Climate and Energy og forverum þess) síðan 2011. Í þeirri þátttöku felst sú skuldbinding að skila loftslagsbókhaldi á hverju ári með tilheyrandi gagnaöflun. Mat á losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík vegna samgangna, orku, úrgangs og efnanotkunar auk fleiri þátta hafa verið metin árlega en nokkuð er síðan mat á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar hefur verið metið og gert er ráð fyrir að

það mat fari fram á árinu 2024. Til viðbótar er þörf á að láta meta hvort aðgerðir tryggja réttlát umskipti í loftslagsmálum og séu í samræmi við kynjaða fjárhagsáætlanagerð hjá Reykjavík.

Nýtt verkefni um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 krefst mjög þéttis utanumhalds og fræðslu a.m.k. næstu 2 árin. Hugmyndin er að Evrópuborgirnar 112 sem taka þátt í verkefninu verði miðstöðvar nýsköpunar og rannsókna svo aðrar borgir Evrópu geti lært af reynslunni til að verða kolefnihlutlausar árið 2050. Verkefnið felur í sér að gert sé víðtækt samkomulag, loftslagssamningur, um stefnumótandi áherslur og aðgerðir og að árangrinum sé miðlað með fræðslu og kynningum. Verkefnið felur í sér tækifæri til sóknar í styrki sem styðja við umbreytinguna í átt að kolefnishlutlausu samfélagi.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er í innleiðingu, fylgst er með loftslagsbókahaldi og haldið loftslagsmaraþon sem ýtir undir nýsköpun í glímunni við loftslagsvandann.

Settur hefur verið af stað loftlagshópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að fylgja eftir aðgerðum í loftslagsstefnu samtakanna og tekur Reykjavík þátt í þeirri vinnu.

Helstu breytingar á aðalskipulagi á komandi starfsári verða m.a Keldur, Keldnaholt, breytingar á aðalskipulagi á grundvelli skipulagssamkeppni. Unnin verður ítarleg aðalskipulagsbreyting sem verður forsenda deiliskipulagsgerðar og áfangaskiptingar uppbyggingar á svæðinu. Verkefnið snýr einnig að skipulagi Borgarlínu frá Krossamýrartorgi að Keldum og mögulegum breytingum á landnotkun innan áhrifasvæðis hennar.

Borgarlínan: 1. lota Borgarlínunnar, Ártúnshöfði – Fossvogur (rammahluti aðalskipulags). Tillaga sem hefur verið í vinnslu undanfarin misseri með Kópavogi og Borgarlínustofu/Vegagerð. Unnin samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar, gerð deiliskipulags á lykil svæðum og forhönnun Borgarlínu. Kjarnesið og opin svæði utan vaxtarmarka og heildarskipulag útvistarsvæða. Þróun byggðar og atvinnu á Kjarnesi og Grundarhverfi. Endurmat á gildandi stefnu um nýtingu og verndun lands í dreifbýli og almennt á opnum svæðum utan vaxtarmarka þéttbýlis.

Sundabraut: Mótun aðalskipulagsbreytinga samhliða vinnu við leiðaval, umhverfismat og forhönnun framkvæmda. Vinna er hafin en meginþungi hennar verður á árinu 2024. Iðnaðarsvæði á Álfnesi. Endurmat á stefnu um landnotkun vegna m.a. hugmynda um hringrásargard og vegna þarfa iðnaðar sem flyst frá Ártúnshöfða.

Að auki þarf að endurskoða kaflann Borg fyrir fólk (gæði byggðar) í aðalskipulagi í samhengi við gerð Borgarhönnunarstefnu.

## HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að rekstrarammi sviðsins hækki um 1.794 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2023. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 830 m.kr. kemur inn í rekstraramma sviðsins vegna innri leigu og af því eru 787 m.kr. vegna leigu gatna. Því til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðaráruka vegna kjarasamnings að upphæð 447 m.kr. og verðbóta á annan rekstrarkostnað

á samninga sem eru vísitölutryggðir að upphæð 387 m.kr. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna magnaukningar í viðhald fasteigna 164 m.kr. og viðhaldi gatna og opinna svæða 42,5 m.kr. en á móti er gerð hagræðingarkrafa á launakostnað 1% að upphæð 59 m.kr. og verðbóta á gjaldskrártekjur að upphæð 125 m.kr. Viðbótarfjármagni er bætt í ramma vegna launa nemenda vinnuskólans að upphæð 110 m.kr. og vegna aukins kostnaðar við hreinsun gatna og stíga 69 m.kr. Þá kemur viðbótarfjármagn vegna breyttrar sorphirðu upp á 501 m.kr. en á móti hækka tekjur sorphirðugjalda um sömu upphæð.

### Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu, stjórnsýslu og lögfræðiþjónustu, gæða og öryggismál auk útgáfu og eftirlits með leyfum og afnotum borgarlandsins. Skrifstofan skiptist í Lögfræði og stjórnsýslu, Gæði og öryggi og Afnot og eftirlit.

Lögfræði- og stjórnsýsluhluti skrifstofunnar hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Deildin sér um lögfræðiþjónustu til annarra skrifstofa og eininga innan sviðs auk samstarfs við borgarlögmenn og fyrirsvars gagnvart stjórnsýslunefndum, ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á. Deildin ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Áhersla verður áfram á skilvirkni, skýrari ferla og góða þjónustu við borgarana og afgreiðslu erinda innan tímafresta auk innleiðingar Hlöðunnar og þátttöku í vinnu við stafræna umbreytingu borgarinnar. Sérstök áhersla verður á úrbætur í opinberum innkaupum með sérstöku stöðugildi lögfræðings sem er eyrnamerk innkaupum og mun koma að yfirferð innkaupagagna auk þess að vinna að úrbótum á verklagi og auka fræðslu og skilvirkni í innkaupum af öllum stærðum og gerðum í samstarfi við innkaupaskrifstofu borgarinnar og kaupendur á sviðinu. Einnig verður sérstök áhersla á gerð innkaupaáætlana í stórum verkefnum í samstarfi við verkefnastofu USK.

Gæði og öryggi heldur utan um umhverfisstjórnunarkerfi sviðsins, gæðakerfi einstakra skrifstofa innan þess og öryggismál í starfsemi sviðsins. Gert er ráð fyrir að fara í átaska á nýju ári til að ýta áfram vinnu við innleiðingu vottaðs gæðakerfis hjá öllum skrifstofum sviðsins og að stutt verði við gerð verklags og ferla til að bæta þjónustu og auka skilvirkni. Sérstök áhersla verður áfram lögð á öryggismál, bæði innan sviðs og hjá verktökum sem vinna á vegum þess.

Afnota- og eftirlitsdeild sinnir útgáfu afnotaleyfa og eftirliti með þeim, skilmálaeftirliti fyrir byggingarfulltrúa og eftirliti með framkvæmdaleyfum sem gefin eru út af skipulagsfulltrúa auk annars tilfallandi eftirlits. Deildin bregst við ábendingum frá borgarbúum er berast um ábendingavefinn og áhersla er á skýra verkferla, upplýsingagjöf, góða þjónustu og styttingu afgreiðslutíma auk samstarfs innan sviðs til að draga úr sóun og leysa mál við uppsprettu þeirra.

### Skrifstofa mannauðsmála

Skrifstofa mannauðsmála á USK leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu til samstarfsfólks innan sviðs og eiga gott samstarf í mannauðsmálum.

Áhersluatriði 2024 eru heildaruppfærsla starfslýsinga, markmiðasetning og eftirfylgni í jafnlaunamálum, átaski fræðslumenningu innan sviðsins og innleiðingu Bradford-kvarðans í viðverustjórnun í samvinnu við stjórnendur. Ljóst er að það er áskorun að stemma stigu við vexti veikindahlutfalls sem átt hefur sér stað

síðustu misseri. Um margþætt og krefjandi verkefni er að ræða þar sem líta þarf til fyrirbyggjandi aðgerða, stjórnunar, rýna fyrirkomulag styttingar vinnuvikunnar, verklags við veikindamál, innleiðingu Bradford-kvarðans og uppfærðrar viðverustefnu og stuðnings við starfsfólk til vellíðunar og góðrar heilsu í starfi. Samhliða þessu er óhjákvæmilegt að færa fókusinn á fullnægjandi mönnun og verkefnaskipulag sem vinnur ekki gegn markmiðum umbótaverkefna varðandi álag og veikindi. Í ljósi hagræðingarkröfu á sviðið má telja víst að þetta verði áskorun í mannauðsmálum.

### Skrifstofa þjónustu og samskipta

Þjónusta og samskipti er ný skrifstofa innan USK sem var formlega stofnuð í september 2022. Lögð verður áhersla á að styðja við að USK veiti framúrskarandi þjónustu og að það endurspeglist í ímynd sviðsins. Skrifstofan sinnir verkefnum tengdum þjónustu, upplýsingum og miðlun og markaðsmálum þvert á sviðið auk verkefna Landupplýsinga.

Hlutverk samskiptateymis er að hafa fumkvæði við að koma upplýsingum um verkefni sviðsins á framfæri, svara fyrirspurnum og umfjöllun sem tengist starfseminni. Boðið er upp á stuðning við kynningu á verkefnum sviðsins og fréttatflutning. Áherslan verður áfram á upplýsingaflæði um verkefni USK til samfélagsins og þannig stutt við jákvæða ímynd sviðsins og borgarinnar. Gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa verða áfram í fyrirrúmi. Vefur borgarinnar reykjavik.is gegnir lykilhlutverki í miðlun og notkun samfélagsmiðla hefur verið aukin í þessum tilgangi. Áhersla verður á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd tengt völdu efni og stöðum í Borgarlandinu. Fréttaskrif og samskipti við fjölmíðla eru stór þáttur í upplýsingamiðlun frá sviðinu. Miðlunarteymi USK metur í samstarfi við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna og unnið verður með samskiptateymi Reykjavíkurborgar. Áfram verður unnið að því að auka gæði samráðs- og íbúafunda um verkefni sviðsins, m.a. streymisfunda. Markmið skrifstofunnar er að efla þjónustumenningu á USK í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og að það endurspeglist í þjónustuupplifun borgarbúa. Áhersla í þjónustu er miðlun þjónustustefnu borgarinnar, stuðningur við innleiðingu á stafrænni þjónustu í samstarfi við ÞON, aukið samstarf við þjónustuver Reykjavíkur, endurskoðun þjónustuferla, að innleiða þjónustuumbætur á öllum skrifstofum og innleiða þjónustumælingar. Áhersla verður á að skoða hvar tækifæri til bættrar þjónustu liggja t.d. með því að nýta upplýsingar frá starfsfólk, þjónustuveri og úr ábendingakerfi hverju sinni. Þjónustumælingar verða efldar og kynntar á fundum stjórnenda og fyrir starfsfólk. Fræðsla og þjálfun starfsfólks sem tengist innri og ytri þjónustu verður aukin. Skrifstofan mun einnig þjónusta USK með gerð auglýsinga- og kynningarrefnis, birtingar og viðburði. Unnið verður í takt við vörumerkjastefnu borgarinnar til að bæta faglega ímynd og gæta samræmis.

### Landupplýsingakerfi

Opnað verður fyrir aðgengi að mæliblöðum í Borgarvefsjánni á rafrænu AutoCAD formi. Þetta mun bæta þjónustu við viðskiptavini deildarinnar og spara tíma við afgreiðslu erinda. Skráningar landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisskipulagsvinnu munu halda áfram. Skoðaðir verða áfram möguleikar á ítarlegri notkun upplýsinga úr Fasteignaskrá, Þjóðskrá, Fyrirtækjaskrá skattsins og gögnum Heilbrigðiseftirlits. Þróun nýrra veflausna sem byggðar eru á ArcGIS hugbúnaði mun halda áfram. Þessar

lausnir gera starfsmönnum kleift að skoða, safna og uppfæra landupplýsingagögn úti í mörkinni sem skila sér jafnharðan í miðlæga gagnagrunna LUKR. Stefnt er að því að birta þríviddarlíkön af húsum í Reykjavík á vefnum. Áfram verður aukið við birtingu og greiningu upplýsinga úr LUKR í mælaborðum sem sérhugbúnaður ArcGIS býður upp á.

## Landmælingar

Sveitarfélagsmörk Reykjavíkurborgar í LUKR eru ónákvæm eða óljós á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við lögfræðinga sviðsins og nærliggjandi sveitarfélög. Lögð verður aukin áhersla á samræmingu lóðastærða í gagnagrunnum mælingadeildar, LUKR og í Fasteignaskrá með það að markmiði að útrýma að mestu misräemi sem er til staðar í dag. Aukin áhersla verður lögð á hnítsetningu eldri lóða í hnítakerfi Reykjavíkur og skoðaðir verða möguleikar á að auka afköst hnítsetningar. Mörk Faxaflóahafna eru ónákvæm á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við Faxaflóahafnir.

## Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Samkvæmt verkefnaáætlun fyrir árið 2024 var lokið við gerð hverfisskipulags fyrir two borgarhluta þ.e. Laugardal (BH4) og Kjalarнес (BH9). Lokafrágangur á hverfisskipulagi fyrir Hlíðar (BH3), Háaleiti, Bústaði (BH5) er áætlaður á fyrri hluta ársins. Á árinu 2024 hefst einnig vinna við undirbúning hverfisskipulags fyrir Grafarvog (BH8 og Grafarholt (BH10)að undangengnu samráðs- og kynningarferli.

Önnur helstu skipulagsverkefnin tengjast uppbyggingar- og húsnaðisáætlun borgarinnar og skipulagsgerð svæða meðfram Borgarlínu og „lífsgæðakjörum“ fyrir eldri borgara í samstarfi við uppbyggingaraðila. Unnið verður áfram að deiliskipulagsgerð fyrir einstaka kafla á 1. áfanga Borgarlínu.

Áfram verður unnið að skipulagsgerð í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði, Veðurstofuhæð, Hólmsheiði og á Kringlusvæðinu. Á Keldum verður unnið að undirbúningi og gerð deiliskipulags í samstarfi við Betri samgöngur á grunni fyrilliggjandi skipulagssamkeppni. Einnig verður unnið að gerð skipulags fyrir Sæbraut og Miklubraut í stokk og gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar.

Önnur skipulagsverkefni eru t.d. þróunaráætlun fyrir skipulag í og við Ármúla og Síðumúla ofl. svæði í borginni. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru í eigu ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um og áframhald verður á samstarfi við uppbyggingaraðila á völdum bensínstöðvarlóðum

Ráðgert er að fara í nokkrar samkeppnir og hugmyndaleitir á árinu. Þar ber hæst svæði í og við Borgarspítalann, í Safamýri á fyrrum íþróttasvæði Fram og á BSÍ reit. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinna við gerð hverfisskipulags. Innleiðing gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.

## Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á árinu 2024 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og

ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Á árinu 2021 hófst vinna við að taka upp gæðastjórnunarkerfi á skrifstofunni. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu 2023 líkt og stefnt var að. Sú vinna mun halda áfram og stefnt er að því að ljúka henni á árinu 2024. Áfram verður áhersla á að auka og auðvelda aðgengi íbúa og annarra að upplýsingum og gögnum um samgöngur í borginni í samvinnu við skrifstofu þjónustu og samskipta og þON. Undirbúningur verkefna fjárfestingaráætlunar sem og samgöngusáttmálans og Sundabrautar eru veigamikill hluti starfsemi skrifstofunnar. Umferðaröryggismál eru einn af megin málaflokkum skrifstofunnar sem hafa áhrif í öllum verkefnum í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023. Gert er ráð fyrir að tillaga að nýrri umferðaröryggisáætlun verði lögð fram fyrri hluta árs 2024. Í samræmi við Hjólreiðaáætlun 2021-2025 verður aukin áhersla á ýmsar „mýkri“ aðgerðir til viðbótar við lagningu hjólreiðastíga. Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að bættum umferðarljósastýringum m.a. með samstarfshópi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar sem vinnur á grundvelli niðurstöðu úttektar á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa 2020. Undirbúningur nýs kerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram með Strætó og aðgerðir til að bæta aðgengi allra að biðstöðvum strætó undirbúnar. Á árinu 2024 verða umfangsmestu verkefnin í samgönguskipulagi og undirbúningi framkvæmda tengd þróunarsvæðum í borginni og samgöngusáttmálanum. Endurhönnun göturýma, torga og göngugatna í miðborginni ásamt gerð borgarhönnunarstefnu, verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar á næsta ári ásamt leiðbeiningum um jaðarsvæði 1. lotu Borgarlínu. Einnig hönnun borgargatna í eldri hverfum utan miðborgarinnar og gerð hönnunarhandbóka fyrir stærri deiliskipulagssvæði.

## Bílastæðasjóður

Ekki tókst að ljúka uppsetningu á nýjum aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús á árinu líkt og ráðgert var. Nýtt aðgangsstýringarkerfi mun auka sveigjanleika í áskriftarleiðum og þjónustu s.s. aðgengi að bílahúsum. Gert er ráð fyrir að uppsetningu ljúki á árinu og að kerfið verði komið í fulla notkun fyrir árslok 2024. Gjaldskrá bílahúsa, samningar við langtímanotendur, áskriftarleiðir og fleira verður tekið til endurskoðunar um leið og nýtt aðgangsstýringarkerfi hefur verið innleitt. Unnið er að undirbúningi þess að uppfæra eftirlitskerfi með bifreiðastöðum þannig að það verði skilvirkara og þar með endurskipuleggja tilhögun eftirlits. Unnið verður í samræmi við samþykktar verlagsreglur um innleiðingu nýrra gjalðsvæða og um verðbreytingu gjalðsvæða á borgarlandi Reykjavíkur sem samþykktar voru 2019. Gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða getur því bæði hækkað, lækkað og gjaldskyldutími lengst eða styst eftir niðurstöðum reglubundinna talninga á nýtingu bílastæða.

## Skrifstofa byggingafulltrúa

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferla við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingafulltrúa með það að leiðarljósi að stytta þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf

til hönnuða, byggingaraðila og annarra viðskiptavina embættisins. Nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg hefur verið tekið í gagnið og lögbundin tenging gerð við mannvirkjaskrá Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vegna þessa hefur vinnulagi embættisins verið í miklum breytingum og með aðlögun verklagsreglna gæðakerfis embættisins með móttöku umsókna og yfirferð þeirra á rafrænu formi. Uppsetning á nýju kerfi hefur verið í stöðugri þróun svo móttaka, afgreiðsla og varðveisla skjala og upplýsinga verði með sem besta móti. Áfram er unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum auk þess sem skönnun sérteikninga verður fram haldið í samstarfi við þON.

### Skrifstofa Umhverfisgæða

Nýtt sorphirðukerfi var innleitt í Reykjavík á árinu 2023 - samræmd flokkun og hirða á höfuðborgarsvæðinu. Unnið verður að því á árinu 2024 að aðlaga starfsemi sorphirðu borgarinnar að breyttu kerfi og þjónustuna að þörfum íbúa. Breytingar verða gerðar á grenndargámakerfi borgarinnar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um áramótin 2023/2024 þegar nýr verktaki tekur við þjónustunni og gleri, textíl og málmum verður safnað á stöðvunum í stað pappírs og plasts.

Stefnt er að endurmótun Vinnuskóla Reykjavíkur á næsta ári þar sem horft verður á alla starfsemi skólans m.a. þáttöku, laun, verkefni nemenda, fræðslumál, aðstöðu nemenda o.fl. Einnig er stefnt að endurskoðun Grænna skrefa í starfsemi borgarinnar en Grænu skrefin eru rúmlega áratugar gömul og þarfnað endurskoðunar svo ná megi enn meiri árangri í umhverfismálum á starfstöðum borgarinnar.

Stefnt skal að fjölgun hundagerða og hundasvæða í borginni samkvæmt meirihlutasáttmála og mun deild náttúru og garða vinna að því verkefni á næsta ári ásamt Dýraþjónustunni.

Nokkrum áhersluverkefnum frá árinu 2023 er ólokið og verður þeim haldið áfram s.s. aðgerðir í Tjörninni skv. aðgerðaáætlun vatnaáætlunar, endurskipulagning ræktunarstöðvar og uppbygging innviða til orkuskipta – hverfahleðslur. Unnið hefur verið að skógræktaráætlun og verður unnið að því að koma henni í framkvæmd á næst ári.

### Skrifstofa heilbrigðiseftirlits

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er áætluð 2024 með hefðbundnu sniði í framfylgd lögboðinna verkefna. Meginstarfsemi HER fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlun, með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni mála og útgáfu starfsleyfa og annarra leyfa til samræmis við lög og reglugerðir. Rannsóknir og eftirlit vegna ábendinga og kvartana er stór liður í starfseminni auk umsagna um ýmis mál. Breyting hefur orðið á ákveðnum fyrirtækjaflokkum sem eru nú skráningaskyldir í stað leyfisskyldir og innleiðing á þeim reglum hefur aukið flækjustig eftirlits. Áætlanir fyrir árið eru gerðar í samræmi við mannafla og ljóst er að mikil forgangsröðun verkefna er nauðsynleg er það varðar. Tryggja þarf að HER geti sinnt auknum lögbundnum verkefnum og vaxandi og þyngri stjórnsýsluverkefnum, s.s. kærum og dómsmálum og að mönnun sé í samræmi við það. Mögulega þarf að endurskoða einhver verkefni sem unnin eru á landsvísu með öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og yfirstofnunum. Á árinu mun áfram verða lagður þungi í samstarf við þON og stafrænan fulltrúa USK varðandi að fá hugbúnað/eftirlitskerfi sem uppfyllir lagalegar kröfur sem gerðar eru m.a. til gagnaöflunar

og birtingu gagna. Sú vinna er nú hafin og ljóst að þegar þeirri vinnu er lokið tekur við innleiðing á nýju kerfi. Einnig verður áframhaldandi áhersla lögð á þjónustuúrbætur sem hófust 2022 m.a. í átt að einföldun ferla og áherslu á stafrænar lausnir sem lið í að gera starfsumhverfi HER skilvirkara.

### **Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mannvirkja**

Á árinu 2024 verður áhersla áfram lögð á viðhaldsáetlun leik- og grunnskóla sbr. forgangsáetlun, þar sem meginmarkmiðið er að búa notendum eignanna tryggt, öruggt og heilnæmlegt húsnæði. Samhliða þeirri vinnu verður unnið að langtíma viðhaldsáetlun fasteigna með það að sjónarmiði að viðhald eignarsafnsins komist að sem mestu leyti í reglubundið viðhald og að halda tilfallandi viðhaldi í lágmarki.

Þá er einnig unnið að viðhaldsáetlun gatna, stíga og hraðahindrana, þar sem áhersla á árinu verður lögð á viðhald stíga og viðhald/endurgerð hraðahindrana. Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður áfram lögð á gerð kostnaðaráetlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Í samræmi við áherslur „Græna plansins“ verða áfram þróaðar kröfur vegna umhverfispáttá í framkvæmdum á vegum sviðsins. Aðilum sem vinna að framkvæmdaverkefnum er gert að skila inn upplýsingum um orkunotkun, úrgangsmál o.fl. sem tengist þeim verkefnum sem unnið er við. Aukin áhersla verður á umhverfisvottun við nýbyggingar og meiriháttar endurgerð fasteigna. Í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarsvið er svo unnið að endurskoðun á svokölluðum „grænum ramma“ Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á „grænum verkefnum.“ Staðan á bæði ráðgjafa- og verktakamarkaði á árinu 2023 einkenndist öðru fremur af miklum umsvifum í mannvirkjagerð almennt. Í nokkrum tilfellum bárust engin tilboð í þau verkefni sem boðin voru út og í mörgum tilfellum voru tilboð það há að þau voru óaðgengileg. Þetta hefur m.a. leitt til frestunar á ýmsum verkefnum fjárfestingaráetlunar ársins 2023.

Á árinu 2024 verður áfram unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á lóðum við leik- og grunnskóla. Áfram verður unnið við endurgerð húsnæðis Fossvogsskóla og Hagaskóla ásamt framkvæmdum á nýum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða o.fl. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar samkvæmt áætlun. Á árinu 2023 voru lögð ný malbikslög á um 26 km af götum í Reykjavík auk hefðbundinna malbiksviðgerða. Þá var einnig unnið við malbikun á þeim skilavegum skv. sérstökum samningi Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Á árinu 2024 verður haldið áfram með aðgerðir við endurheimt votlendis og unnið verður áfram skv. áætlun um Græna netið við gróðursetningar í borgarlandinu. Einnig verður framkvæmdum við útvistarsvæði á Austurheiðum haldið áfram.

### **Skrifstofa borgarlandsins**

Undanfarið ár eða svo hefur verið unnið að breytingum á skipuriti skrifstofu borgarlandsins og mun starfsemin starfa samkvæmt nýju skipuriti árið 2024. Markmið með breytingunni var að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstrinum og afmarka betur verkefnin. Samfara þessum breytingum var nafni skrifstofunnar breytt úr skrifstofa rekstur og umhirðu borgarlandsins í skrifstofa borgarlandsins. Í

tengslum við þessar breytingar mun deild afnotaleyfa færast yfir til skrifstofu stjórnsýslu og gæða og þar verður til ný eining leyfisveitinga og eftirlits um næstu áramót (2023/2024).

Allt viðhald og rekstur gatnaly singar í borgarlandinu mun endanlega færast yfir til skrifstofunnar á árinu 2024 þegar viðhaldshlutí þessa verkefnis verður boðið út. Vetrarþjónustan mun verða framkvæmd með breyttu sniði þar sem mun meiri áhersla er lögð á húsagötur með nýjum útboðum. Boðið var út til eins árs að þessu sinni til að fá reynslu á nýtt kerfi en í framhaldinu munu möguleikar í útboðsformum verða skoðaðir til að framkvæma hagstæðustu innkaupin og bestu skilvirknina í verkefninu. Húsnæðismál austurhluta hafa verið í skoðun en með nýju skipulagi byggðar á Ártúnshöfða mun þjónustumiðstöð borgarlandsins á Stórhöfða/Svarthöfða þurfa að víkja á næstu árum. Nú þegar er hafin leit að nýrri lóð fyrir nýja þjónustumiðstöð fyrir starfsemi skrifstofunnar í austurhluta borgarinnar en verið er að skoða hentug svæði. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um lóðaval, skipulagsvinnu og hönnun nýrrar þjónustumiðstöðvar ljúki á árinu 2024. Á árinu 2024 mun fara fram útboð á nýjum millistórum flokkabílum sem hluti af nauðsynlegri endurnýjun bílaflota skrifstofunnar en einnig með orkuskipti í huga. Sem fyrr verður rík áhersla á skoðun og greiningu á aukinni skilvirkni í starfsemi skrifstofu borgarlandsins þar sem leiðarljósíð er að finna bestu lausn á hverju verkefni.

### Verkefnastofa

Verkefnastofa var formlega stofnuð á umhverfis- og skipulagssviði í maí 2022. Markmið verkefnastofu er að efla og bæta verkefnastýringu, minnka sóun og auka gæði. Unnið er í að efla teymisvinnu þvert á sviðið til að tryggja gott samráð milli skrifstofa, auka skilvirkni og þar með auka líkur á árangursríkum verkefnum. Áhersla er á góða þjónustu bæði inn á við og út á við. Verkefnastofa býður upp á þrenns konar þjónustu: verkefnastjórnun, spretti og vinnustofur auk þjálfunar og fræðslu til annarra verkefnastjóra sviðsins. Starfsfólk verkefnastofu hefur umsjón með og stýrir stórum verkefnum/verkefnastofnum þvert á skrifstofur sviðsins. Dæmi um verkefni/verkefnastofna sem unnin eru á verkefnastofu eru stór uppbyggingarsvæði s.s. Ártúnshöfði, Skerjafjörður og Gufunes sem og verkefni samgöngusáttmálans, s.s. Borgarlínan, Sæbrautar- og Miklubrautarstokkur. Þessi verkefni eru flókin, ganga þvert á ýmsar einingar borgarinnar og eru umfangsmikil. Einnig hefur verkefnastjóri verkefnastofu stýrt húsnæðisbreytingum USK í Borgartúni þar sem markmiðið er að bjóða upp á fjölbreyttari og sveigjanlegri vinnuaðstöðu, bæta enn frekar samráð og samvinnu milli starfseininga og efla liðsheild. Áfram þarf að vinna að uppbyggingu skrifstofunnar, manna laus stöðugildi og byggja upp verkferli verkefnastjórnunar. Mikilvægt er að auka áherslu á gæði og öryggi miðlægt og stefnt er á að verkefnastofa stigi í átt að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis á næstu misserum. Unnið að móturn hlutverks svokallaðs samræmingaraðila á uppbyggingarsvæðum í samvinnu við fleiri skrifstofur.

### KYNJUD FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Stefnt er á að hafa lokið innan ársins 2023 greiningu á tveimur þjónustubáttum, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins og sinnti eftirfylgni með

tillögðum aðgerðum úr eldri greiningum. Neðangreind tafla sýnir þá þjónustuþætti sem stefnt er að því að greina árið 2024.

Þjónustuþáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil	Áætluð skil
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Sviðstjóri	Janúar-máí	15. maí 2024
Rekstur hverfastöðva austur og vestur	Sviðstjóri	Sept.-nóv.	30. nóvember 2024

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
<b>Byggingarfulltrúi</b>					
Samþykktir m3	806.232	805.520	695.151	500.000	400.000
Byggðir m3 (lokið við)	918.973	579.345	634.662	700.000	600.000
Samþykktir m2	193.600	222.835	167.089	150.000	120.000
Byggðir m2 (lokið við)	241.753	145.545	103.497	150.000	100.000
Fullgerðar íbúðir	1.572	1.252	1.062	1.100	800
Hafin smiði nýrra íbúða	1.174	1.065	913	900	750
Fjöldi úttekta	1.639	1.626	1.148	1.000	1.000
Yfirferð uppdráttu	28.769	31.023	25.034	25.000	22.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	385/203	409/243	414/168	400/200	400/200
Mótttekin og afgreidd bréf vegna erinda	21.022	23.952	20.953	20.000	20.000
Fjöldi málá á afgreiðslufundum	2.935	3.550	2.957	2.200	2.000
<b>Heilbrigðiseftirlit</b>					
Útgefin starfsleyfi	487	549	496	327	410
Skráning	-	-	6	24	50
Tóbakssöluleyfi	34	40	38	36	25
Sóttvarnavottorð	-	25	33	36	30
Fjöldi eftirlitsferða	3.100	3.892	3.301	3.133	3.182
Fjöldi kvartana	1.480	1.100	868	1.010	1.000
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	7	11	3	9	7
Gæði neysluvatns (hlutfall sýna sem standast ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn)	0	0	0	0	0
Vatnsgæði strandssávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun íyfirborðsvatni)	4.4%	21.0%	0	0	0
<b>Rekstur og umhirða</b>					
Bekkir	1.263	1.291	1.337	1.337	1.350
Stampar	1.520	1.542	1.599	1.599	1.600
Sláttur - flatarmál (m2)	4.697.828	4.644.969	4.721.724	4.721.725	4.700.000
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	10.258	10.359	10.751	10.751	10.770
Hitakerfi - flatarmál (m2)	203.896	229.935	243.229	243.229	244.000
Ljósastaurar	22.819	23.411	25.239	25.239	26.222
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km)	963	966	970	969	990
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	824	832	856	855	900
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	5.716.718	5.782.046	5.831.958	5.829.895	5.850.000
Útgefin afnotaleyfi	1.318	1.215	1.235	1.500	1.400
<b>Skipulagsfulltrúi</b>					
Fjöldi málá á afgreiðslufundi	1.800	2.014	1.738	1.660	1.700
Deiliskipulag auglýst í B-deild	130	123	112	100	105
Grk. / þar afv. byggingarl.ums.	79./35	91./41	96/45	70/30	80/35

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3.606	3.643	3.643	4.000	4.500
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1.265	1.265	1.265	1.265	1.265
Fjöldi aukastöðugjálda	50.823	55.326	57.322	50.000	55.000
Fjöldi stöðubrota	9.472	15.432	21.236	20.000	22.000
Fjöldi endurupptökumála	4.665	5.072	5.649	4.500	5.000
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	3.818	4.132	4.378	3.250	3.500
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	847	940	1.269	1.250	1.500
Samgöngur					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	33	36	42	45	51
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	15	17	18	20	26
Banaslys í umferðinni	0	3	2	-	-
Umferðaróhöpp með alvarlegum meiðslum	26	47	43	-	-
Umferðaróhöpp þar sem einhver slasast	202	274	299	-	-
Börn yngri en 18 ára sem slasast í umferðaslysi	31	31	54	-	-
Fjöldi umferðarlíosa	119	119	120	119	120
Fjöldi gönguljósá	39	40	42	42	43
Nagladekkjanotkun (hlutfall í viku 4, viðkomandi ári)	44	40	42	40	38
Náttúra og garðar					
Skráði safngripir í Grasagarði	4.784	4.816	4.902	5.000	5.000
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	3.056	3.802	4.150	4.500	4.500
Heildarfjöldigesta í Grasagarði	201.511	165.418	178.302	200.000	200.000
Nemendur í Vinnuskóla	3.316	3.294	2.968	2.936	3.000
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómabakka	4.123	4.483	4.421	3.754	4.000
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómamapotta	6.253	7.116	7.028	7.001	7.500
Sorfhirða					
Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	31.519	31.490	31.309	12.000	12.000
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.681	1.713	1.776	100	100
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	144	185	248	350	400
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	2.791	3.566	4.716	6.650	7.600
Blandaður úrgangur [tonn]	17.899	17.611	17.540	15.000	11.300
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	136	132	129	110	83
Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuígildi]	15.685	16.243	16.701	20.000	20.000
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	2.596	2.489	2.428	2.700	3.100
Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi]	5.989	6.604	7.036	14.000	14.000
Plast í grænar tunnur [tonn]	455	446	505	620	670
Fjöldi brúnna tunna [tunnuígildi]	-	41	119	6.500	6.500
Lifúrgangur íbrúnar tunnur [tonn]	-	76	102	2.500	6.500
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	57	58	58
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.090	1.196	1.078	700	200
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	186	186	179	100	50
Gleriskilað á grenndarstöðvar (tonn)	216	230	245	300	330
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	6
Móttekið magn úrgangs. [tonn]	52.666	53.556	47.229	55.300	56.000
Aðalskipulag og loftslagsmál					
Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík, tonn CO <sub>2</sub> ígilda, samfélagssun, BASIC+	533.156	556.824	567.822	-	-




# VELFERÐARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Virðing – virkni – velferð

### SKIPURIT



### HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barna- og farsældarþjónusta, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetubjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, heimastuðningur, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara, stuðningsþjónusta, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á miðstöðvum í hverfum borgarinnar, á Norðurmiðstöð, Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Vesturmiðstöð. Einnig í Rafrænni miðstöð sem er fyrsti viðkomustaður borgarbúa hjá velferðarsviði, hjúkrunarheimilum, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Keðjunni sem veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra og rekur skammtímadvalir og heimili fyrir börn. Undir miðstöðvar sviðsins heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, heimili fyrir fatlað fólk, þjónustuþúðir, félagsmiðstöðvar og dagþjónusta fyrir eldri borgara. Undir þær heyrir jafnframt ráðgjöf og þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN VELFERÐARSVIÐS

	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Þjónustutekjur	2.879.100	3.079.694	3.430.980
Tekjur v. verkefna frá ríki	6.352.295	4.713.472	5.529.837
<b>Tekjur samtals</b>	<b>9.231.394</b>	<b>7.793.166</b>	<b>8.960.817</b>
Laun og launatengd gjöld	27.668.326	26.592.900	28.956.691
Annar rekstrarkostnaður	21.582.536	21.458.569	23.266.007
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>49.250.862</b>	<b>48.051.469</b>	<b>52.222.698</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>40.019.467</b>	<b>40.258.303</b>	<b>43.261.881</b>


## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsfólks	3.358	3.524	3.849
Fjöldi stöðugilda	2.357	2.291	2.359
<b>Stöðugildi eftir þjónustubáttum:</b>			
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf*	321	326	345
Búsetuúrræði	942	904	935
Félagsmiðstöðvar	40	34	35
Dagbjónusta	82	74	69
Heimastuðningur (heimabjónusta)	244	256	226
Heimahjúkrun	147	160	167
Hjúkrunarheimili	160	141	147
Rafræn miðstöð	23	25	32
Þjónustuíbúðir	100	93	123
Samningar og styrkir	5	4	4
Stuðnings- og stoðþjónusta	188	177	170
Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur	41	44	48
Ýmis úrræði og þróunarverkefni	64	53	58

\*Þ.m.t. miðstöðvar, barnavernd og Keðjan.

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir 2.359 stöðugildum en nokkrar breytingar hafa orðið frá áætlun ársins 2023. Hjá miðstöðvum borgarinnar skýrist aukning að hluta af stöðugildum málstjóra sem ekki var gert ráð fyrir áður, alls 8 stöðugildi. Einnig greiðir samningur um móttöku flóttafólks fyrir 8,5 stöðugildi hjá miðstöðvum og skrifstofu velferðarsviðs. Aukning var hjá Barnavernd um 3,5 stöðugildi og hjá skrifstofu velferðarsviðs um 2 stöðugildi vegna innleiðingar farsældarlaga en tekjur koma á móti. Íbúðakjarni var opnaður á árinu 2023 og var áætlun ekki lesin inn á launalykla fyrr en í áætlun 2024. Breyting varð á fjárheimild og rekstri heimilis fyrir börn þar sem fjármagn var flatt úr samningum vegna búsetuþjónustu og stöðugildum fjölgangi um 13. Herbergjasambýli var breytt í íbúðakjarna og fjölgangi stöðugildum um 12. Launaáætlun fyrir Skeggjagötu er aukning um 8 stöðugildi sem ekki voru í áætlun 2023. Stöðugildi voru færð frá heimabjónustu og félagsstarfi yfir til þjónustuíbúða (í Furugerði, Seljahlíð, Dalbraut og Lönguhlíð) sem skýrir breytinguna í þeim þjónustubáttum. Aukin stöðugildi hjá Rafrænni miðstöð eru til komin vegna flutnings stöðugilda frá miðstöðvum og skrifstofu velferðarsviðs.

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Ein af megináherslum sviðsins til næstu fimm ára er að framfylgja velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan var samþykkt á árinu 2021 og gildir til ársins 2030. Einkunnarorð stefnunnar er *Reykjavík – fyrir okkur öll*. Velferðarstefnan er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Áfram er unnið eftir samþykktum stefnum í einstaka málaflokkum, svo sem í málefnum fólks með miklar og flóknar stuðningsþarfir, málefnum eldra fólks og málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt er unnið eftir framkvæmdaáætlun í barnavernd.

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2024 byggir á frumvarpi ársins 2023 auk viðbóta vegna kjarasamningshækkana, verðlagshækkana á ákveðna liði og hagræðingarkröfu.

Nettó hækjun ramma 2024 frá frumvarpi 2023 er 3 ma.kr. að meðtoldum bundnum liðum. Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði eða um 224 m.kr. Gjaldskrár vegna þjónustugjalfa hækka um 9,3% og er tekjuauki áætlaður um 71 m.kr. á árinu 2024. Viðbætur vegna hækkunar kjarasamninga og endurmats starfa nema 1,9 ma.kr. Verðbætur vegna samninga við þriðja aðila nema 4,9% hækjun á vísitölu neysluverðs og 5,8% hækjun launavísitölu og hækkar fjárhéimild sviðsins um 476 m.kr. Innri leiga hækkar um 12,5% eða 210 m.kr. milli ára. Viðbætur vegna gjaldskrárbreytinga UTR eru 188 m.kr. og viðaukar sem samþykktir voru á árinu 2023 og halda áfram á árinu 2024 eru 229 m.kr. Áætlun bundinna liða, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnaðisstuðningur, hækkar um 217 m.kr. vegna fjölgunar notenda og breytinga á viðmiðum.

## MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Sem fyrr segir er velferðarstefna leiðarljós vinnu á velferðarsviði en jafnframt er unnið samkvæmt stefnum í einstaka málaflokkum. Sem stendur er verið að endurskoða stefnur í málefnum eldri borgara og málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir auk þess að unnið er að móturn virknistefnu. Áfram verður unnið að stafrænni umbreytingu á árinu 2024 til að bæta þjónustu velferðarsviðs sem og breytingu á framlínubjónustu sviðsins. Fjölmargir þjónustuþættir hafa verið færðir

frá miðstöðvum borgarinnar yfir á Rafræna miðstöð með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa, samræma verklag, einfalda og auka skilvirkni.

Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn heldur áfram og hefur stóraukið samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs skilað góðum árangri. Áfram verður unnið að verkefninu í anda nýrra laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Leiðarstefið í lögunum og Betri borg fyrir börn er snemmtækur stuðningur og öflugri þjónusta við börn á fyrsta þjónustustigi í leik- og grunnskólum. Um er að ræða viðamiklar breytingar í þjónustu og gengur vel að efla og sambætta þjónustuna.

Stýrihópur vinnur að tillögum um heildstæða stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2030 en árið 2018 var samþykkt stefna sem var í gildi til 2022. Lögð verður áhersla á að greina núverandi stöðu í þjónustu við eldra fólk, móta stefnu og setja fram aðgerðaáætlun um nauðsynlegar breytingar.

Samningur við rékið um samræmda móttöku flóttafólks rennur út um áramótin 2023 og samningur um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd rennur út í lok nóvember 2023. Í áætlun 2024 er gengið út frá því að samningarnir verði endurnýjaðir.

## BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

### Farsæld barna

Alþingi samþykkti lög um sambættingu í þágu farsældar barna á árinu 2021. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og sambætta þjónustu. Nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan tengilið sem hefur það hlutverk að veita upplýsingar og styðja við sambættingu þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliðir verða á heilsugæslustöðvum, leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir málstjórum á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem koma til sögunnar ef barn þarf nast frekari stuðnings en veittur er á fyrsta stigi. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og leiða sambættingu þjónustu. Reykjavíkurborg, eins og önnur sveitarfélög, hefur fengið vilyrði fyrir tímabundnu fjármagni til fimm ára vegna innleiðingar farsældarlaganna. Fjárhheimild sem nemur 160 m.kr. fékkst til velferðarsviðs og hefur sviðið nýtt fjármagnið til að ráða í stöður málstjóra á miðstöðvum og ráðgjafa í málefnum barna og fjölskyldna í Rafrænu miðstöðinni. Gert er ráð fyrir að sviðið fái áfram þá fjárhheimild á meðan á innleiðingu stendur.

### Betri borg fyrir börn

Innleiðingaráætlun á verkefninu Betri borg fyrir börn verður fram haldið á árinu. Markmið verkefnisins er markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, í öllum þjónustuhverfum borgarinnar. Starfsemi skóla- og frístundaþjónustu er nú staðsett á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem og á skrifstofum frístundamiðstöðvanna Tjarnarinnar, Kringlumýrar og Gufunesbæjar / Ársels, í þeim borgarhlutum sem við á. Jafnframt hafa verkefni skólaþjónustu sem var sinnt af velferðarsviði færst undir skóla- og frístundaþjónustu hvers borgarhluta fyrir sig: Kennslu- og sérkennsluráðgjöf, hegðunarráðgjöf, þjónusta talmeinafræðinga og málefni daggæslu. Samstarfssamningur hefur verið undirritaður á milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um verkefnið Betri borg fyrir börn. Í gegnum það verkefni hafa verkefnastjórnir velferðarsviðs og skóla- og

frístundasviðs það hlutverk að innleiða löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

### Þjónusta við börn og ungmenni

Keðjan hefur verið starfsrækt frá árinu 2020. Keðjan veitir stuðningsþjónustu fyrir börn og unglings og fjölskyldur þeirra. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir þjónustu notenda með áherslu á „heildstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smiðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum. Breyting var gerð á haustmánuðum 2022 og rekur Keðjan nú allar skammtímadvalir sviðsins sem og tvö heimili fyrir fötluð börn. Með þeirri breytingu er markmiðið að hægt verði á árinu 2024 að þróa þjónustuna enn frekar, ná yfirsýn og samræmingu. Markmið Keðjunnar er að vinna áfram að því að auka sérþekkingu í þjónustu við tiltekinn hóp barna, t.d. börn af erlendum uppruna, börn flóttafólks og fötluð börn. Uppeldisstuðningi við viðkvæmar barnafjölskyldur verður áfram haldið og leitað verður eftir áframhaldandi samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um Tinnu-verkefnið (uppeldisstuðningur við foreldra sem hafa þegið fjárhagsaðstoð til langt tíma). Stuðnings- og búsetuúrræðið Ellan, fyrir einhleypa foreldra með langvarandi félagsvanda og börnin þeirra, verður fest í sessi og er því ekki lengur tilraunaverkefni.

### Barnavernd Reykjavíkur

Talsverðar breytingar voru gerðar á fjárheimildum Barnaverndar Reykjavíkur á árinu 2023. Fjárheimildir vegna vistgreiðslna og vegna vistunar barna og ungmenna á grundvelli barnaverndarlaga eru kostnaðarsamar og standa vonir til að tillögur stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda nái fram að ganga. Innleiðing farsældarlaga er í fullum gangi hjá Barnavernd þar sem meginmarkmið er að ná sem fyrst utan um vanda barns og veita því og fjölskyldu þess aðstoð. Mikið er lagt upp úr samvinnu milli fagaðila og þeirra sem vinna með barninu og fjölskyldu. Einnig er verið að vinna að því að fá fleiri fósturforeldra og stuðningsfjölskyldur til samstarfs við Barnavernd og lokur má nefna umbótastarf á Mánabergi. Unnið verður að nýrri framkvæmdaáætlun Barnaverndar Reykjavíkurborgar sem mun taka gildi 2024. Eftir fyrstu sex mánuði ársins 2023 hefur tilkynningum fjölgað um 10% borið saman við sama tímabil 2022. Nokkur þungi hefur þó færst í nokkra málaflokka svo sem vegna fylgdarlausra barna og fjölskyldna á flóttu.

## FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG VIRKNI

### Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar byggir á sögulegum gögnum síðustu þriggja ára og út frá þeim er gerð spá fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir um 1.400 einstaklingum að meðaltali á mánuði og að flóttamenn verði áfram um 30–40% notenda.

### Virknihús

Virknihús hefur nú verið starfandi frá miðju ári 2021. Starfsemin heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins eins og Grettistak, Tinnu, Bataskólan og starf með stuðningi (IPS – Individual Placement

Support). Virknihús heldur einnig utan um áfangaheimili fyrir konur og karla sem lokið hafa áfengis- og vímuefnameðferð. Atvinnu- og virknimiðlun, sem er tveggja ára tilraunaverkefni (til-loka apríl 2024), er jafnframt starfrækt í Virknihúsi. Áfram verður ráðningum fjöldað tímabundið hjá Reykjavíkurborg og einstaklingum veittur kostur á vinnu eða virkni. Markmið úrræða Virknihúss er almennt að stuðla að valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar meðal þeirra sem hafa þurft að reiða sig á fjárhagsaðstoð til langs tíma sem og að koma virkni- og vinnuaðgerðum í framkvæmd eftir því hvernig staða á vinnumarkaði þróast. Mikill árangur er af starfi atvinnu- og virknimiðlunar. Eftir fyrra starfsár verkefnisins voru 53% þeirra einstaklinga sem fengu þjónustu ekki lengur á fjárhagsaðstoð. Auk fjárhagslegs ávinnings við að aðstoða einstaklinga við að komast út á vinnumarkaðinn er ávinningurinn aukin trú einstaklinga á eigin getu og valdefling, m.a. að þeir hafi hlutverki að gegna og séu að skila til og taka þátt í samfélaginu.

### Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir

Mikil uppbygging hefur orðið í málauflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og nauðsynlegt er að áframhald verði á henni. Í byrjun árs 2024 er áætlað að 20 smáhús verði komin í notkun. Enn fremur er ráðgert að tímabundið húsnæði á Skeggjagötu, sem ætlað er þeim einstaklingum sem dvalið hafa í lengri tíma í neyðarskýlum, verði tekið í notkun. Unnið er að endurskoðun aðgerða sem fylgja stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir þar sem þrepaskipt þjónusta verður sett fram.

### ALPJÓÐATEYMI

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks er í gildi til 31. desember 2023 og unnið er að endurnýjun samnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Samningurinn kveður á um 1.500 notendur að hámarki í þjónustu. Í apríl 2023 samþykkti velferðarráð nýtt skipurit alþjóðateymisins. Tilgangurinn með breytingunum var að tryggja samræmi í þjónustuveitingu á milli miðstöðva borgarinnar og tryggja samvinnu milli sviða og stofnana. Nýtt skipulag styður hugmyndafræði borgarinnar um hverfaskipulag og ráðgjafar samræmdrar móttöku verða staðsettir á miðstöðvum þar sem flóttafólk leitar eftir þjónustu. Samningur um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd rennur út 30. nóvember 2023 og er einnig unnið að endurnýjun á þeim samningi. Núverandi samningur kveður á um þjónustu við allt að 300 umsækjendur á hverjum tíma. Undirbúningur vegna samningagerðar og samningsmarkmiða hófst haustið 2023 og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríki til þess að hægt sé að standa undir þeirri þjónustu sem samningarnir kveða á um. Sér í lagi á þetta við um samninginn um samræmdu móttökuna þar sem fjármagn skortir vegna leik- og grunnskóla og aukinnar þjónustu við flóttafólk.

### ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Á árinu 2024 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglist í öllu starfi. Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 er að renna sitt skeið og stefnt að því að hefja vinnu við nýja stefnu á árinu 2024. Stoð- og stuðningsþjónusta fyrir fullorðið fatlað fólk er í þróun en slík þjónusta er mikilvæg til að koma í veg fyrir þörf á sértækari þjónustu fyrir þá sem geta búið sjálfstætt með áreiðanlegri og öruggri stoð- og stuðningsþjónustu. Gert er ráð fyrir að endurskoðun á vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu verði lokið á árinu 2024 en sviðið rekur í dag fjóra vinnustaði fyrir fatlað fólk þar sem unnið er að því að

auka fjölbreytni úrræða og skapa tengingar við atvinnulífið. Enn hefur engin fjárheimild fengist vegna útskriftarnema úr framhaldsskólum á árinu 2024. Núverandi húsakostur vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu rúmar ekki lengur starfsemina og unnið er að úrlausn hvað það varðar.

Samningar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hjá Reykjavíkurborg eru nú 27 talsins. Innleiðingartímabil NPA var framlengt til loka árs 2024 með lögum nr. 125/2022 og er þá áætlað að NPA-samningar á landinu öllu verði orðnir 172 talsins. Sveitarfélögum er lögum samkvæmt skyld að vinna að innleiðingu þjónustunnar á innleiðingartímabilinu. Ríkið hefur á þessu ári boðið mótfamlag fyrir þó nokkurn fjölda nýrra samninga og er kostnaðarskipting milli þessara aðila alveg skýr – ríkið greiðir 25% mótfamlag með hverjum samningi. Það er ljóst að Reykjavík þarf að fjölga samningum umtalsvert á árunum 2023 og 2024 en 44 einstaklingar eiga samþykktar umsóknir um NPA og eru á biðlista hjá Reykjavíkurborg.

Á árinu 2022 var samþykkt endurskoðuð uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks til viðbótar við gildandi áætlun frá 2018. Um er að ræða áframhaldandi uppbyggingarátask og áætlunin gerir ráð fyrir 20 nýjum íbúðakjörnum á næstu árum með allt að 120 íbúðum auk þess sem gert er ráð fyrir að keyptar verði íbúðir fyrir allt að 48 manns sem fá stuðning frá færانlegu teymi. Áhyggjuefni er að uppbyggingaráætlunin er ekki fjármögnuð. Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram í öndvegi á árinu 2024.

## HÚSNÆÐISMÁL

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja framboð af félagslegu leiguþúsnaði og áherslur um fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Hlutfall leiguþúsnaðis á vegum Félagsbústaða er um 5% af íbúðarhúsnæði í borginni. Áætlun Félagsbústaða fyrir árin 2024–2028 gerir ráð fyrir fjölgun um 75 íbúðir á ári. Áfram verður unnið að uppbyggingu í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.

## Sérstakur húsnæðisstuduðningur

Á árinu 2023 var reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuduðning breytt og tekjumörk hækkuð um 7,4% í mars og svo aftur um 2,5% í júlí. Lágmarks húsnæðiskostnaður var hækkaður úr 40.000 kr. í 50.000 kr. á mánuði og hámark samanlagðra bóta hækkað úr 90.000 kr. í 100.000 kr. á mánuði.

Fjárhagsáætlun sérstaks húsnæðisstuduðnings fyrir árið 2024 byggir á sögulegum gögnum síðustu ára og kostnaðarmati breytinga reglna á árinu 2023, auk 4,9% hækkunar tekjumarka samkvæmt verðlagsforsendum við fjárhagsáætlunargerð. Gert er ráð fyrir 1,9% fólksfjölgun og að félagslegum íbúðum í Reykjavík fjölgji um 75.

## ÞJÓNUSTA VIÐ ELDRA FÓLK

Á velferðarsviði hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á samþættingu heimastuðnings og heimahjúkrunar í Heimaþjónustu Reykjavíkur og er sú samþætting að stórum hluta fyrirmynnd verkefnisins „Gott að eldast” sem nú er unnið að í samvinnu nokkurra ráðuneyta á

landsvísu. Heimaþjónustan er umfangsmikil og sinnir félags- og hjúkrunarþörfum þúsunda Reykvíkinga á degi hverjum. Velferðarsvið leggur mikla áherslu á innleiðingu nýjunga, s.s. með velferðartækni, fíkniráðgjöf og endurhæfingu í heimahúsi svo eitthvað sé nefnt. Unnið verður áfram að þessum verkefnum auk þess sem áhersla verður á frekari innleiðingu skjáheimsókna og lyfjaskammtara á árinu 2024 ásamt nýrri tækni fyrir eldra fólk í samvinnu við Velferðartækniðjuna. Þrjú endurhæfingarteymi eru starfrækt með góðum árangri í hverfum borgarinnar. Teymin eru annars vegar fjármögnuð af Reykjavíkurborg sem stendur undir 50% af kostnaði og hins vegar með samningi við Sjúkratryggingar Íslands sem greiða 50% af kostnaði. Segja má að SELMA, sem er sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi, sé nú orðin bakhjarl nýsköpunar og klínískt sértækra verkefna á vegum Reykjavíkurborgar. Teymið hefur sannað gildi sitt en því er meðal annars ætlað að draga úr komum hrumer aldraðra á bráðamóttöku Landspítalans og var því stækkað til að stuðla enn frekar að því verkefni. Nýleg viðbót er þjónusta næringarfræðings sem styður verulega við almenna þjónustu SELMU og heimahjúkrunar. Þá hefur verið gerður samningur um þjónustu sérstaks SELMU-teymis við heimilislaus einstaklinga. Öll þjónustu SELMU er fjármögnuð með samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Nýjar reglur um stuðningsþjónustu tóku gildi þann 1. febrúar 2022 og leystu af hólmi eldri reglur um félagslega heimaþjónustu. Samhliða þeim breytingum var sett á laggirnar tveggja ára þróunarverkefni sem snýst um að veita stuðning til 30 einstaklinga með heilabilun, þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Í lok árs verður verkefnið endurmetið og í ljósi reynslunnar verða teknar ákvarðanir um áframhaldandi þróun á þjónustunni.

Á árinu 2023 fór fram útboð á heimaþjónustu og búsetukerfi fyrir velferðarsvið sem lengi hefur verið beðið eftir. Málið er á lokametrum ákvarðanatöku.

Á árinu 2023 hefur í stýrihópi verið unnið að tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026, til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu þess. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf. Ráðist hefur verið í endurskoðun á matarþjónustu velferðarsviðs í takt við matarstefnu Reykjavíkurborgar og liður í því er útboð á heimsendum mat með gildistíma til 6 ára. Um þessar mundir er verið að klára vinnu vegna útboðs á eldhúsumsjónarkerfi í samfloti við skóla- og frístundasvið. Kerfið mun halda utan um allt hráefni (innihald og næringargildi), uppskriftir, matseðla, notendur, birgja, pantanir, innkaup, framleiðslu og afhendingu á mat og máltíðum, ásamt annarri starfsemi í eldhúsini. Eldhúsumsjónakerfið mun leysa af hólmi eldra kerfi sem hefur verið í notkun hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar um árabil en með tilkomu þess mun tryggt að umgjörðin í kringum þjónustuna verði í samræmi við nútímakröfur á þessu sviði.

## RAFRÆN MIÐSTÖÐ

Hlutverk Rafrænnar miðstöðvar er tvíbætt. Í fyrsta lagi að veita framúrskarandi þjónustu til íbúa sem leitast eftir velferðarþjónustu borgarinnar. Í öðru lagi að vinna að umbótum og innleiða nýjar stafrænar lausnir og velferðartækni. Á árinu 2023 hefur Rafræn miðstöð unnið með miðstöðvum í hverfunum að því að bæta framlínuþjónustu við íbúa sem sækja sér velferðarþjónustu borgarinnar. Einn liður í þeirri vegferð er tilfærsla símsvörunar og svörunar tölvupósta frá miðstöðvunum til Rafrænnar miðstöðvar.

Annar liður er styrking fyrstu ráðgjafar við íbúa í þörf fyrir ráðgjöf, m.a. í málauflokki fatlaðs fólks, eldra fólks, barna og fjölskyldna. Tilfærslan er komin vel á veg og verður lokið um áramótin 2023–2024. Á árinu 2024 verður unnið að enn frekari umbótum í framlínuþjónustu velferðarsviðs í samvinnu við þjónustuver borgarinnar með einföldun, samræmingu, skilvirkni og gæði að leiðarljósi. Rafræn miðstöð rekur einnig skjáver þar sem veitt er heimahjúkrun og heimastuðningur í formi skjáheimsókna. Á árinu 2023 hóf miðstöðin einnig vöktun lyfjaskammtara og jók þjónustu sína með veitingu heimastuðnings um kvöld og helgar með góðum árangri. Árið 2024 mun einkennast af áframhaldandi þróun á fjarheilbrigðis- og velferðarþjónustu í samvinnu við aðrar miðstöðvar, t.d. með innleiðingu á fjarhjartabilunareftirliti, eftirfylgd fjarsjúkraþjálfunar og annarri fjarþjónustu sem ætlað er að auka öryggi og ánægju íbúa og skilvirkni.

### Umbætur, stafrænar lausnir og velferðartækni

Umbótateymi velferðarsviðs starfar hjá Rafrænni miðstöð. Teymið hefur unnið ýmis verkefni á árinu 2023 sem snúa m.a. að innleiðingu stafrænna lausna og einfaldaðra ferla. Teymið vinnur í sprettavinnu að umbótum í þjónustu velferðarsviðs þar sem litið er sérstaklega til þarfa íbúa og starfsfólks, einföldunar og skilvirkni. Rafræn miðstöð vinnur jafnframt náið með Þjónustu- og nýsköpunarsviði að greiningu á þörfum fyrir nýjar stafrænar lausnir og að innleiðingu þeirra. Stærsta verkefnið árið 2024 verður áframhaldandi vinna við endurnýjun grunnkerfa.

Velferðartækniðja er einnig hluti af Rafrænni miðstöð en hlutverk hennar er að prófa og innleiða velferðartæknilausnir í þjónustu sviðsins í samvinnu við aðrar starfstöðvar. Helstu verkefni ársins 2023 hafa verið innleiðing lyfjaskammtara, fjareftirlit hjartabilunareinkenna, fjarsjúkraþjálfun og vinna við innleiðingu skjáheimsókna í húsnæði fyrir fatlað fólk og stoð- og stuðningsþjónustu. Á árinu 2024 er stefnt að nánari greiningu á þörfum fyrir velferðartækni í þjónustu borgarinnar og þróun á nýjum velferðartæknilausnum.

## MANNAUÐUR

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks sem ýtir undir góða þjónustu við borgarbúa. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Mannauðsráðgjafar eru staðsettir á öllum miðstöðvum Reykjavíkurborgar ásamt því að vera í heimastuðningi á tveimur stöðum. Það hefur reynst mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa. Áfram verður stuðningur við stjórnendur efldur á árinu sem stuðlar að öruggari stjórnendum og betri stjórnun á hverjum starfsstað. Að auki verða verkferlar í mannauðsmálum gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum í hverju hverfi. Nýtt ráðningar- og umsóknakerfi ásamt stafrænu fræðslukerfi mun áfram gagnast stjórnendum og starfsfólk sviðsins. Öllu starfsfólk velferðarsviðs stendur til boða fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar. Með það að markmiði er lögð áhersla á framsækna fræðsluáætlun sem stjórnendur taka þátt í að móta, með óskir starfsfólks og þarfir vinnustaðarins að leiðarljósi. Á árinu 2024 verður lögð sértök áhersla á innleiðingu Torgsins, stafræns fræðslukerfis borgarinnar þar sem öll eiga að geta sótt sér fræðslu hvenær sem er og hvar sem er. Með tilkomu kerfisins er aðgengi að fræðslu og eftirfylgni í fræðslumálum aukið. Áfram verður lögð áhersla á nýliðafræðslu og til að mynda verður gerð ýtarleg kortlagning á fræðslubörfum starfsfólks í

heimastuðningi og umönnun. Í samræmi við velferðarstefnuna verður ráðgjöfum og sérfræðingum á sviðinu boðið upp á að sækja sér þekkingu og auka við reynslu sína í áhugahvetjandi samtölum sem mun efla þjónustu og viðhorf til notenda sviðsins. Sviðið hefur fengið Erasmus+ styrk sem nýtast mun í nám og þjálfun starfsfólks á árinu 2024 og verður þekking á þjónandi leiðsögn og heiðurstengdu ofbeldi styrkt til muna. Sótt verður í sjóði stéttarfélaga til að standa undir kostnaði við fræðsluáætlun sviðsins.

Unnið hefur verið að þróun viðverustefnu og ferlum viðverustjórnunar og gert er ráð fyrir að allir stjórnendur á velferðarsviði komi til með að innleiða þau í sín daglegu störf. Innleiðingen er áætluð á allra næstu mánuðum. Stjórnendur munu fá fræðslu um geðheilbrigði á vinnustöðum og helstu atriði í stjórnun sem líkleg eru til að draga úr veikindum og efla geðheilsu starfsfólks og um ábyrgð stjórnenda og starfsfólksins sjálfs í að hlúa að geðheilbrigði á vinnustaðnum. Fjallað verður sérstaklega um þær áskoranir sem felast í fjarvistum vegna skammtíma- og langtímoveikinda og mikilvægi þess að sinna viðverustjórnun með áhrifaríkum og gagnreymendum aðferðum. Allir stjórnendur munu fá markvissa þjálfun í viðverustjórnun ásamt því að læra á Bradford-kvarðann og hvernig hann nýtist í viðverustjórnun. Mannauðspjónustan mun veita markvissan stuðning til stjórnenda og sérstaklega til þeirra þar sem fjarvistir vegna veikinda eru miklar, með það að markmiði að draga úr veikindum og minnka veikindahlutfallið. Heilsustefna fyrir Reykjavíkurborg hefur verið samþykkt og mun hún verða kynnt öllum stjórnendum og starfsfólki á sviðinu. Lögð verður áhersla á að stjórnendur vinni eftir heilsustefnunni og innleiði hana á sínum starfsstöðum. Tilgangurinn er að gera vinnustaðinn enn betri og auka aðráttarafl borgarinnar fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk, eins og segir í mannaúðsstefnunni. Ávinningur heilsustefnu er gagnkvæmur. Vinnustaðurinn nýtur góðs af betri heilsu starfsfólks, aukinni viðveru og minni starfsmannaveltu. Einstaklingurinn nýtur sömuleiðis góðs af með betri heilsu, auknum lífsgæðum og starfsánægju.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði fjögurra manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Í kjölfarið skipaði starfshópurinn two vinnuhópa, annan til greiningar á þjónustu við flóttafólk og hinn til greiningar á biðlista eftir félagslegu húsnæði og úthlutunum í félagslegt húsnæði. Tilgangurinn er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustunnar og / eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Áætlað er að vinnuhóparnir ljúki greiningum á árinu 2024. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur til velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustubátta.


# ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR 2024

Stefnumarkandi áherslur	Forgangsáherslur	Aðgerðir
<b>1</b> <b>Engin tvö eru eins</b>	1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Endurskoða verlagsreglur
	1.3 Mæta fólk í af erlendum uppruna	Sérhæft teymi um málfrni fólkis af erlendum uppruna Upplýsingar aðgengilegar á fleiri tungumálum Endurskoða hæfniskröfur vegna starfa
<b>2</b> <b>Nálægð og aðgengileiki</b>	2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni	Rafræn þjónustumiðstöð
	2.2 Efla notkun stafrænna lausna	Allar umsóknir rafraðar Endurskoða og rafvæða alla þjónustuferla Setja upp gagnvirkar „Mínar síður“ Endurnýja grunnkerfi og tryggja samþættingu
	2.3 Nota vandað, skýrt og auðskilið mál	Yfirfara öll stöðluð bréf Yfirfara efni með áherslu á skýrt málfar
<b>3</b> <b>Þjónustulipurð og skilvirkni</b>	3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs	Rafræn þjónustumiðstöð Þjónustusvæði verði fíjogur Betri borg fyrir börn yfirfært á önnur svæði Skipurit þjónustumiðstöðova samræmd Sérhæfð teymi sett á laggimar Hlutverk fagskrifstofa og stöðþjónustueininga eftir
	3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni	Skilgreina þjónustubætti sem mældir verða reglubundið Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjólfar þjónustuveitingar Gagnvirkar „Mínar síður“
	3.3 Meta þarfir ólíka samfélagshópa	Skilgreina ólíka samfélagshópa Árleg aðgengiskönnun
	3.4 Skilgreina heildarþjónustu	Kortlagning samstarfsaðila Verkferlar um samvinnu velferðarsviðs og helstu samstarfsaðila
	3.5 Samræma þjónustustig	Meta samræmi í þjónustuveitingu
<b>4</b> <b>Virðing og umhyggja</b>	4.1 Auka áherslu á valdeflingu	Auka valkostu innan virkni- og endurhæfingarúrræða Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virkniðlun
	4.2 Efla traust	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	4.3 Vinna gegn fordóumum	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
<b>5</b> <b>Frumkvæði og forvarnir</b>	5.1 Efla forvarnir	Lágþróskuldaþjónusta við börn og fjólskyldur Endurnýja stefnu í forvarnamálum
	5.2 Auka frumkvæði	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk Endurskoða verklag svo að starfsfólk fái rýmra umboð til athafna
	5.3 Efla gagnadrifna ákvárdanatökum	Greiningar á samfélagshópum Spár um þróun samfélagshópa og langtíma kostnaðaráætlunar Mælaborð með rauntíma tölfraði um þjónustu og ánægju
<b>6</b> <b>Samtal og samráð</b>	6.1 Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila	Kortlagning hagsmunahópa og verkferill samráðs
	6.2 Styrkja miðlun upplýsinga	Ritsjörn og ritstjóri Nýr vefur Fjölbreyttar leiðir til upplýsingamiðlunar Verlagsreglur um samskipti við fjalmiðla
	6.3 Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt	Vöktun og miðlun á straumum og stefnum Umraðuveltvangur fyrir starfsfólk, hagsmunaaðila og háskólasamfélag
	6.4 Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum	Hagsmunaaðilar geti komið athugasemduð um framferi með rafrænum hætti Greiningar á samfélagshópum Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjólfar þjónustuveitingar Mælaborð með rauntíma tölfraði um þjónustu og ánægju
<b>7</b> <b>Fagmennska og framsýni</b>	7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi	Verkefnastjórnunartólf fyrir stjórmendur og starfsfólk Innleiða „starfatorg“ vegna starfsþróumar
	7.2 Styðja við þekkingardrifna vinnustaðamenningu	Fræðsluáætlun sem endurspeglar óskir starfsfólkis og þarfir vinnustaða.
	7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólk	Endurskoða ráðningarferli, starfsaughýsingar og hæfniskröfur Kortleggja aðgengi allra starfseiningu Starfsfólk geti sótt íslenskukennslu Ráðningar starfsfólk með tungumálakunnáttu sem nýlist í starfi Ráðningar fólk af erlendum uppruna í ábyrgðarstöður
	7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun	Workplace and Workplace Knowledge Library Verk- og þjónustuferlar í gæðahandbók uppfærðir

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
<b>Fjárhagsaðstoð</b>				
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	2.621.520	2.786.184	3.510.223	3.589.471
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	1.755.507	1.546.321	2.368.681	2.310.999
Framfærsla vegna náms	171.704	141.769	202.006	162.865
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	694.309	1.098.094	939.536	1.115.606
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	3.521	4.558	4.877	4.645
<b>Sérstakur húsnaðisstuðningur</b>				
Heildarupphæð	596.501	638.594	696.323	738.131
Hlutur Reykjavíkurborgar	596.501	638.594	696.323	738.131
Fjöldi heimila	2.338	2.351	2.375	2.398
<b>Félagslegt leiguþúsnaði</b>				
Fjöldi úthlutana	168	134	164	164
Fjöldi á biðlista í árslok	531	797	739	739
Sérstakur húsnaðisstuðningur vegna íbúða Félagsbústaða – upphæð	679.836	771.210	842.525	938.863
Hlutur Reykjavíkurborgar	679.836	771.210	842.525	938.863
<b>Þjónustuþúðir</b>				
Fjöldi úthlutana	49	66	70	70
Fjöldi á biðlista í árslok	138	120	91	91
Fjöldi íbúða	365	385	390	390
<b>Hjúkrunarrými</b>				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82
Heildarkostnaður – Droplaugarstaðir	1.621.749	1.898.033	1.630.831	1.914.038
Meðalkostnaður á notað rými á dag	54	63	54	64
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	40	40	38	44
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20
Heildarkostnaður – Seljahlíð hjúkrunardeild	436.111	469.529	436.073	457.072
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	60	64	60	63
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	37	40	39	46
<b>Heimastuðningur</b>				
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld)	2.728.139	2.752.386	2.963.646	2.713.580
Þar af heildarkostnaður kvöld- og helgarþjónusta	491.478	509.167	494.979	0
Heimastuðningur – fjöldi heimila	3.615	3.570	3.676	3.715
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.811.493	2.400.912	2.438.171	2.569.218
Heimahjúkrun – fjöldi notenda	2.834	2.905	2.853	2.903
<b>Stuðningsþjónusta</b>				
Heildarkostnaður	789.468	951.201	858.811	786.450
Fjöldi notenda	1.008	952	984	1.003
<b>Þjónusta við fatlað fólk</b>				
Stoðþjónusta – heildarkostnaður	218.941	218.686	256.719	408.826
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – heildarkostnaður	208.774	217.996	168.333	168.333
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – fjöldi barna	193	195	200	203
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – heildarkostnaður	1.100.075	1.347.741	1.332.605	1.487.427

Dagþjónusta – heildarkostnaður	497.973	526.994	546.763	534.549
Búsetuúrræði – heildarkostnaður	9.768.581	11.344.447	12.123.020	12.361.336
<b>Matarþjónusta</b>				
Fjöldi notenda með heimsendan mat	1.266	1.018	1.018	1.018
Fjöldi heimsendra máltíða	142.417	141.571	143.594	143.594
<b>Þjónusta við börn</b>				
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.954	4.953	5.171	5.171
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	409.557	417.239	427.197	472.021
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	163	153	158	158
Heildarkostnaður við tímab. fóturs og fóturs skv. 84 gr. bvl.	187.899	250.288	252.928	225.975
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	107	91	99	99
Heildarkostnaður – stuðningsfjölskyldur	157.328	158.796	84.949	84.949
Fjöldi barna – stuðningsfjölskyldur	237	229	246	249




# ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Við veitum fyrsta flokks bjónustu sem er í stöðugri þróun. Við leiðum stafræna vegferð borgarinnar með nýsköpun og eflingu sjálfvirkar stjórnsýslu. Við erum boðberar frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækins hugsunaháttar.

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	1.752.260	1.801.863	2.313.111
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.752.260</b>	<b>1.801.863</b>	<b>2.313.111</b>
Laun og launatengd gjöld	1.092.111	1.237.528	1.411.193
Annar kostnaður	3.711.926	4.290.205	4.956.637
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.804.037</b>	<b>5.527.733</b>	<b>6.367.829</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.051.777</b>	<b>3.725.870</b>	<b>4.054.719</b>


## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	101	103	102
Fjöldi stöðugilda	88	89	90
Fjöldi starfsmanna vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla*	85	85	86
Fjöldi starfa v. Bloomberg**	4	4	4
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Skrifstofa sviðsstjóra	6	6	7
Skrifstofa gagnaþjónustu	3	3	3
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu	27	27	28
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur	6	6	6
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga	30	30	30
Skrifstofa skjalastýringar	8	8	8
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	7	8	8

\* Fjölgun starfsfólks er tímabundin vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla og hafa heimildir fengist fyrir henni í borgarráði.

\*\* Fjölgun starfsfólks sem greitt er fyrir með styrk frá Bloomberg Philanthropies.

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (þON) er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber til að mynda ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustu- og upplýsingatæknistefnu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera ábyrgð á rekstri stjórnsýslubyggings og fara með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála Reykjavíkurborgar og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónusta við íbúa borgarinnar er sett í forgang með fjárfestingu í starfrænni umbreytingu, notkun nýrrar tækni og aukin áhersla lögð á miðlæg innkaup til að ná hagræðingu í rekstri. Leiðarljósið eru grænar áherslur, sjálfbærni til skemmrri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirkari þjónusta. Áhersla er á að verkefnin hafi stoð í Græna planinu ásamt því að hafa til hliðsjónar breytt efnahagsumhverfi. Rík áhersla er lögð á að færa starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með stafrænni umbreytingu og heilsteyptari nálgun er varðar upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og fyrirtæki í borginni. Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er gert ráð fyrir viðbótarfjárheimildum vegna kjarasamninga og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila annars vegar og 1% hagræðingarkröfu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af gjaldskrárhækkun skrifstofu upplýsingatækniþjónustu (UTR) sem tekur mið af sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar, þ.e. launahækjunum, verðbótum á samningsbundnar skuldbindingar við þriðja aðila og 1% hagræðingarkröfu. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af kjarasamningsbundnum hækjunum, samningum við þriðja aðila er fylgja breytingu á vísitölu annars vegar eða á gengi íslensku krónunnar hins vegar og svo hækjun á innri leigu.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Hún ber ábyrgð á stefnumótun sviðsins, fjármálum og mannaudi ásamt meðferð lögfræðilegra álitaefna, gæðamálum og upplýsingagjöf. Þá fer skrifstofan með undirbúning mála fyrir ráð og nefndir auk þess að fylgja eftir ákvörðum sem snúa að málaflokki þjónustu og nýsköpunar.

Áhersla skrifstofunnar í stafrænum verkefnum verður áfram sú að tryggja að lög og reglur verði innbyggðar (e. by design) í allar stafrænar lausnir Reykjavíkurborgar og fylgni við þær þar með sjálfgefin í allri nýþróun. Þá verður nýsköpun í opinberum innkaupum áherslumál og snýr það ekki síst að innkaupum á hugbúnaði og nýjum upplýsingakerfum. Þá verður samstarfi við önnur sveitarfélög, Stafrænt Ísland og stofnanir íslenska ríkisins í stafrænni vegferð áfram haldið með sameiginlegum verkefnum. Loks verður upplýsingagjöf um stafræna vegferð og framgang hennar aukin til almennings í samstarfi við önnur svið borgarinnar auk þess sem kalli frá opinberum stofnunum, fyrirtækjum og fagsamféluginu um kynningu á stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar verður áfram svarað.

## Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur samanstendur af verkefnastofu, vef- og vörupróunardeild og teymi stafrænna leiðtoga. Skrifstofan ber ábyrgð á verkefnaráði og verkefnaskrá sviðsins sem og umsýslu verkefnastjórnunar (e. Project governance).

Verkefnastjórar verkefna- og vörustýringardeildar stýra stafrænum verkefnum. Stafræn verkefni geta talist verkefni sem innihalda þarfagreiningar, innkaupaferla og innleiðingu á hugbúnaðarlausnum eða stafvæðingu ferla. Verkefnastjórar setja upp verkefnahópa í samstarfi við eigendur hvers verkefnis eða lausnar sem unnið er að hverju sinni. Vörustjórar eru skipaðir á nýjar hugbúnaðarlausnir sem þróaðar hafa verið eða teknar í rekstur undanfarið. Vörustjórar bera ábyrgð á framþróun lausnanna eftir að þær eru komnar í rekstur hjá upplýsingatæknipjónustu borgarinnar. Þeirra hlutverk er að koma í veg fyrir að tækniskuld myndist með tilheyrandi kostnaði. Kostnaður við vörustjórnun verður síðan hluti af gjaldskrá þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Verkefna- og vörustjórar starfa þvert á svið borgarinnar og vinna þannig með eigendum verkefna, þjónustu eða vara úti á kjarnasviðum borgarinnar. Náið samstarf, fagmennska og traust er því lykilatriði til að tryggja hagkvæmni í rekstri og framþróun þeirra lausna sem keyptar eða þróaðar eru. Ein af stærstu áskorunum skrifstofunnar árið 2024 verður að innleiða tilvonandi nýja gjaldskrá þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Með nýrri gjaldskrá verður skrifstofunni kleift að færa vörupróun og stýringu upp á næsta stig, koma verkefnum fyrir í rekstur úr fjárfestingu, auka fræðslu og handleiðslu við innleiðingu á tækni- og hugbúnaði og draga úr líkum á því að borgin lendi í tækniskuld með hugbúnaðarsafn sitt. Áframhaldandi þróun á ákvörðunarferli verkefnaráðs og þeim tólum sem henta best til verkefnaumsýslu verður einnig fyrirferðarmikil á árinu, sú vinna mun nýtast öllum sviðum borgarinnar.

Vef- og vörupróunardeild stafrænnar Reykjavíkur fer meðal annars með ábyrgð á framþróun og viðhaldi á vefsvaðum borgarinnar í samstarfi við skrifstofu upplýsingataekniþjónustu. Miðlægur vefur borgarinnar er orðinn helsta vinnutól margra sem starfa hjá borginni. Yfir 100 vefir voru sameinaðir undir miðlægan vef á árinu 2023 og á árinu 2024 er áætlað að færa enn fleiri undir miðlægan vef. Viðmót á vefnum verður þroað áfram á grundvelli notendarannsókna með það að markmiði að gera notkun hans einfaldari og þægilegri ásamt því að auka og bæta virkni til að mæta breyttum þörfum notenda. Litið er á miðlægan vef sem eina mikilvægustu kjarnavöru sem er í rekstri og þróun hjá borginni. Mínar síður sem tóku við af Rafrænni Reykjavík hafa gjörbylt þjónustuvíðmóti og áframhaldandi rekstur og þróun á hönnunarkerfi, ábendingavef, mannaúðlausnum og öðrum sér þróuðum vörum verður fyrirferðarmikill í starfsemi skrifstofu Stafrænnar Reykjavíkur.

Stafrænir leiðtoga hafa fest sig í sessi á sviðum borgarinnar, hingað til hafa launagreiðslur stafrænna leiðtoga verið skilgreindar sem fjárfesting í gegnum átaksverkefni varðandi stafrænar umbreytingar í gegnum Græna planið. Hlutverk þeirra er að styðja við svið borgarinnar í stafrænni vegferð til þess að ná utan um og móta þær stafrænu áskoranir sem sviðin standa frammi fyrir ásamt því að koma þeim í framkvæmd. Það er gert með því að setja upp verkefnaráð, verkefnaskrár og forgangsröðun verkefna hvers sviðs fyrir sig þegar kemur að fjárfestingum í stafrænum lausnum, uppfærslu, útfösun eldri kerfa og framsækna þróun nýrra lausna. Stafrænir leiðtoga tryggja flæði verkefna inn í rétta strauma, styðja við innleiðingar og tryggja samráð á milli sviða og nálgast stafrænar lausnir út frá heildarhagsmunum borgarinnar. Á árinu 2024 þarf að leysa úr því hvernig þessi hlutverk færast yfir til sviðanna eða verða hluti af þjónustuveitingu þjónustu- og nýsköpunarsviðs í gegnum gjaldskrá sviðsins.

### Skrifstofa þjónustu og umbreytinga

Þjónusta og starfsemi skrifstofunnar er tvíþætt. Annars vegar er það framlínubjónusta við íbúa og starfsmenn sem fer fram innan deilda rekstrarþjónustu og þjónustuvers og hins vegar er starfsemi sem miðar að breytri og bættri þjónustu í gegnum stafræna ferla og þar undir fellur deild umbreytinga og teymi þjónustuupplifunar.

Þjónustuverið og rekstarþjónusta sinna framlínubjónustu í stjórnsýsluhúsum borgarinnar, Höfðatorgi 12-14, Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir rekstarþjónusta einnig starfsemi í Höfða. Í þjónustuveri fer fram þjónusta við íbúa borgarinnar og starfsmenn í gegnum fimm gáttir; síma, netspjall, tölvupóst, ábendingavef og einnig er veitt þjónusta í persónu. Þjónustuverið sinnir einnig móttöku gesta í Höfðatorg og Ráðhús. Áherslur ársins 2024 í þjónustuverinu eru áframhaldandi vinna við straumlínulögum ferla og aukin skilvirkni í takt við stafræna umbreytingu á þjónustu borgarinnar, bæði innri og ytri ferla. Áhersla verður lögð á aukið umboð þjónustuversins til úrlausnar mála fyrir íbúa, með það að markmiði að auka gegnsæi í þjónustu sem og hraða og skilvırka stjórnsýslu. Áfram verður unnið að skilgreiningu þjónustustiga í öflugu samstarfi við svið borgarinnar og leitað markvisst að tækifærum til umbóta og hagræðingar í rekstri sem skila sér í bættri þjónustu til þjónustuþega. Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsanna ber ábyrgð á rekstri, eftirliti, öryggismálum og sjálfbærni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, og starfar náið með öllum skrifstofum og sviðum sem hafa þar starfsstöðvar. Á árinu 2024 verður lögð aukin áhersla á innri úrbætur, loftgæði og hljóðvist. Unnið verður með innri

hagsmunaaðilum að endurnýjun lykilinnviða sem taka til hússtjórnar, loftgæða, hita og bættrar starfsaðstöðu.

Innan deildar umbreytinga verður áfram unnið ötullega í verkefnum sem snúa að stafrænni þjónustuumbreytingu í nánu samstarfi við aðrar skrifstofur PON, öll svið og einingar borgarinnar sem og aðra hagsmunaaðila s.s. íbúa, fyrirtæki og verkta ka sem koma að vinnunni hverju sinni. Vinna deildarinnar byggir á þjónustustefnu borgarinnar sem og samþykktum Græna plansins um stafræna umbreytingu. Innan deildarinnar er einnig staðsett i-teymi sem fjármagnað er frá stofnuninni *Bloomberg Philanthropies* og árið 2024 er lokaár þess samstarfs en það felur í sér aukinn stuðning til borgarinnar í verkefnum tengdum nýsköpun og þjónustuumbreytingu sem byggja á stafrænni tækni og notendamiðaðri hönnun.

Teymi þjónustuupplifunar styður við framkvæmd og innleiðingu á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og vinnur að því að tryggja að upplifun notenda sé höfð að leiðarljósi í allri þjónustuveitingu. Megin verkefni teymisins árið 2024 verða áframhaldandi kynningar á þjónustustefnunni og fræðsla um mikilvægi góðrar þjónustuupplifunar, námskeið og ráðgjöf um notendamiðaða þjónustu fyrir starfsfólk borgarinnar ásamt þróun og ráðgjöf þvert á borgina um gerð og notkun ánægju- og þjónustumælikvarða.

### Skrifstofa gagnabjónustu

Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar hefur að leiðarljósi að auka gagnavitund innan borgarinnar og vera drifkraftur í hagnýtingu gagna til ákvarðanatöku og bættrar þjónustu við starfsfólk, íbúa og fyrirtæki borgarinnar. Skrifstofan sinnir þessu hlutverki með því að tryggja gæði, áreiðanleika og aðgengi íbúa, fyrirtækja og starfsfólks að réttum og áreiðanlegum gögnum sem og gagnagreiningu, hvort sem um er að ræða tölfraðigreiningu og skýrslugerð eða þróun og innleiðingu á líkönnum með myndrænni framsetningu gagna. Gagnaþjónustan veitir öðrum skrifstofum borgarinnar gagna- og tölfraðiráðgjöf, sem og þjálfun í grunnvinnslu og greiningu gagna. Gagnaþjónustan fer einnig fyrir stefnumörkun í gagnamálum og gagnastefnu borgarinnar. Gagnaþjónustan er leiðandi í að endurhugsa framsetningu gagna borgarinnar svo sem flest geti með auðveldum hætti skilið þær upplýsingar sem borgin vill miðla við innri og ytri miðlun upplýsinga. Heimurinn er gagnasúpa. Og gögn eru allt í kringum okkur. Allt sem við segjum og gerum, sjáum og snertum skilur eftir sig ummerki. Milljón lítil gagnafótspor sem segja ákveðna sögu um okkur og umhverfi okkar. Að hugsa framsetningu gagna út frá aðgengi, er til hagsbóta fyrir öll. Aðgengi að upplýsingum stuðlar að samfélagslegri inngildingu fyrir alla þjónustubega auk þess sem aukið aðgengi að gögnum til greininga gefur tækifæri á fjölbreyttari og betri þjónustu fyrir alla íbúa borgarinnar. Gagnaþjónustan vinnur að gagnamiðlunarstefnu sem tekur tillit til aðgengismála þegar kemur að framsetningu gagna, þar á meðal litasamsetningar sem hentar fólk með litblindu, mismunandi formgerða sem henta þeim sem eru sjónadaprír eða greina ekki liti, einnig er lesskimunarforrit í þróun sem getur lesið upp upplýsingar úr gröfum líkt og sjáandi myndi gera, einfaldleika og skýrleika í textalýsingum og svo framvegis. Með því að hanna framsetningu gagna út frá fjölbreyttum aðgengiskröfum er stuðlað að gagnsæi og skýrleika í kerfinu og auðveldar gagnadrifna ákvarðanatöku, einnig er heildrænt útlit og framsetning gagna þvert á alla miðlunarplataforma borgarinnar tryggt.

Skrifstofan mun á árinu 2024 halda áfram að þróa og ítra stafrænar gagnavörur borgarinnar sem gefnar voru út árið 2023, þar má helst nefna Gagnahlaðborð Reykjavíkur en sú vara mun vera í áframhaldandi þróun og vexti en Gagnahlaðborðið fylgir þeirri sýn að miðlun gagna sé hugsuð og unnin út frá aðgengissjónarmiðum og sýnir glöggt hvernig hægt er að miðla gögnum á fjölbreyttan og einfaldan og áhugaverðan máta byggt á þeirri nálgun. Gagnahlaðborðið býður upp á einn miðlægan stað fyrir notendur til að nálgast opin gögn borgarinnar sem og annan fróðleik um starfsemi borgarinnar, hvort sem það sé í formi gagnasaga eða opinna gagnagáttar þar sem hægt er að nálgast gögn á hráformi.

Áframhaldandi þróun vöruhúss gagna og gagnavinnslustöð (e. data science platform) fer fram árið 2024, ásamt gagnalandslagsverkefnum skóla- og frístundarsviðs og velferðarsviðs, ásamt því sem áform eru um að hefja slíkt gagnalandslagsverkefni fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið árið 2024. Til að tryggja gagnagæði og aðgengi að traustum og áreiðanlegum gögnum verður að fara í mikla grunnvinnu við að hreinsa upp gögn í stafrænu umhverfi borgarinnar, hanna og smíða nýjar gagnapípur, greina grunngögn og kjarnastarfsemi sviða borgarinnar, hanna gagna- og upplýsingaflæði og smíða gagnaviðmót. Vöruhúsið og gagnalandslagsverkefnin mynda gagnaundirstöður borgarinnar. Annars vegar er vöruhúsið hannað til að geta tekið betur á móti og unnið með mikilvægustu rekstrargögn borgarinnar og gagnalandslagsverkefnin til að tryggja innleiðingu á hönnun og arkitektúr fyrir heildraent gagnalandslag þvert á öll svið borgarinnar. Þannig verður til framtíðar auðveldlega hægt að nálgast rétt gögn á réttum tíma án fyrirhafnar. Önnur mikilvæg vara sem Gagnaþjónustan er með í þróun og tengist uppbyggingu heildraens gagnalandslags fyrir borgina er sameiginlegt hugtakasafn borgarinnar (e. business glossary). Sérfræðingar sem vinna í tækninniðum, sérfræðingar á fagsviðum, og svo notendur þjónustu hafa öll mismunandi þarfir fyrir gögn og nýta þau með mismunandi hætti, fyrir vikið geta verið notuð mismunandi heiti yfir sömu gagnafærsluna, en það býr til aukið flækjustig í upplýsingaflæði og hagnýtingu gagna hjá borginni. Sameiginlegt hugtakasafn tryggir sameiginlegan skilning á þjónustuhugtökum borgarinnar sem skilar sér í réttri og áreiðanlegri gagnauppbyggingu, tryggir gagnagæði og sameiginlegan skilning á hugtökum á milli allra aðila, bæði þeirra sem nýta sér þjónustuna, þeirra sem veita hana og stafrænna kerfa.

Einnig mun skrifstofan spila lykilhlutverk í þróun nýs sorphirðudagatals, þróun fleiri spálíkana fyrir borgina, þróun fleiri kortalausna, gagnvirkt yfirlit yfir húsnaðis- og atvinnuuppbyggingu í Reykjavík, mælaborð fyrir birtingu mikilvægra stjórnendaupplýsinga, þróun á gröfum sem uppfylla aðgengiskröfur og hafa samræmt útlit þvert á borgina, þróun og smíði gagnapípa, tryggja einn uppruna grunnupplýsinga og svo margt fleira. Sé unnið með markvissum hætti að hagnýtingu gagna verður einnig unnt að leggja mat á fjárfestingarbörf og líklega arðsemi fjárfestinga borgarinnar, leggja mat á samfélagslega stöðu fólks innan jaðarsettra hópa, skipuleggja og meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsáðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið og varpa ljósi á hver staða kynjanna og eða jaðarsettra hópa er innan borgarkerfisins, með því getum við betur fylgst með hvaða áhrif ákveðnar aðgerðir innan borgarkerfisins hafa á þessa hópa, borið kennsl á hvort verið sé að uppfylla þjónustuþarfir ákveðinna hópa til jafns við aðra, tekið betri og upplýstari ákvarðanir og gripið fyrr til mótvægisáðgerða.

## Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar ber ábyrgð á faglegri skjalastjórnun borgarinnar, framkvæmd skjalastefnu og endurskoðun hennar. Skrifstofan hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Höfðatorgi og í Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir daglegri upplýsingagjöf til þeirra og þjónustu, svo sem við skráningu, skönnun og afgreiðslu gagnabeiðna.

Helstu verkefni skrifstofunnar 2024 verða að innleiða samræmdir reglur um skjalastjórnun Reykjavíkurborgar þannig að skjalastjórnun sé framkvæmd með öruggum hætti í allri starfsemi borgarinnar óháð starfsstöðum og tegund rekstrar. Þá verður áfram unnið að því að samræma notkun upplýsingakerfa ólíkra starfseininga þegar kemur að vistun skjala á öðrum vistunarstöðum en í Hlöðunni í samræmi við skjalavistunaráætlanir. Með því skapast enn fleiri tækifæri til að breyta starfsháttum þvert yfir borgina og renna frekari stoðum undir vandaða stjórnsýslu sem getur brugðist hraðar við erindum og tekið ákvarðanir byggðar á öllum viðeigandi gögnum og upplýsingum hverju sinni.

Innleiðing á skjala- og málakerfi í alla miðlæga stjórnsýslu og stoðsvið borgarinnar heldur áfram í 3. áfanga við að innleiða Hlöðuna hjá undirstofnunum SFS samhliða tæknilegri samræmingu á grunnkerfum. Verkefnið miðar að því að koma miðlægu og notendavænu upplýsingastjórnunarkerfi í almenna virkni hjá skóla- og menntastofnunum og samræma verklag þegar kemur að meðferð stjórnsýsluerinda og reksturs. Unnið verður frekar að samþættingu Hlöðunnar við önnur kerfi til að fækka handtökum, bæta ferla og hagræða í störfum notenda. Lokið verður við átaksverkefni í teikningaskönnun. Það verkefni miðar að því að gera allar verkfræðiteikningar byggingarfulltrúa Reykjavíkur aðgengilegar á teikningavef Reykjavíkurborgar. Vinna heldur áfram við frágang og skil eldri upplýsingakerfa þegar starfseiningar sem skjalastýring þjónustar taka Hlöðuna í notkun. Gert verður átak í frágangi pappírsgagna til varðveislu.

## Skrifstofa upplýsingatæknibjónustu

Upplýsingatækniumhverfi og innviðir Reykjavíkurborgar eru í sífeldri þróun sem hluti af stafrænni umbreytingu auk daglegum rekstri og starfsemi Reykjavíkurborgar. Upplýsingatækniumhverfið á sér fáar hlidstæður á landinu hvað varðar fjölbreytileika og þjónustustig. Allir starfsstaðir borgarinnar sækja tæknibjónustu og stuðning til skrifstofunnar þvert á sviðin. Helstu áskoranir upplýsingatæknibjónustunnar er að viðhalda, rekstri og þróun tæknilegra innviða til að tryggja að tæknilegur þáttur í daglegri starfsemi borgarinnar gangi sem best. Verkefni og ábyrgð skrifstofunnar skiptast í þrjár deildir: kerfislausnir og hugbúnaðarþróun, kerfisstjórn og tæknirekstur og stoð- og tæknibjónustu. Áherslurnar í upplýsingatæknibjónustu árið 2024 felast í því að halda áfram að innleiða framtíðarsýn í kerfishögum tækniumhverfisins svo að það geti verið sú stoð sem það þarf að vera í fyrirsjáanlegum tækninýjungum. Auknar áherslur á öryggi tölvukerfa þurfa að finna sinn stað á þann hátt að notendur séu meðvitaðir um kosti þess og gæði sem þarf sífellt að gæta að. Innleiðing á vinnu frá 2022 með sérfræðingum KPMG á Íslandi og Finnlandi hefur staðið yfir síðasta ár og má gera ráð fyrir að útfærsla á þeirri vinnu komist vel á veg árið 2024. Þær kerfisbreytingar sem eru þar í farvatninu koma til með að undirbúa tækniumhverfið til að ná fram hagræðingu á fjármagni en ekki síst þjóna starfsfólk og

íbúum á skilvirkari hátt með það að leiðarljósi að minnka sóun. Á sama tíma þarf svo að tryggja að kerfin séu undirbún fyrir vaxandi umhverfi netógna á þann hátt að árásir þeirra hafi sem minnst áhrif.

Deild kerfislausna og hugbúnaðarþróunar sér um að móta til, smíða og samþætta lausnir fyrir þjónustu fagsviðanna sem hluti af stafrænni umbreytingu. Ein helsta áskorunin er að tryggja samþættingu kerfa og lausna sem skili sér í aukinni framlegð og hagræðingu í sjálfa þjónustuveitinguna jafnt fyrir starfsfólk og þjónustubega. Það þýðir t.d. að upplifun notenda sé sem oftast sú sama óháð því hvar eða hverjum þjónustan tilheyrir innan borgarinnar. Samræming á starfslagi þróunarteyma við hugbúnaðarþróun tryggir að lausnir séu hannaðar og smíðaðar frá grunni til að passa inn í annars fjölbreytilegt rekstrar og lagalegt umhverfi borgarinnar. Helstu verkefni deildarinnar á árinu 2024 eru áframhaldandi hugbúnaðarþróun og ítrun á lausnum, að einfalda og skýjavæða þróunarumhverfið, sem og að tryggja persónuvernd, áreiðanleika, öryggi og aðgengi upplýsinga.

Deild kerfisstjórnar og tæknireksturs sér um að tryggja daglegan rekstur, öryggi og uppitíma á tæknínnviðum borgarinnar. Líkt og fyrri ár munu umbætur halda áfram á tæknilegum innviðum borgarinnar á árinu 2024. Helstu áskoranir felast í að ná utan um alla upplýsingatæknínnviði sem borgin nýtir sér í daglegum störfum. Hönnun við að setja upp rekstrarumhverfi fyrir skýjabjónustu og kortlagning á því, innleiðing á þjónustuferlum frá þróun til rekstrar (DevOps), frekari aðkoma að standsetningu starfsstaða borgarinnar í samstarfi þvert á svið, einfalda umhverfi með léni borgarinnar eru á meðal helstu verkefna deildarinnar ásamt því að koma upp nýju fyrirkomulag við gagnageymslur og hýsingar. Aukið eftirlit og breytt fyrirkomulag á víðneti borgarinnar ásamt útskiptum á netskápum til að tryggja nútímafyrirkomulag í takt við öryggisstaðla.

Innkaup og umsýsla á upplýsingatæknínnviðum er í dag stundað á margvíslegum stöðum innan borgarinnar. Mikið af tækjabúnaði er enn verslaður án vitneskju eða í samstarfi við skrifstofuna sem felur í sér miklar áskoranir við að viðhalda gæðum í þjónustu. Tækifæri eru til að koma innkaupum og umsýslu á einn stað með víðtæku samstarfi við sviðin og fræðslu, og ná þannig fram hagræðingu og yfirsýn á upplýsingatæknínnviðum sem og fjármagni til tæknikaupa.

Deild stoð- og tæknibjónustu mun halda áfram uppbyggingu og aðlögun nýs þjónustuumsjónarkerfis þar sem erindi og öll úrvinnsla og samskipti vegna þeirra eru skráð í beiðnakerfi. Þannig verður í fyrsta sinn til yfirsýn yfir alla notenda- og aðgangsumsjón í kerfum borgarinnar. Í kjölfarið af innleiðingu á skýrara verklagi þjónustuferla hefur þjónustubeiðnum fjölgæð verulega samhliða auknu þjónustustigi og auknu vægi tæknilausna í starfseminni sem nær til alls starfsfólks, kjörinna fulltrúa og nemenda í skólum Reykjavíkurborgar eða 29.500 virkra notenda og þeirra 20.000 tækja sem tengjast tölvuumhverfi borgarinnar á yfir 300 starfsstöðum. Árið 2024 verður nýtt eignaumsjónarkerfi innleitt ásamt nýju verklagi við afgreiðslu og afhendingu sem kemur til með að einfalda alla yfirsýn og afgreiðslu búnaðar. Þá verður verklag endurskoðað og tilkynningakerfi innleitt til að koma upplýsingum betur til notenda. Nýlega lauk útboði og í kjölfarið verður gerður samningur við þjónustuaðila varðandi aðgangsstýrða prentþjónustu. Þar verður skrifstofan í lykilhlutverki við að innleiða þá nýjung í samstarfi við starfsstaði borgarinnar og ná fram því hagræði fyrir borgina sem stefnt er að. Lágmörkun rekstrarkostnaðar og öryggi gagna verður stórbætt m.a. því ómögulegt verður að prenta út skjal og gleyma því prenttækjum.

## Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur var stofnað árið 1954 og hefur verið rekið sem sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti þjóðskjalasafns Íslands með hlutverk skilgreint í lögum. Það hefur farið með ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnir eftirliti með skjalastjórn borgarinnar. Borgarskjalasafn hefur tekið við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitt aðgang að þeim skv. gildandi lögum.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 var ákveðið að verkefni Borgarskjalasafns Reykjavíkur og safnkostur þess yrði færður til þjóðskjalasafns Íslands og í kjölfarið Borgarskjalasafn lagt niður í núverandi mynd. Á fundi menningar- og viðskiptaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og þjóðskjalasafns Íslands 24. apríl 2023 var þjóðskjalasafni falið að setja af stað vinnu í samvinnu við Borgarskjalasafn til að greina stöðu verkefna Borgarskjalasafns og gera tillögu að aðgerðaráætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts þess til þjóðskjalasafns. Samkvæmt aðgerðaráætlun dags. 14. júní 2023 sem lögð hefur verið fram eru meginverkefni Borgarskjalasafns næstu misserin að undirbúa safnkost þess til flutnings og yfirfærslu til þjóðskjalasafns Íslands.

Samningur við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), um ráðgjöf og þjónustu varðandi langtímaþvarðveislu rafrænna gagna verður nýttur til ársloka 2023 og fram að þeim tíma mun NEA sjá um prófanir og gerð langtímaþvarðveisluskrár frá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem skilað var skv. ákvörðun Borgarskjalasafns nr. 2.2020 sem gildir um Lindina – Coredata 2.16.2 fyrir málsafn fyrirtækisins yfir tímabilið 1.9.2014 til 31.12.2019. Eftir það mun þjóðskjalasafn Íslands taka að sér móttöku rafrænna gagna frá stofnunum Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að ekki verði þjónusturof við notendur safnkosts og afhendingarskylda aðila Reykjavíkurborgar og því mikilvægt að tryggja að yfirfærsla Borgarskjalasafns til þjóðskjalasafns hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem ber að veita.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markmið þON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárhheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samféluginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækninni. Á árinu 2024 verður unnið út frá samþykkti áætlun um greiningu á þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni er vefur Reykjavíkurborgar.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
<b>Skrifstofa sviðsstjóra</b>					
Fjöldi nýrra ferla	-	-	46	5	-
Fjöldi endurskoðaðra ferla	-	-	4	40	50
<b>Skrifstofa þjónustu og umbreytinga</b>					
Fjöldi símtala	100.142	106.311	93.149	89.000	84.550
Fjöldi netsamtala	9.493	9.418	12.362	16.000	16.320
Fjöldi ábendinga	6.605	6.652	16.735	12.000	12.240
Fjöldi tölvupósta	-	-	-	25.000	26.250
Fjöldi heimsókna í þjónustuver í Borgartúni	12.434	13.492	12.290	6.000	5.400
<b>Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa</b>					
Seldar máltíðir í móttuneyti Ráðhúss	15.827	16.849	17.834	18.000	18.000
Seldar máltíðir í móttuneyti Höfðatorgs	54.094	53.876	63.239	68.000	68.000
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	16	36	80	80	80
Fjöldi viðburða í Höfða	11	13	23	40	40
<b>Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu</b>					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	21.848	22.645	23.890	25.000	25.000
Fjöldi afgreiddra verkbeiðna	40.236	41.150	42.161	43.000	44.000
Fjöldi ústöðva - Borðtölvur	2.429	2.557	1.192	900	800
Fjöldi ústöðva - Fartölvur	4.722	5.097	4.599	4.700	4.800
Fjöldi ústöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	3.292	12.037	10.500	11.000	12.000
Fjöldi nettengdra prentara	924	964	734	650	550
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	28.490	29.004	29.612	30.000	31.000
Fjöldi þráðlausra senda	1.630	1.697	1.920	2.500	3.000
Fjöldi netskipta og beina	400	948	1.018	1.100	1.250
Fjöldi liða í innri gjaldskrá	180.000	218.000	267.060	-	-
<b>Skrifstofa skjalastýringar</b>					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnum	12.800	12.292	4.195	4.000	3.500
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum	117.504	134.840	41.353	35.000	30.000
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni	332	2.545	11.927	13.000	15.000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni	3.318	29.282	105.464	130.000	180.000
<b>Skrifstofa gagnabjónustu</b>					
Fjöldi gagnavara í rekstri	4	10	14	17	18
Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur	27.300	99.300	695.508	100.000	150.000
<b>Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur</b>					
Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavík.is	1.648.465	2.336.794	2.010.414	2.090.831	2.110.935
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	350	208	121	100	90
<b>Borgarskjolasafn</b>					
Hillumetrar af móttéknum skjölum	52	53	167	140	0
Fjöldi fyrirspurna	1.264	1.533	1.054	1.150	1.200

## FJÁRFESTINGARÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2024

Fjárfestingaráætlun borgarinnar fyrir árið 2024 liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað og því miðast textinn við gildandi fimm ára áætlun.

Stafræn umbreyting nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og felur í sér samstarf allra sviða til þess að mæta þjónustubörf íbúa og fyrirtækja borgarinnar á skilvirkan máta og svara kröfu um aukna áherslu á sjálfbærar lausnir og öryggi upplýsingatækniinnviða. Fjárfestingaráætlun sviðsins skiptist því í:

1. Hugbúnað og ný upplýsingakerfi.
2. Stafræna umbreytingu og rafvæðingu ferla.
3. Hönnun og umbreytingu þjónustu.
4. Upplýsinga- og gagnastýringu.
5. Notendabúnað og öryggi upplýsingatækniinnviða.

Verkefnaráð sviðsins heldur utan um stýringu verkefnanna. Í ráðinu sitja sviðsstjóri þON ásamt skrifstofustjórum þjónustu og umbreytingar, upplýsingatækniþjónustu, og stafrænnar Reykjavíkur ásamt verkefnaskrárþjónustu sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd út frá stefnum og áherslum sviðsins ásamt því að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá þON er stjórntæki ráðsins og því er ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila og felur það í sér skráningu, forgangsröðun og aðhald með framgangi verkefna.

### Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2024

#### Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Stafrænarleiðtogaðar á sviðum borgarinnar taka saman áskoranir og stafræn verkefni hvers sviðs og fá samþykki yfirstjórnar viðkomandi sviðs. Þegar svið hefur tekið ákvörðun um forgangsröðun verkefna fara stafrænarleiðtogaðar með verkefnin í gegnum verkefnaráð þON í samráði við verkefnaskrárþjónustu. Verkefnaráð þON forgangsraðar verkefnatillögum með heildarhagsmuni borgarinnar að leiðarljósi og skora verkefni eftir matslíkani sem kallað er Fylkið. Fylkið er vegið þannig að skori verkefnið hátt þegar kemur að framfylgd lagalegra krafna fær verkefnatillagan mest vægi. Skori verkefnið hátt þegar kemur að framfylgd samþykktra stefna og áætlana borgarinnar og áhrif á notendur þjónustu eða starfsfólk skorar það næst hæst o.s.frv.

Haldið er utan um öll verkefni og verkefnatillögur á fjárfestingaráætlun í verkefnaskrá þON, þar er yfirsýn yfir það hverjum verkefnið tilheyrir, hver stýrir verkefninu, hverjar eru samþykktar fjárhheimildir, hvar er verkefniðstatt í ferlinu og hverjar eru væntar afurðir.

þON leggur ríka áherslu á að brýnustu verkefni sviðanna séu sett af stað hverju sinni og því getur forgangsröðunin breyst í takt við áherslur hverju sinni.

Meðal verkefna sem eru komin á áætlun og fyrirséð að fari af stað, eru í greiningarferli eða falli á fjárfestingakostnaður á árinu 2024 eru t.d.:

- Samræmt mótneytiskerfi borgarinnar – til að einfalda innkaup og birgðahald og ná fram kostnaðarhagræði.
- Reglustjórnun / útgáfustjórnun – til að samræma yfirsýn, eftirlit og umsýslu með reglum og stefnum borgarinnar.
- Áhættustjórnunarkerfi – innleiðing á áhættustjórnunarkerfi til að auka yfirsýn og tryggja örugga áhættustýringu í allri starfsemi borgarinnar.
- Samræmd nemendaskráning – innleiðing / þróun á kerfi fyrir samræmingu nemendaskráningar sem hægt væri að nýta fyrir öll sveitarfélög og tengja við gagnagrunna ríkisins.

- Umsjónarkerfi götulýsingar – innleiða nýtt kerfi til að stýra götulýsingu í borgarlandinu með hagkvæmni, hreyfiskynjurum o.s.frv. til að draga úr orkunotkun og sóun.
- Stafrænar lausnir Heilbrigðiseftirlitsins – innleiða eða þróa nýjar stafrænar lausnir með traustum gagnagrunni fyrir Heilbrigðiseftirlitið til að halda utan um úttektir, einfalda vinnulag, spara tíma og koma í veg fyrir sóun.
- Ljósmyndagrunnur – setja upp kerfi til að halda utan um gagnagrunn ljósmynda þvert á borgina, innleiða vinnuhætti í tengslum við hagnýtingu sem fylgir lögum og reglum um persónuvernd og meðferð höfundaréttar og til að auðvelda aðgengi og notkun á stafrænum miðlum.
- Gagnagrunnaverkefni – sameining og yfirfærsla gagnagrunna sem liggja á miðlægum vélbúnaði yfir í skýjalausnir.

Auk þessa munu verkefni sem koma út úr verkefnatillögum sviða borgarinnar á fyrri hluta ársins hefjast.

Þessi stafrænu verkefni, innleiðing og útfösun hugbúnaðar og kerfi er mikilvægur liður í starfsemi borgarinnar til að styðja við framsækna þróun og koma í veg fyrir úreldingu kerfa og hugbúnaðar sem getur haft í för með sér mikinn kostnað, öryggisbresti og aukið flækjustig fyrir íbúa.

### **Stafræn umbreyting**

Þjónustustefna borgarinnar leggur áherslu á notendamiðaða þjónustu og sjálfsafgreiðslu sem fyrsta kost fyrir þjónustuveitingu borgarinnar. Umbreytingateymi taka við áskorunum frá fag- og kjarnasviðum borgarinnar í gegnum forgangsröðun verkefnaráðs og er unnið að úrlausn þeirra í samstarfi við svið og aðra hagsmunaaðila. Árið 2024 verður áhersla á samþættingu og tengingu kerfa og lausna sem þróuðar og/eða hafa verið keyptar inn og innleiddar. Sem dæmi má nefna tengingar og áframhaldandi þróun milli *Minna síðna* og ýmissa bakvinnslu kerfa sviða og stofnana sem einfaldar verklag og eykur gegnsæi. Aukin áhersla verður lögð á innleiðingu þjónustumælinga í stafrænar lausnir sem mun fela í sér tækifæri til umbóta og lagfæringa.

Stórir ferlar og umsóknir hjá umhverfis- og skipulagssviði verða teknir fyrir er tengjast framkvæmdum, leyfisveitingum og eftirliti.

Mínar síður – stafræn þjónustumiðja borgarinnar, fer inn í nýtt vaxtaskeið þar sem fyrsta áfanga formlega lýkur í lok árs 2023 með lokun rafrænnar reykjavíkur sem hefur fylgt borginni og borgarbúum í meira en áratug.

Á síðasta ársfjórðungi hófst vinna við greiningu á áskorun skóla- og frístundasviðs er snýr að stuðningi við fjöltyngeð börn og fjölskyldur þeirra og mun þróun á lausn fara í þróun árið 2024. *Ráðgjafinn* heldur áfram í þróun og mun hann þróast yfir í að halda utan um helstu málaflokka velferðasviðs ásamt skólabjónustu sem SFS og VEL bera sameiginlega ábyrgð á. Upphaflega var *Ráðgjafinn* hannaður utanum málaflokk fatlaðs fólks.

### **Hönnun og umbreyting þjónustu:**

Skönnun verkfræðiteikninga byggingarfulltrúa og skráning þeirra er í fullum gangi samkvæmt áætlun. Áætlað er að í árslok 2023 verði búið að senda öll vorubretti með teikningum úr teikningageymslum Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi og Borgarskjalasafni til skönnunar hjá þjónustuaðilla. Reiknað er með að um 600 þúsund teikningar verði þá aðgengilegar á vefnum (<https://teikningar.reykjavik.is/>). Í upphafi ársins 2024 lýkur skönnunarhluta verkefnisins sem snýr að verkfræðiteikningum. Í framhaldi verður skráningarteymið að vinna að skráningu og endurbótum uns teikningar teljast fullskráðar. Leysa þarf úr álitamálum varðandi frekari skráningum teikninga með takmarkað aðgengi og framsetningu þeirra á rafrænan hátt. Þá verður gengið frá teikningum til varðveislu og farið yfir frágang verkefnisins sem lýkur undir lok árs 2024 skv. nígildandi áætlun.

### **Upplýsinga- og gagnastýring:**

Áframhaldandi þróun voruhúss gagna og gagnavinnslustöð (e. data science platform) fer fram árið 2024, ásamt gagnalandslagsverkefnum skóla- og frístundarsviðs og velferðarsviðs, ásamt því sem áform eru

um að hefja slíkt gagnalandslagsverkefni fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið árið 2024. Til að tryggja gagnagæði og aðgengi að traustum og áreiðanlegum gögnum verður að fara í mikla grunnvinnu við að hreinsa upp gögn í stafrænu umhverfi borgarinnar, hanna og smíða nýjar gagnapípur, greina grunngögn og kjarnastarfsemi sviða borgarinnar, hanna gagna- og upplýsingaflæði og smíða gagnaviðmót. Vöruhúsið og gagnalandslagsverkefnin mynda gagnaundirstöður borgarinnar. Annars vegar er vöruhúsið hannað til að geta tekið betur á móti og unnið með mikilvægustu rekstrargögn borgarinnar og gagnalandslagsverkefnin til að tryggja innleiðingu á hönnun og arkitektúr fyrir heildraðt gagnalandslag þvert á öll svið borgarinnar. Þannig verður til framtíðar auðveldlega hægt að nálgast rétt gögn á réttum tíma án fyrirhafnar.

Önnur mikilvæg vara sem Gagnaþjónustan er með í þróun og tengist uppbyggingu heildraens gagnalandslags fyrir borgina er sameiginlegt hugtakasafn borgarinnar (e. business glossary). Sérfræðingar sem vinna í tækninnviðum, sérfræðingar á fagsviðum, og svo notendur þjónustu hafa öll mismunandi þarfir fyrir gögn og nýta þau með mismunandi hætti, fyrir vikið geta verið notuð mismunandi heiti yfir sömu gagnafærsluna, en það býr til aukið flækjustig í upplýsingaflæði og hagnýtingu gagna hjá borginni. Sameiginlegt hugtakasafn tryggir sameiginlegan skilning á þjónustuhugtökum borgarinnar sem skilar sér í réttri og áreiðanlegri gagnauppbyggingu, tryggir gagnagæði og sameiginlegan skilning á hugtökum á milli allra aðila, bæði þeirra sem nýta sér þjónustuna, þeirra sem veita hana og stafrænna kerfa.

Nýtt og betrumbætt sorphirðudagatal mun líta dagsins ljós árið 2024 þar sem bæði verður hægt að nálgast tæmingaráætlun borgarinnar á prentanlegu formi sem uppfyllir aðgengiskröfur ásamt því að lifandi vefapp verður gefið út sem sýnir í rauntíma stöðu og framvindu tæmingaráætlunar fyrir öll hverfi borgarinnar. Þróun fleiri gagnvirkra kortalausna fer fram árið 2024, sem dæmi, gagnvirk kort fyrir kosningastaði og gönguleiðabestun frá heimilisfangi að tilheyrandi kosningastað fyrir forsetakosningarnar 2024, gagnvirk yfirlit yfir húsnaðis- og atvinnuuppbyggingu í Reykjavík. Mælaborð fyrir birtingu mikilvægra stjórnendaupplýsinga, þróun á kóða fyrir gröf sem uppfylla kröfur um stafrænt aðgengi og tryggja samræmt útlit þvert á borgina, þróun og smíði gagnapípa til að tryggja einn uppruna grunnupplýsinga innan borgarkerfisins og tryggar dreifingarleiðir svo allar þjónustur borgarinnar byggi upplýsingagjöf og auðgun gagnagreininga á sömu grunn upplýsingunum, og svo margt fleira. Þróun fleiri spálíkana fyrir borgina mun eiga sér stað á árinu. Sé unnið með markvissum hætti að hagnýtingu gagna verður einnig unnt að leggja mat á fjárfestingarþörf og líklega arðsemi fjárfestinga borgarinnar, leggja mat á samfélagslega stöðu fólks innan jaðarsettra hópa, skipuleggja og meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsáðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið og varpa ljósi á hver staða kynjanna og eða jaðarsettra hópa er innan borgarkerfisins, með því getum við betur fylgst með því hvaða áhrif ákveðnar aðgerðir innan borgarkerfisins hafa á þessa hópa, borið kennsl á hvort verið sé að uppfylla þjónustuþarfir ákveðinna hópa til jafns við aðra, gert nákvæmari fjárhagsáætlanir, tekið betri og upplýstari ákvarðanir og gripið fyrr til mótvægisáðgerða.

#### **Notendabúnaður og öryggi upplýsingataekniinnviða:**

Mikið af tækjabúnaði er enn verslaður án vitnesku eða í samstarfi við þON, það felur í sér miklar áskoranir við að viðhalda gæðum í þjónustu. Tækifæri eru til að koma innkaupum og umsýslu á einn stað með viðtæku samstarfi við sviðin og fræðslu, og ná þannig fram hagræðingu og yfirsýn á upplýsingatækniinnviðum sem og fjármagni til tæknikaupa.

Áfram verður haldið með uppbyggingu og aðlögun nýs þjónustuumsjónarkerfis þar sem erindi og öll úrvinnsla og samskipti vegna þeirra eru skráð í eitt beiðnakerfi. Þannig verður í fyrsta sinn til yfirsýn yfir alla notenda- og aðgangsumsjón í kerfum borgarinnar. Í kjölfarið af innleiðingu á skýrara verklagi þjónustuferla hefur þjónustubeiðnum fjölgað verulega samhliða auknu þjónustustigi og auknu vægi tæknilausna í starfseminni. Árið 2024 verður nýtt eignaumsjónarkerfi innleitt ásamt nýju verklagi við afgreiðslu og afhendingu búnaðar sem kemur til með að einfalda alla yfirsýn og afgreiðslu. Þá verður verklag endurskoðað og tilkynningakerfi innleitt til að koma upplýsingum betur til notenda. Nýlega lauk útboði varðandi aðgangsstýrða prentþjónustu og í kjölfarið verður gerður samningur við þjónustuaðila.


Tekur þá við að innleiða þá nýjung í samstarfi við starfsstaði borgarinnar og ná fram því hagræði fyrir borgina sem stefnt er að. Lágmörkun rekstrarkostnaðar og öryggi gagna verður stórbætt m.a. því ómögulegt verður að prenta út skjal og gleyma því prenttækjum.

Líkt og fyrrí ár munu umbætur halda áfram á tæknilegum innviðum borgarinnar á árinu 2024. Helstu áskoranir felast í að ná utan um alla upplýsingatækniinnviði sem borgin nýtir sér í daglegum störfum. Hönnun við að setja upp rekstrarumhverfi fyrir skýjaþjónustu og kortlagning á því, innleiðing á þjónustuferlum frá þróun til rekstrar (DevOps), frekari aðkomu að standsetningu starfsstaða borgarinnar í samstarfi þvert á svið, einfalda umhverfi með léni borgarinnar o.fl. eru á meðal helstu verkefna sem þarf að ráðast í ásamt því að koma upp nýju fyrirkomulag við gangageymslur og hýsingar. Aukið eftirlit og breytt fyrirkomulag á víðneti borgarinnar ásamt útskiptum á netskápum til að tryggja nútímafyrirkomulag í takt við þá öryggisstaðla sem við viljum viðhalda.



# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanni, mannréttinda- og lýðræðissskrifstofu og innri endurskoðun og ráðgjöf. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs og mannréttinda- og lýðræðisráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnsýsla hefur yfirumsjón með innleiðingu miðlægrar stefnumörkunar, þ.m.t. Græna plansins, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, alþjóðastefnu, atvinnu- og nýsköpunarstefnu, húsnæðisáætlun, lýðræðisstefnu og lýðheilsustefnu, stefnu í mörkun og samskiptamálum og um viðburðarstjórnun á helstu viðburðum borgarinnar. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024\*


	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrartekjur	242.355	108.378	148.558
<b>Tekjur samtals</b>	<b>242.355</b>	<b>108.378</b>	<b>148.558</b>
Laun og launatengd gjöld	1.725.330	1.617.442	1.858.298
Annar kostnaður	612.878	428.414	569.449
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.338.208</b>	<b>2.045.856</b>	<b>2.427.747</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.095.853</b>	<b>1.937.487</b>	<b>2.279.189</b>

\*Rekstur Verkefnastofu þróunarmála færst í Eignasjóð og er undanskilinn í þeim tölu sem hér birtast.

## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Fjöldi stöðugilda	76,06	74,47	72,78
<b>Eftir skrifstofum / þjónustuþáttum:</b>			
Borgarlögmaður	9,71	9,50	9,50
Innri endurskoðun og ráðgjöf	13,15	13,75	12,90
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	12,87	13,02	12,13
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	33,59	31,20	31,25
Skrifstofa borgarstjórnar	6,74	7,00	7,00

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA BORGARLÖGMAÐUR

Hjá embætti borgarlögmanns eru nú stöðugildi, þ.e. átta lögmenn og skrifstofustjóri. Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Hlutverk borgarlögmanns er meðal annars að annast fyrirsvar og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir dómstólum, kærunefnd útboðsmála, umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Þá er borgarlögmaður í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Nú er hafin vinna við endurskoðun reglna um kjarasamningsbundnar slysatryggingar á grundvelli bókunar í nýgerðum kjarasamningum. Sú vinna hefur staðið yfir það sem af er þessu ári en reynst tímafrekari en væntingar stóðu til. Því mun vinnan halda áfram á næsta starfsári, en þá er stefnt að því að nýjar reglur liggi fyrir til samþykktar samhliða gerð kjarasamninga. Áfram er búist við aukningu á flóknari og umfangsmeiri dómsmálum sem krefjast meira vinnuframlags af hálfu starfsfólks embættisins. Þannig hefur heildarfjöldi dómsmála aukist um tæplega 5% á milli ára. Í því samhengi hefur orðið fjölgun á flóknum almennum einkamálum er varða velferðarþjónustu sem og málum sem flutt eru á öllum dómstigum, þ.e. fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Dómstólar heimila almennt ekki rafræn skil gagna í einkamálum. Af þeim sökum þarf iðulega að prenta öll skjöl máls og afrita í nokkrum eintökum sem og að binda inn fyrir áfrýjunardómstólum. Það útheimtir mikla vinnu starfsfólks embættis borgarlögmanns og/eða kostnað Reykjavíkurborgar. Þá hefur

orðið mikil aukning á fjölda almennra ráðgjafarmála, lögræðismála og slysa- og skaðabótamála eða um 43% frá fyrra ári.

Á meðal verkefna borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa og fer borgarlögmaður eins áður greinir með fyrirsvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart kærunefnd útboðsmála. Mál fyrir kærunefnd útboðsmála svipa til dómsmála og eru rekin með hraði og krefjast því skjótra viðbragða borgarlögmanns. Þannig fá lögmenn embættisins oftar en ekki frest í kringum tvær vikur og allt niður í nokkra daga til þess að koma á framfæri athugasemdu við kærur. Jafnframt sinnir borgarlögmaður lögfræðilegri ráðgjöf við innkaupa- og framkvæmdaráð en það verkefni hefur stækkað að umfangi þar sem bætt hefur verið við vikulegum undirbúningsfundi fyrir fund ráðsins sem lögmenn embættisins sitja, ásamt formanni ráðsins og starfsfólki innkaupaskrifstofu. Þá stendur yfir endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar sem borgarlögmaður leiðir, ásamt innkaupaskrifstofu. Þegar þeirri endurskoðun lýkur og nýjar og breyttar reglur taka gildi eykst þörf á kynningu og fræðslu af hálfu borgarlögmanns til þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar er sinna innkaupum. Að öðru leyti en hér greinir að framan taka verkefni embættis borgarlögmanns mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmanns er að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf á hlutlægan hátt um alla þætti stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Málategund	2018 og fyrr	2019	2020	2021	2022	2023	2023 áætluð heild	Í vinnslu
Almenn ráðgjafarmál	90	198	189	149	112	127	169	47
Hæstaréttarmál		4	0	6	6	0	2	2
Landsréttarmál		28	51	54	50	39	52	9
Héraðsdómsmál		23	16	19	13	8	11	30
Barnaverndarmál fyrir héraðsdómi		36	48	38	40	28	37	6
Lögræðismál fyrir héraðsdómi	33	84	104	106	114	100	133	2
Útboðs- og innkaupamál		50	63	67	27	16	21	16
Mál vegna slysatrygginga starfsfólks	42	78	78	92	102	126	168	25
Mál vegna slysatrygginga barna	5	1	1	2	2	3	4	7
Mál vegna ákvæðis 8.5.1 í kjarasamningum		8	7	2	3	5	7	7
Mál vegna krafna í frjálsa ábyrgðartryggingu	7	16	16	13	12	9	12	10

Tafla 1 - Fjöldi mála hjá embætti borgarlögmanns eftir málategundum. Áætlun fyrir 2023 miðar við stöðuna í lok september sama ár (það athugast framsetning á tölfraði er breytt frá fyrrri árum).

## INNRI ENDURSKODUN OG RÁÐGJÖF

Innri endurskoðandi heyrir undir borgarráð og er ráðinn af ráðinu að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hlutverk Innri endurskoðunar og ráðgjafar er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttar Reykjavíkurborgar. Jafnframt að veita ráðgjöf um persónuvernd, upplýsa, fylgjast með og sjá um önnur verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuatingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Hlutverk innri endurskoðanda er jafnframt að leiðbeina íbúum í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á þeim hafi verið brotið. Einnig að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim um mál sem tengjast hlutverki innri endurskoðanda, þ. á m. um framkvæmd innra eftirlits, um persónuvernd og meginreglur stjórnsýslulaga. Auk framangreinds tekur innri endurskoðandi

á móti gögnum og upplýsingum um lögþróð eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Skipulagi Innri endurskoðunar og ráðgjafar er lýst hér að neðan en mikil áhersla er lögð á sveigjanlegt teymisskipulag þar sem innri endurskoðandi fer með yfirstjórn fagþáttu og mannaforráð. Fagstjórar tryggja faglega yfirsýn, bera ábyrgð á samhæfingu í vinnubrögðum og samræma aðferðarfræði í verkefnum og verkefnastjórnun. Verkefnastjórar vinna að sérfræðiverkefnum og fara með tímabundna teymisstjórnun í einstökum verkefnum.

Skipulag Innri endurskoðunar og ráðgjafar (IER)		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		
	<b>Innri endurskoðun og ráðgjöf</b>	Uppljóstrunargátt, gæðamál, reikningar, innkaup, áætlanagerð, skjalavarsla, lögfræði, eftirfylgni með verkefnastýringu, móttaka erinda, tölfraði			
	<b>Fagsvið persónuverndar</b>	Móttaka mála og ráðgjöf er tengist vinnslu á persónuupplýsingum hinna skráðu Ráðgjöf við ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila Eftirlit með fylgni við lög um persónuvernd Ráðgjöf við mat að áhrifum á persónuvernd	Eftirlit- staðfestingarverkefni	Ráðgjöf	Fraðsla
	<b>Fagsvið innri endurskoðunar</b>	Framkvæmd Innri endurskoðunar á grundvelli áhættumiðaðrar áætlunar sem er í samræmi við meginmarkmið borgastjórnar. Frumkvæðisúttektir			Sáttamiðun
	<b>Fagsvið ráðgjafar</b>	Greiðir götu borgarbúa og sættir sjónarmið. Vaktar kvartanir borgarbúa yfir veitri þjónustu. frumkvæðisathuganir. Ef til samvinnu innan stjórnsvíslunnar um meðferð kvótunarmála			

### Skrifstofa innri endurskoðanda

Starfssvið Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. Viðfangsefni er lúta að innri endurskoðun taka til allrar samstæðunnar. Verkefni ráðgjafa borgarbúa ná til A hlutans auk Félagsbústaða og verkefni persónuverndarfulltrúa til A hluta.

Á skrifstofu innri endurskoðanda er rekin sérstök vefgátt fyrir móttöku uppljóstrana, svo og nafnlausra tilkynninga um lögþróð og aðra ámælisverða háttsemi. Vefgáttin er aðgengileg á heimasiðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar ([www.innriendurskodun.is](http://www.innriendurskodun.is)) og er þar boðið upp á stofnun og notkun öruggs pósthólfs fyrir frekari samskipti við uppljóstrara og þá sem senda inn nafnlausar tilkynningar. Sérstök áhersla er lögð á að gæta leyndar um uppljóstrara samkvæmt lögum nr. 40/2020. Í því felst að gæta skal trúnaðar gagnvart utanaðkomandi aðilum um nöfn uppljóstrara og aðrar þær persónuupplýsingar sem geta leitt í ljós hverjir þeir eru.

### Fagsvið persónuverndar

Persónuverndarfulltrúi veitir stjórnendum Reykjavíkurborgar, starfsfólk og skráðum einstaklingum ráðgjöf um persónuvernd, upplýsir þá, fylgist með og sér um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, sbr. lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi

sinnir fræðsluhlutverki og ráðgjöf við öll fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við sérfræðinga á sviðum eftir því sem við á og er í samráði við Persónuvernd þegar það á við. Persónuverndarfulltrúi leiðir samstarfsteymi persónuverndarsérfræðinga Reykjavíkurborgar og skal vera vettvangur fyrir gagnvirkja fræðslu til að stuðla að samræmdri framkvæmd um persónuverndartengd málefni. Þar á meðal fræðslu um gerð vinnslusamninga, um viðbrögð við öryggisbrestum, um fyrirfram samráð við Persónuvernd, um mat á áhrifum af vinnslu á persónuvernd („MÁP“), um staðlaða fræðslu og um stefnu á sviði persónuverndar- og öryggismála.

#### Fagsvið innri endurskoðunar

Innri endurskoðun er unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og er hlutverkið að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar faglega og óháða ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Val og forgangsröðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er tekið tillit til innleggss frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun og ráðgjöf gerir jafnframt innri endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Orkuveitu Reykjavíkur sf. og dótturfélögin Carbfix, Veitur, ON og Ljósleiðarann, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf. og Malbikunarstöðina Höfða hf. og hafa gildandi áætlanir verið lagðar fyrir og samþykktar af stjórnnum þessara félaga. PwC sinnir innri endurskoðun hjá SORPU bs. og hjá Strætó bs. sinnir Deloitte innri endurskoðun félagsins.

#### Fagsvið ráðgjafar

Viðfangsefni ráðgjafa borgarbúa er að vakta og fylgjast með eðli kvartana borgarbúa til einstakra fag- og kjarnasviða yfir veittri þjónustu og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum eða beina tilmælum til fag- og kjarnasviða um úrbætur á málsmæðferð og/eða starfsemi sinni. Vöktun þessi skal þjóna því markmiði að efla samfelli innan stjórnsýslunnar um meðferð kvörtunarmála, ná fram skilvirkni og betrumbæta góða stjórnsýsluhætti. Hann veitir borgarbúum ráðgjöf, greiðir götu þeirra og leiðbeinir þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Tilgangurinn er að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarstarfsmanna og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í stjórnsýsluframkvæmd. Ráðgjafi borgarbúa gegnir veigamiklu fræðsluhlutverki gagnvart framlínustarfsmönnum Reykjavíkurborgar.

## MANNRÉTTINDA -OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Skrifstofan ber ábyrgð á lýðræðisverkefnum, innleiðingu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, Hverfinu mínu og samráði við notendur. Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa vinnur með mannréttinda- og

ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málafloksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Enn fremur fylgir skrifstofan eftir kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks, Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar, Öldungaráð Reykjavíkurborgar og níu íbúaráð Reykjavíkurborgar. Auk þess fylgir skrifstofan eftir aðild Reykjavíkurborgar að fjölmennningarborgum (Intercultural Cities), Nordic Safe Cities, Regnbogaborgum (Rainbow Cities), og Skjólborgarverkefninu (ICORN).

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Á skrifstofunni eru 7,0 stöðugildi skrifstofustjóra og verkefnisstjóra.

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á yfirstandandi kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fara til umfjöllunar í borgarstjórn. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Skjalavistunarkerfið Hlaðan hefur nú verið innleitt að mestu auk fundargerðakerfi en enn er unnið að því að sníða vankanta af kerfinu og tengja það við kerfi sem annast birtingu fundargagna á vef, svokölluðum „Saltfiski“ til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Enn er verið að vinna að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna uppsetningu á endanlegum fjarfundabúnaði og önnur atriði sem tengast upptökum, útsendingum og streymi á fundum borgarstjórnar. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram verður unnið að þróun


verkferla í málaflokknum og lögð á hersla á að viðhalda vandaðri málsmeðferð og bæta leiðbeiningar og þjónustu við rekstraraðila enn frekar.

Undirbúningur fyrir forsetakosningar sem fyrirhugaðar eru 1. júní 2024, ef fleiri en einn frambjóðandi verða í kjöri, hófst með rásfundi Landskjörstjórnar með framkvæmdaaðilum kosninga; yfirkjörstjórnir kjördæma og sveitarfélaga, fulltrúar frá sýslumönnum og Þjóðskrá Íslands. Álag á skrifstofu borgarstjórnar verður umtalsvert fyrri hluta árs 2024, ef af kosningum verður enda verða þetta fyrstu forsetakosningar sem framkvæmdar verða samkvæmt nýjum kosningalögum sem tóku gildi 1. janúar 2022, breytingar hafa orðið á verkefnum framkvæmdaaðila, tímasetningum og ýmsum verkþáttum kosninga.

**Hagræðing:** Fjármagn skrifstofu borgarstjórnar er að meginsteftnu nýttur í launakostnað kjörinna fulltrúa þ.e. 23 borgarfulltrúa og 8 varaborgarfulltrúa. Á skrifstofunni sjálfri er 7,0 stöðugildi en nú þegar hefur verið hagrætt um um 0,5 stöðugildi þrátt fyrir að verkefnin aukist stöðugt. Hagræðingu á skrifstofu borgarstjórnar verður þ.a.l. líklega ekki mætt nema með flötum niðurskurði á alla liði skrifstofunnar nema launakostnaði. Hagræðing mun því aðallega birtast á eftirfarandi hátt:

- Lækkun á sérfræðiaðstoð við borgarstjórnarflokka.
- Lækkun á styrkjapotti borgarráðs.
- Lækkun á ferðakostnaði kjörinna fulltrúa á vegum borgarráðs og borgarstjórnar.
- Breytingum á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa með lækkun á t.d. starfskostnaði kjörinna fulltrúa.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA



Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra. Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu, fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og er tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B- hluta fyrirtæki.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur unnið starfsáætlun<sup>1</sup> sem nær til áranna 2022-2026 og er endurskoðuð árlega og felur í sér skilgreiningu á hlutverki og markmiðum til lengri tíma auk þess sem settar eru fram aðgerðir til skemmri tíma og endurskoðuð árlega. Aðgerðaáætlunin sem er í endurskoðun mun ná til loka árs 2024 og verður þá endurskoðuð. Samhliða fer fram uppfærsla á markmiðum og mælikvörðum eins og þurfa þykir.

Starfsáætlunin byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í Græna planinu, fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og á grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi. Hún byggir á kröfum fjármálastefnunnar um langtíma stefnumótun fyrir hvern málaflokk til ekki skemmri tíma en fimm ára í senn, þar sem lýst er áherslum og markmiðum sem rúmast innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er í fimm ára áætlun. Fjármálastefna Reykjavíkurborgar leggur einnig áherslu á gagnsæi byggt á reglubundinni skýrslugjöf á mælanlegum markmiðum. Í samræmi við áherslur fjármálastefnu er í starfsáætluninni skilgreint fyrir skrifstofuna og málaflokkka innan hennar hlutverk, gildi, meginmarkmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerðaáætlunar.

### Hlutverk, leiðarljós og gildi

Hlutverk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er að þjónusta borgarstjóra og undirbúa samræmda stefnumörkun Reykjavíkurborgar ásamt því að fylgja eftir innleiðingu Græna plansins. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfðri og áreiðanlegri upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar. Hún vinnur að atvinnu- og borgarþróun Reykjavíkurborgar með hagkvæmri nýtingu borgarlands að leiðarljósi og ber ábyrgð á innleiðingu lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar
- Ber ábyrgð á og fylgir eftir innleiðingu Græna plansins og samræmdri stefnumörkun Reykjavíkurborgar
- Innleiðing og eftirfylgni lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Ber ábyrgð á utanumhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana
- Ber ábyrgð á samhæfðri stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum
- Ber ábyrgð á mörkun og viðburðarstjórnun á stærri viðburðum borgarinnar
- Ber ábyrgð á að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um nýting borgarlands hverju sinni
- Þróar og innleiðir uppbyggingaráætlanir á borgarinnar
- Annast þróun, leigu og sölu á ákveðnum fasteignum og lóðum borgarinnar
- Ber ábyrgð á markaðsstarfi tengt atvinnu- og borgarþróun
- Ber ábyrgð á samstarfi við atvinnulífið og þróun slíks samstarfs

<sup>1</sup> Starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, *Sjálfbær og heilbrigð Reykjavík*, og áætlun í starfi 2022-2026 má finna á vefsíðu skrifstofunnar: <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/skrifstofa-borgarstjora-og-borgarritara-0>

- Ber ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu Reykjavíkur og þáttöku í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og nýsköpunar

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska, þjónusta og samvinna*.

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku.*

Eftirfarandi málaflokkar eru hýstir á skrifstofunni:

1. Þjónusta- og stjórnsýsla
2. Samskipti, mörkun og viðburðastjórnun
3. Lóðaúthlutun og samningagerð
4. Atvinnu- og borgarþróun
5. Lýðheilsa

Sameiginlegar aðgerðir skrifstofunnar sem unnið er að:

- Efling starfsánægju og vinnuumhverfis
- Efling verkefnastjórnunar
- Gæðahandbók
- Mælaborð
- Innleiðing þjónustustefnu
- Meginverkferill um þróun uppbyggingarsvæða og lóðaúthlutun
- Fræðsluáætlun
- Stafræn umbreyting á þjónustuferlum

Hér á eftir er umfjöllun um hlutverk og meginmarkmið málaflokka skrifstofunnar. Ítarlegri umfjöllun um hlutverk er að finna í starfsáætlun skrifstofunnar og þar eru jafnframt sett fram mælanleg markmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerða.

### **Þjónusta og stjórnsýsla**

Hlutverk málaflokks: Þjónusta og stuðningur við borgarstjóra í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri, æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar og sem opinber fulltrúi borgarinnar.

Leiðarljós málaflokks: *Framúrskarandi þjónusta við borgarstjóra, íbúa og samfélagið.*

Meginmarkmið: 1. Skilvirk og fagleg þjónusta og stjórnsýsla sem er til fyrirmynðar fyrir aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, 2. Faglegur undirbúningur og utanumhald vegna þáttöku borgarstjóra sem opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðburðum og athöfnum innan lands og utan, 3. Traustar almannavarnir og forysta um starf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Á næstu misserum eru aðgerðir í málafloknum m.a. áframhaldandi vinna við gerð gæðahandbókar þjónustu- og stjórnsýsluteymis, stafræn umbreyting og endurútgáfa viðbragðsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## Samskipti og mörkun

Hlutverk málaflokks: Stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum og tímaleg, samhæfð og áreiðanleg upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar. Innleiðing á samræmdri mörkun og merkingum þvert á starfsemi borgarinnar samkvæmt samþykktum vörumerkjavísi, ásamt leiðbeiningar til fag- og kjarnasviða varðandi mörkunarmál. Yfirsýn, ritstjórn og samhæfing á gerð markaðsefnis og birtingum. Skipulag, verkefnastjórnun og utanumhald stærri viðburða í Reykjavík, viðburðastjórn í ráðhúsi auk stefnumótun fyrir viðburðahald í borginni. Samskipti við hagaðila í tengslum við viðburðahald og mörkun.

Leiðarljós málaflokks: *Reykjavík er borgarsamfélag þar sem allir hafa greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum sem er miðlað á skýran og fjölbreyttan hátt. Góð samskipti við íbúa, gesti og umheiminn stuðla að traustri og jákvæðri ímynd Reykjavíkurborgar. Reykjavík er lifandi og spennandi borg þar sem viðburðir og hátiðir gæða borgina alla lífi allt árið um kring.*

Meginmarkmið: 1. Aukin samhæfing mörkunar og merkinga fyrir fjölbreytta þjónustu Reykjavíkurborgar svo ávallt sé ljóst hver er að veita viðkomandi þjónustu. 2. Samhæfð og skilvirk samskiptastjórnun og upplýsingamiðlun með áherslu á notendamiðað aðgengi og fjölbreytta miðlun til allra hópa, 3. Áreiðanleg upplýsingamiðlun sem stuðlar að gagnsæi og öryggi og auðveldar íbúum aðkomu að starfsemi og þátttöku í ákvarðanatöku borgarinnar, 4. Jákvæð ímynd, traustur og vingjarnlegur tónn Reykjavíkurborgar með samstilltri rödd, últli og efnistökum í samskiptum, 5. Bættir ferlar í tengslum við viðburðahald í Reykjavík þar sem komið er að mikilvægum þáttum og framþróun s.s. hvað varðar umhverfismál og sjálfbærni í viðburðahaldi, samræmdri mörkun, og samstarfi ólíkra sviða borgarinnar og utanaðkomandi hagaðila.

## Lóðaúthlutun og samningagerð

Hlutverk málaflokks: Að vinna að hagkvæmri nýtingu borgarlandsins og innviða þess ásamt tekjuöflun fyrir Reykjavíkurborg.

Framtíðarsýn málaflokks: *Í Reykjavík er skjót, skilvirk og gagnsæ úthlutun lóða og samningsgerð á uppbyggingarsvæðum sem aflar tekna til fjárfestingar í innviðum borgarinnar.*

Meginmarkmið: 1. Stafræn umbreyting á úthlutunarferli lóða, sölu byggingarréttar og annarrar samningagerðar, 2. Skilvirk samstarf innan Reykjavíkurborgar við undirbúning fyrir og við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar, 3. Reykjavíkurborg afli tekna af úthlutun lóða, sölu byggingarréttar og uppbyggingarsamningum til að fjárfesta í stofnkostnaði innviða, 4. Fjölgun leiguíbúða, búseturéttaríbúða og félagslegra íbúða á þettingarsvæðum.

## Atvinnu- og borgarþróun

Hlutverk málaflokks: 1. Græna planið: Þróun og miðlun, þ.m.t. viðhald og uppfærsla vefsíðu, regluleg uppfærsla aðgerðaáætlunar og forgangsverkefna Græna plansins í samvinnu við fagsvið, hálfssársleg uppfærsla á aðgerðaráætlun, ábyrgð á áherslum Græna plansins á þróun nýrra atvinnutækifæra framtíðarinnar og að tryggja ný athafnasvæði fyrir atvinnulífið, 2. Borgarþróun: Þátttaka í þróun borgarsvæða til að tryggja framgang, samhæfingu og yfirsýn verkefna í samræmi við Græna planið,

Aðalskipulag Reykjavíkur og aðra samþykkta stefnumörkun borgarinnar auk ýmissa sérverkefna á sviði borgarþróunar, 3. Atvinnuþróun: Tengiliður atvinnulífsins við borgina og vinnur að aukinni samkeppnishæfni þess og að eflingu nýsköpunar og samstarfs við fyrirtækin í borginni, 4. Alþjóðamál: Tengiliður borgarinnar í ákveðnu alþjóðasamstarfi og rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Þátttaka í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum og umsóknum í sjóði. Ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu og samhæfingu í alþjóðamálum Reykjavíkurborgar.

### Lýðheilsa

Hlutverk málaflokks: Að vinna að þróun og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu.

Framtíðarsýn málaflokks: Reykjavík er heilsueflandi, sjálfbaert og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.

Meginmarkmið: 1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum, 2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir, 3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar, 4. Endurskoðun og skilvirk innleiðing lýðheilsustefnu Reykjavíkur og aðgerðaáætlunar hennar.

Á næstu árum eru aðgerðir í málafloknum einkum þær sem finna má í aðgerðaáætlunum lýðheilsustefnu auk þátttöku í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu sem borgin fékk að vorið 2021.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
þjónusta- og stjórnsýsla						
Stjórnsýsluerindi	636	687	451	238	200	230
Móttökur	39	8	10	46	37	36
Ávörp og greinar	N/a	N/a	N/a	118	90	104
Boðs-, samúðar og þakkarbréf	N/a	N/a	N/a	125	40	40
Mál til vinnslu í borgarráði	N/a	226	306	336	300	300
Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði og öðrum ráðum	N/a	28	31	28	33	33
Erindisbréf starfshópa borgarstjóra og borgarritara	24	20	16	22	27	20
Samskipti og mörkun	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Fréttatilkyningar	812	428	470	673	500	650
Fjölmíðlafyrirspurnir	350	357	712	734	1054	1200
Húsnaðis- og lóðamál	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Fjölgun íbúða í Reykjavík (tilbúnar íbúðir - Alls)		791	1285	1234		
- Fjölgun almennra íbúða		731	493	748		
- Fjölgun íbúða húsnaðisfélaga		60	792	486		
Hagkvæmt húsnaði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur		1 verkefni	45	79	0	100
Fjöldi lóðaúthluttana	22	25	23	39	7	15
- þar af fjölbýlishús	5	4	8	28	3	8
- þar af íbúðakjarni	1	1	1	2	1	1
- þar af einbýli	9	9	3	0	0	2
- þar af rað-, par- og tvíbýlishús	3	7	3	5	0	2
- þar af atvinnulóðir	4	4	7	10	3	2
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	227	299	422	1391	220	350
Uppbyggingarsamningar						
- Fjöldi samninga	6	3	9	22	3	5
- Fjöldi íbúða	313	108	1250	2426	70	100
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	379	37	200	479	14	20
- Kaupréttur Félagsbústaða	95	4	59	113	4	5
Lóðarvilyrði - Fjöldi	15	9	11	44	0	5
- þar af fjölbýlishús	12	4	5	42	0	0
- þar af íbúðakjarni	1	2	1	1	0	0
- þar af atvinnulóðir	2	3	5	1	0	5
Atvinnu og verslun	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Fjöldi fyrirtækja í Reykjavík	7.912	8.055	8.131	8.005	8.025	8.000
Fjöldi fyrirtækja per 1.000 íbúa	62,5	62	60,1	61	62,7	60
Fjöldi nýskráninga hlutafélaga og einkahlutafélaga	980	1090	1.474	1.304	1250	1100
Fjöldi gjaldprota á höfuðborgarsvæðinu	571	586	652	308	800	650
Seldar gistiðær á hótelum á höfuðborgarsvæðinu	2.511.000	727.000	1.154.356	2.531.000	2.600.000	2.750.000
Samþykkt byggingarleyfi á atvinnuhúsnæði í Reykjavík í fermetrum	102.390	71.014	59.841	82.723	50.000	50.000
Verslun og þjónusta í miðbænum (Alls)	606	627	641	707	733	740
- Verslun	266	250	243	219	224	220
- Veitingar	215	208	203	217	224	220
- Menning og önnur þjónusta	87	84	90	113	117	120
Hlutfall lausra rýma í miðborg	6,6%	10,8%	12,3%	12,0%	10,5%	9%
Alþjóðamál og rannsóknarsamstarf	2019	2020	2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Alþjóðlegir samningar, samtök og annað samstarf						
- Samningar/sáttmálar	N/a	13	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
- Formleg samtök	N/a	39	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
- Annað samstarf	N/a	124	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
Fjöldi rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja		2	2	2	2	3
Fjöldi umsókna um rannsóknar- og nýsköpunarstyrki						4
- Upphæð rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja		€ 953.343	€ 15.000	€ 102602	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
Lýðheilsa	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Lýðheilsumat - Fjöldi verkefna	0	0	1	2	1	1

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

---

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjaldar.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 836 m.kr. Þar af eru 690 m.kr. vegna afsláttar ellir- og örorkulifeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 12,5 m.kr. Lýðheilsusjóður nemur 20 m.kr. hverfissjóður nemur 10 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 103 m.kr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 67 m.kr. Þar af verði 52 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægs tölvukerfis.** Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 144 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfis 53 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfis 91 m.kr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 1.099 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 677 m.kr. en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 370 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 0,006% af fasteignamati. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 52 m.kr.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn launa- og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt launaútgjöld sem munu þegar kostnaðarmat liggur fyrir færast til fagsviða samtals 5.512 m.kr. Þar er m.a. áætlað vegna væntra kjarahækkan, endurmats starfa og samninga Reykjavíkurborgar við einkarekna grunnskóla/leikskóla og velferðarúrræðum sem taka breytingum til samræmis við kjarahækkanir samtals 5.386 m.kr.

**Kosningar.** Forsetakosningar eru áætlaðar 2024. Útgjöld 150 m.kr. og greiðsla frá Ríkinu 150 m.kr. Samtals 0 m.kr.

**Ýmis kostnaður** er áætlaður 7.318 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn af liðnum ófyrirséð; sem nemur 5.010 m.kr. vegna verkefna sem ekki eru farin af stað eða kostnaðarmat ekki ljóst. Má þar m.a. nefna opnun nýrra leikskóla og vegna vetrarþjónustu. Áætlaðar eru um 2.058 m.kr. í innri leigu áhalda og tækja, sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar. Áætlað er að verja 47 m.kr. til reksturs Höfða. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 19 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Tryggingar eru áætlaðar 28 m.kr. móttökur og viðburðir 25 m.kr. Nýsköpunarsjóður námsmanna 15 m.kr. og ýmis önnur mál 38 m.kr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.250 m.kr. árið 2024. Að auki er gert ráð fyrir gjaldfærslu vegna fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

# EIGNASJÓÐUR

## LEIÐARLJÓS

*Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málid varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.*

### HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður Reykjavíkurborgar er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Eignasjóður annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað) og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2040 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna eignasjóðs.

### EIGNASKRIFSTOFA

- Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).
- Próar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.
- Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.
- Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.
- Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.
- Hefur eftirlit með stjórnsýslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.
- Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.
- Annast kaup og sölu eigna.
- Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrslna og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnsýslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samanburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldsbörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

## SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU Í EIGNASJÓÐI

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillöguggerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnana o. fl.

## ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ (ÞON)

- Ber ábyrgð á þróun og rafvæðingu þjónustuferla borgarinnar.
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu á vefum og veflausnum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á tæknilegri umbótastofu sem annast m.a. viðskiptaþróun og val á tæknilegum notendalausnum.
- Ber ábyrgð á gagnastjórnun og uppbyggingu á viðskiptagreindarbúnaði og lausnum.
- Ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun í samræmi við viðskiptaþróun og -hagsmuni.

- Ber ábyrgð á upplýsingatækninnviðum og öryggi þeirra.
- Ber ábyrgð á notendabúnaði borgarinnar, skráningu hans og aldursgreiningu, og endurnýjunaráætlun.
- Ber ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga, öryggiskerfum og aðgangsstýringu þeirra.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Skipting áætlunar 2024		
				Eignaskrifstofa	Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu	USK eignasjóði
Leigutekjur	35.662	34.353	33.597	33.597	0	0
Aðrar tekjur		0	7.160	2.386	4.000	774
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>35.662</b>	<b>34.353</b>	<b>40.757</b>	<b>35.982</b>	<b>4.000</b>	<b>774</b>
Laun og launatengd gjöld	2.496	2.913	2.965	137	101	2.727
Annar rekstrarkostnaður	6.844	7.095	7.928	5.601	250	2.077
Afskriftir	7.691	8.350	9.361	9.361	0	0
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>17.032</b>	<b>18.358</b>	<b>20.254</b>	<b>15.099</b>	<b>351</b>	<b>4.804</b>
Fjármagnsliðir	-15.392	-11.529	-11.189	-11.189	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.238</b>	<b>4.466</b>	<b>9.314</b>	<b>9.695</b>	<b>3.649</b>	<b>-4.030</b>

Áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2024 eru 33.597 m.kr. Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 4.000 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 2.200 m.kr.

## FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2024

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir að 22.767 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 2.612 m.kr. lækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2023.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2024
<b>Byggingarframkvæmdir</b>	
Menningar- og íþróttasvið, Menningarmál	442.000
Skóla- og fristundasvið - grunnskólar	3.195.000
Skóla- og fristundasvið - leikskólar	1.904.000
Menningar- og íþróttasvið, Íþróttta- og tómstundamál	4.630.000
Velferðarsvið	485.000
Ýmsar fasteignir	160.000
Bílastæðasjóður	0
<b>Byggingarframkvæmdir samtals</b>	<b>10.816.000</b>
<b>Gatna- og umhverfisframkvæmdir</b>	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	1.641.000
Nýbyggingahverfi	2.740.000
Miðborgin	1.085.000
Umhverfi- og aðgengismál	1.150.000
Umferðaröryggismál	350.000
Umferrissvið - Ýmsar framkvæmdir	1.625.000
<b>Gatna- og umhverfisframkvæmdir</b>	<b>8.591.000</b>
<b>Lóðir, lönd og skipulagseignir</b>	<b>45.000</b>
<b>Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni</b>	<b>350.000</b>
<b>Áhöld, tæki og hugbúnaður</b>	<b>2.965.000</b>
<b>FJÁRFESTING SAMTALS:</b>	<b>22.767.000</b>
Gatnagerðargjöld	-2.000.000
<b>FJÁRFESTING NETTÓ:</b>	<b>20.767.000</b>

## HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2024

**Menningar– íþróttasvið, Menningarmál:** Lokið verður við úrbætur á aðgengismálum á Ásmundasafni. Undirbúningur heldur áfram að breytingum á Grófarhúsi og stofnun á safni Nínu Tryggvadóttur sem verður til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur.

**Skóla– og frístundasvið:** Uppbygging leikskóla heldur áfram á næstu árum, með nýjum leikskólum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda. Hönnun og framkvæmdir halda áfram á endurnýjun og stækkan Fossvogsskóla og Hagaskóla. Undirbúningur hefst við stækkan skóla í Laugardal og halddi áfram með endurbætur og stækkanir á eldri skólum. Nýir skólar í Skerjafirði og Vogabyggð verði undirbúnir. Áfram verður halddi með átak í viðhaldsmálum skólahúsnaðis en á fimm ára áætlun er gert ráð fyrir u.þ.b. 23 milljörðum í endurbætur grunn- og leikskóla.

**Menningar– íþróttasvið, Íþróttar– og tómstundamál:** Uppbyggingu skíðasvæða í Bláfjöllum verður lokið á árinu samkvæmt samkomulagi um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Undirbúningur þjóðarhallar heldur áfram í samstarfi við ríkið. Uppbygging íþróttamannvirkja hjá Fram í Úlfarsárdal heldur áfram sem og framkvæmdir að gerð vetrargarðs í Breiðholti. Framkvæmdir við fjölnota knatthús KR munu hefjast á árinu og áfram heldur endurnýjun gervigrasvalla og flóðljósa hjá íþróttafélögum borgarinnar. Landsmót hestamanna verður halddi í Víðidalnum í samstarfi við Hestamannafélagið Fák. Undirbúningur hefst fyrir bætta aðstöðu á ylströndinni í Nauthólvík. Þá verður áfram fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. bætta skíðalyftur í hverfum, sparkvöllur á Landakotstúni og endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum.

**Velferðarsvið:** Áfram er ráðgert að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum í samstarfi við ríkið. Undirbúningur er í gangi við nýtt hjúkrunarheimili við Mosaveg og byrjað er að huga að uppbyggingu rými á Höfða. Nýtt vistheimili barna er enn í undirbúningi og þá er verið að meta framtíðar möguleika og umbætur á Konukoti. Enn er verið að skoða framtíðarmöguleika með framleiðslueldhús, stækkan eða endurgerð.

**Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum:** Undirbúningur hefst um nýja hverfisbækistöð í austurhluta borgarinnar sem ætlað er að leysa af hverfisbækistöðina á Stórhöfða. Möguleikar á uppbygging samgöngumiðstöðvar verða áfram metnir og Betri hverfi – Hverfapottar halda áfram í uppbyggingu og framkvæmdum sem og þróun og endurbætur á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

## AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Fjárfestingaráætlun vegna áhalda, tækja og hugbúnaðar verða áfram helstar í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Mikil áhersla er lögð á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar sem mikil áhersla er lögð á orkuskipti tækja. Endurnýjun sorpbíla með aukna flokkunarmöguleika heldur áfram og nýrri loftgæða mælistöð verður bætt við tækjabúnað Heilbrigðiseftirlits borgarinnar.

## HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2024

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2024-2028 verða verkefni tengd þéttingu byggðar, umhverfis- og aðgengismál, fjölgun götutrjáa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef. Undirbúningur Borgarlínu, fjölgun hjólastíga og úrbóta í samgöngum verður haldið áfram með samgöngusáttmálanum auk tengdra verkefna. Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2024 eru eftir sem áður á íbúasvæðunum í Vogabyggð, Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi, Gufunesi, Úlfarsárdal, Hlíðarenda, Skerjafirði og Veðurstofureit. Að auki á uppbyggingarsvæðum í Gufunesi og Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða og atvinnuhúsnaðis.

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólreiðaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála, má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni og áherslur á líffræðilega fjölbreytni. Þá verður haldið áfram með uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram og aukið við í brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

## GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2024-2028

Áfram er mikið af grænum fjárfestingum í nýrri áætlun. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að meirihluti fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útkomusp. 2023	Áætlun 2024
<b>Eignarekstur</b>					
Fjöldi fasteigna í rekstri	539	526	543	548	544
Flatarmál fasteigna í rekstri m2	596.727	608.388	614.860	625.236	625.275
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	101	102	105	116	120
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	6	7	12	14	16
<b>Úthlutun og sala byggingaréttar</b>					
Fjöldi lóðaúthlutanna	25	23	12	9	30
- þær affjölbýlishús	4	8	7	4	15
- þær afíbúðakjarni	1	1	1	1	1
- þær af einbýli	9	3	0	0	0
- þær afrað, par- og tvibýlishús	7	3	0	0	6
- þær afatvinnulóðir	4	7	4	4	8
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	299	422	729	250	920
<b>Uppbyggingsamningar</b>					
- Fjöldi samninga	3	9	6	4	10
- Fjöldi íbúða	108	1.250	589	70	600
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingum	37	200	119	114	240
- Kaupréttur Félagsbústaða	4	59	29	4	60
Lóðarvilyrði - Fjöldi	9	11	20	0	15
- þær affjölbýlishús	4	5	15	0	11
- þær afíbúðakjarni	2	1	4	0	1
- þær afatvinnulóðir	3	5	1	0	3

# FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2024 eru áætluð 1.499,9 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.424,3 m.kr. framlag til Almannaþáttumálsins verði 13,3 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 62,3 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2024 nemi 2.518,5 m.kr. að 23,6 m.kr. fari til Almannaþáttumálsins og 110,1 m.kr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2024 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

Framlög eigenda 2024 (þ.kr.)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag	Framlag til Almannaþáttumálsins	Framlag til fjárfestingasjóðs	Samtals framlög
Reykjavíkurborg	57%	1.424.274	13.331	62.265	1.499.870
Kópavogur	16%	405.960	3.800	17.747	427.507
Hafnarfjörður	12%	311.237	2.913	13.606	327.756
Garðabær	8%	192.631	1.803	8.421	202.855
Mosfellsbær	5%	136.776	1.280	5.979	144.035
Seltjarnarnes	2%	47.622	446	2.082	50.150
Kjósarhreppur	0%	0	27	0	27
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>2.518.500</b>	<b>23.600</b>	<b>110.100</b>	<b>2.652.200</b>

## STRÆTÓ BS.

Heildarframlög Reykjavíkurborgar til Strætó BS. eru áætluð 3.887 m.kr og þar af eru rekstrarframlög sem skiptast á milli eigenda 3.617 m.kr og nemendaframlög 193 m.kr. Framlag vegna næturstrætó og bættra samgangna í Reykjavík er áætlað 59 m.kr. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að hefðbundin rekstrarframlög eigenda nemi 5.862 m.kr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó.

Rekstrarframlög 2024 (þús.kr.)	Hlutfallsleg skipting	Áætluð framlög 2024
Reykjavíkurborg	62%	3.617.123
Kópavogur	14%	809.460
Hafnarfjörður	10%	568.988
Garðabær	7%	438.821
Mosfellsbær	5%	319.002
Seltjarnarnes	2%	108.112
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>5.861.506</b>


## B-HLUTA FYRIRTÆKI

# FAXAFLÓAHAFNIR SF.

## LEIÐARLJÓS

Verði leiðandi fyrirtæki í hafnarþjónustu, þróun hafnarinnviða og lands og þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Nýti náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í bágu atvinnulífs og viðskipta verði leiðandi og til fyrirmynðar í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggis, heilbrigðis- og umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og þannig lágmarka áhættu starfseminnar.

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðabjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf. þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028


	2023	2023Ú	2024Á	2025Á	2026Á	2027Á	2028Á
<b>Rekstrartekjur</b>							
Sala á vörum og þjónustu	5.347	5.346	5.684	5.842	6.310	6.863	7.507
	<b>5.347</b>	<b>5.346</b>	<b>5.684</b>	<b>5.842</b>	<b>6.310</b>	<b>6.863</b>	<b>7.507</b>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og tengd gjöld	-1.678	-1.705	-1.896	-1.953	-2.004	-2.054	-2.105
Rekstrarkostnaður	-1.792	-1.760	-1.930	-1.993	-2.166	-2.370	-2.609
Stjórnunarkostnaður	-131	-127	-137	-141	-144	-148	-152
	<b>-3.600</b>	<b>-3.592</b>	<b>-3.963</b>	<b>-4.087</b>	<b>-4.314</b>	<b>-4.572</b>	<b>-4.866</b>
<i>Sala eigna</i>	0	420	0	0	600	0	0
<b>EBITDA</b>	<b>1.746</b>	<b>2.175</b>	<b>1.721</b>	<b>1.755</b>	<b>2.597</b>	<b>2.291</b>	<b>2.641</b>
Afskriftir	-875	-887	-988	-1.051	-1.133	-1.239	-1.320
Vaxtatekjur	40	251	100	24	24	24	24
Vaxtagjöld	-1	-1	-2	-2	-75	-150	-300
<b>Rekstrarafgangur</b>	<b>910</b>	<b>1.538</b>	<b>831</b>	<b>726</b>	<b>1.412</b>	<b>925</b>	<b>1.045</b>

## STARFSFÓLK


	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	76	78	80
Fjöldi stöðugilda	75,5	77,5	79,5
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Stjórnendur	8	8	8
Hafnarþjónusta	39	41	41
Innviðasvið	13,5	13,5	13,5
Hliðgæslu	5	5	5
Framkvæmdasvið	4	4	5
Skrifstofa	6	6	7

## SKIPTING REKSTRAR 2024

REKSTRARTEKJUR SKIPTING %



REKSTRARGJÖLD SKIPTING %



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2024, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu, auk endurnýjunar mannvirkja, sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlunar eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Framkvæmdir áranna 2024 – 2028 byggir á þeirri fjárfestingaráætlun sem liggur fyrir.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þau viðhaldsverkefni sem áætlað er að verði framkvæmd á árinu 2024:

Yfirlit yfir rekstrarverkefni 2024		
Hafnarvirkir	Götur	
<i>Gamla höfnin</i>	<i>Gamla höfnin</i>	
Ægisgarður viðhald	Malbiksyfirlagnir	10.000.000
Smartmælar	Sundahöfn	10.000.000
Skilti Gömlu höfninni	Malbiksyfirlagnir	
Skilti Skarfabakka	Gönguleiðir endurbætur	
Austurbakki þilviðgerð	<b>Götur og lagnir samtals</b>	<b>20.000.000</b>
Austurbakki yfirlögн		
Miðbakki þilviðgerð		
Skarfabakki farþegaaðstaða		
Færsla á Móða		
<i>Sundahöfn</i>	<b>Húseignir</b>	
Viðeyjarbryggja málun	Gamla höfnin	
Viðeyjarbryggja landgangur	Bakkaskemma endurnýjun á þaki	60.000.000
Yfirlagnir á hafnarbakka	Sorpgeymslur Suðurbugt	10.000.000
<i>Grundartangi</i>	<b>Sundahöfn</b>	
Þak á gæsluhúsi	Kornhláðan utanhússviðgerðir	15.000.000
Malbiksyfirlagnir	<b>Akranes</b>	
	<i>Hafnarhús utanhláðan</i>	10.000.000
<i>Akranes</i>	<b>Húseignir samtals</b>	<b>95.000.000</b>
Dráttarbátarbryggja Akranesi		
Kortasala á rafmagni	<b>Vitar og særmerki</b>	
Faxabryggja endurnýjun lagna	Engey LED væðing	6.000.000
<b>Hafnarvirkir samtals</b>	<b>Vitar og særmerki samtals</b>	<b>6.000.000</b>
<b>214.000.000</b>		

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum. Aukin áhersla er á umhverfisþætti og loftslagsmál þar sem áfram verður unnið að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Mikil áhersla á öryggismál er og verður í allri starfsemi fyrirtækisins og stöðugt verið að vinna í málflokknum. Einnig er aukin áhersla lögð á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirkni, jafnt í rekstri sem í þjónustupáttum fyrirtækisins og verður sýnileg á næstu árum.

Framundan eru mikilvæg fjárfestinga- og viðhaldsverkefni sem munu skapa verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2024 og fjárfestigaráætlun 2024 – 2028 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

## FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar á árinu 2024 eru áætlaðar 3.995 m.kr. Á árunum 2024 – 2028 er gert ráð fyrir töliverðri aukningu í fjárfestingum félagsins og má þar helst nefna rafvæðingu hafna, uppbyggingu í Sundahöfn með landfyllingu í Vatnagörðum, lengingu á hafnarbökkum og dýpkunum.

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að bæta töluvert í fjárfestingar þar sem verkefni fram undan eru fjárfrek. Í Gömlu höfninni er fyrirhugað að landtengja Miðbakka, koma fyrir flotbryggju á Austurbakka og gera sjóvarnargarð á Örfirisey. Í Sundahöfn verður farið á fullum þunga í að byggja nýja farþegaaðstöðu á Skarfabakka. Einnig eru fyrirhugaðar dýpkanir í Viðeyjarsundi og í Kleppsvík. Athuga á með að koma upp flotbryggju við Skarfagarða og fyrirhugað er að byrja á skipulagningu við byggingu nýs Hafnarhúss

Á Grundatanga er fyrirhuguð hækkun á Tangabakka vegna sjógangs og uppbygging á burðarlögum á baksvæði. Á Akranesi verður haldið áfram með lengingu Aðalhafnargarðar, fyrirhuguð dýpkun í höfninni, bryggjusmíð og annar frágangur, reiknað er með að náist að ljúka verkinu. Fjárfestingar skiptast á hafnarsvæðin sbr. töflu hér til hliðar:

Helstu verkefni [m.kr.]	2024
Vatnagarðar, þróun	70
Farþegaaðstaða Skarfabakka	1.350
Landtengingar Skarfabakki	10
Nýtt hafnarhús	5
Landtengingar Miðbakki	90
Akranes, Aðalhafnargarður	470
Dýpkanir í Sundahöfn	700
Tangabakki 1. áfangi, hækkun	10
Nýr dráttarbátur - innborgun	600
Önnur verkefni	700
<b>Samtals áætlaðar fjárfestingar</b>	<b>3.995</b>

## FJÁRHAGSLEG STAÐA


Líðandi fjárhagsár hjá Faxaflóahöfnum er í takt við fjárhagáætlun ársins en þó voru sveiflur innan þjónustuliða. Breyting í efnahagsþróun verður einatt fyrst vart á hafnarsvæðum hvort heldur er í samdrætti eða vexti en skilar sérl vel þegar betur árar. Til að mynda minnkaði vöruflokningsum hafnirnar í magni en að auki var á síðasta ári tekin ákvörðun um að einfalda verðskrá og fella niður 4. flokk. Á móti kom að þjónustutekjur vegna farþegaskipa voru meiri en útlit var fyrir og búist er við vægri aukningu á næsta árum í komum farþegaskipa auk þess sem útlit er fyrir að farþegaskipti verði algengari en áður hefur verið.

Þrátt fyrir góða sjóðstöðu félagsins er gert ráð fyrir lántökum á árunum 2025 - 2028 vegna fjárfreks framkvæmda á næstu árum.

Sjóðstreymi [m.kr.]	2023Ú	2024Á	2025Á	2026Á	2027Á	2028Á
<b>Handbært fé frá rekstri</b>						
Hagnaður (tap) tímabils leiðréttur fyrir vöxturmá	1.538	831	726	1.412	925	1.045
<b>Rekstrarlödir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>						
Afskrífur	887	988	1.051	1.133	1.239	1.320
Verðbætur og gengism langtímaskr./krafna	(3)	0	0	0	0	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(420)	0		(600)	0	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>2.002</b>	<b>1.819</b>	<b>1.777</b>	<b>1.946</b>	<b>2.165</b>	<b>2.365</b>
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>						
Skammtimakröfur; lækkun (hækjun)	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldur; hækjun (lækkun)	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>2.002</b>	<b>1.819</b>	<b>1.777</b>	<b>1.946</b>	<b>2.165</b>	<b>2.365</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.538,0)	(3.995)	(3.885)	(3.915)	(4.860)	(4.375)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	985	0	0	600	0	0
Innborgað vegna lödasölu	420	0	0		0	0
Veitt skuldabréfalán	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímaskrafa	46	22	11	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>(87)</b>	<b>(3.973)</b>	<b>(3.874)</b>	<b>(3.315)</b>	<b>(4.860)</b>	<b>(4.375)</b>
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>						
Greiddar afborganir langtímaskulda	0	0	0	(100)	(207)	(420)
Arbur til eigenda	(1.646)	(85)	(66)	(57)	(56)	(100)
Ný langtímalán			1.500	1.600	3.200	2.000
<b>Samtals</b>	<b>(1.646)</b>	<b>(85)</b>	<b>1.434</b>	<b>1.443</b>	<b>2.937</b>	<b>1.480</b>
<b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>268</b>	<b>(2.238)</b>	<b>(663)</b>	<b>73</b>	<b>242</b>	<b>(530)</b>
Handbært fé í byrjun tímabils	3.685	3.953	1.715	1.052	1.125	1.367
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>3.953</b>	<b>1.715</b>	<b>1.052</b>	<b>1.125</b>	<b>1.367</b>	<b>837</b>

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
<b>Pjónustupáttur</b>					
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.085	1.304	1.450	1.561	1.561
Brúttótonn skipa í þús. tonna	6.849	10.010	13.592	20.595	20.595
Heildarflutningar í þús. tonna	3.372	3.657	3.720	3.551	3.551
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.090	1.273	1.437	1.285	1.285
Innflutningur til stóriðju	1.121	1.478	1.083	1.144	1.144
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	383	446	423	399	399
Útflutningur frá stóriðju	422	460	364	367	367
Landaður afli í þús. tonna	68	92	119	113	113
<b>Pjónustupáttur</b>					
Skemmtiferðaskip	7	69	184	258	258
Fjöldi farþega	2.966	18.950	170.770	325.101	325.101
Fjöldi starfsmanna (fost stóðugildi)	68	68	76	78	80
Eignarland alls í hekturum	885	885	885	885	885
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	326	326	326	326	326
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.273	8.273	8.273	8.273	8.373




# FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

## LEIÐARLJÓS

Félagsbústaðir tryggja framboð affélagslegu leiguþúsnaði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnaði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028


Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Fimm ára áætlun			
				2025	2026	2027	2028
Rekstrartekjur	5.738.798	6.416.193	7.185.084	7.936.422	8.471.202	8.974.952	9.482.628
<b>Tekjur samtals</b>	<b>5.738.798</b>	<b>6.416.193</b>	<b>7.185.084</b>	<b>7.936.422</b>	<b>8.471.202</b>	<b>8.974.952</b>	<b>9.482.628</b>
Laun og launatengd gjöld	409.550	448.638	510.528	548.583	567.270	590.738	615.142
Annar kostnaður	2.885.416	3.395.275	3.759.475	4.059.761	4.242.806	4.444.498	4.649.682
Afskriftir	16.851	17.707	18.288	18.288	15.288	14.688	14.688
<b>Gjöld samtals</b>	<b>3.311.818</b>	<b>3.861.620</b>	<b>4.288.292</b>	<b>4.626.632</b>	<b>4.825.364</b>	<b>5.049.925</b>	<b>5.279.512</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>2.426.980</b>	<b>2.554.573</b>	<b>2.896.792</b>	<b>3.309.790</b>	<b>3.645.838</b>	<b>3.925.028</b>	<b>4.203.116</b>
Fjármagnsliðir	-5.929.590	-5.381.247	-4.347.710	-3.734.353	-3.640.764	-3.757.072	-3.953.682
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>	<b>-3.502.610</b>	<b>-2.826.674</b>	<b>-1.450.918</b>	<b>-424.563</b>	<b>5.073</b>	<b>167.956</b>	<b>249.434</b>
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	0
Matsbreytingar	19.958.748	3.100.264	5.126.552	4.683.653	4.962.980	5.250.606	5.506.759
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>16.456.137</b>	<b>273.590</b>	<b>3.675.634</b>	<b>4.259.090</b>	<b>4.968.053</b>	<b>5.418.562</b>	<b>5.756.193</b>

## STARFSFÓLK

Hjá Félagsbústöðum starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna við samskipti við leigjendur, gerð leigusamninga, standsetningar íbúða við leigjendaskipti, viðhald innan húss og utan, byggingaframkvæmdir, fasteignaviðskipti, fjármál og fl.

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	29	29	30
Fjöldi stöðugilda	29	29	30
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Viðhaldssvið	10	10	10
Fjármálasvið	7	7	7
Skrifstofa framkvæmdastjóra	3	3	4
Þjónustusvið	9	9	9

## SKIPTING REKSTRAR 2024



## HLUTVERK

Hlutverk Félagsbústaða er að vera öflugt þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði í Reykjavík með sérþekkingu á uppbyggingu, rekstri og útleigu félagslegra leiguíbúða. Í hlutverkinu felst að framfylgja áherslum eigandans, Reykjavíkurborgar, að tryggja húsnæðisöryggi, velsæld og fjölbreytileika í hverfum borgarinnar með því að eiga, reka og leigja út íbúðir til einstaklinga og fjölskyldna sem úthlutað hefur verið félagslegu leighúsnæði af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2024-2028 og útkomuspá fyrir árið 2023. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitolur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2024 til 2028 auk þess sem hún gerir ráð fyrir að vísitala íbúðaverðs hækki um 2,5% árið 2023, 3,5% árið 2024 og svo 3% á ári eftir það. Þá er líkt og fram kemur í samþykktum um Félagsbústaði gert ráð fyrir að reksturinn sé sjálfbær, skili jákvæðri breytingu á handbæru fé öll ár áætlunar, m.ö.o. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert. Til að ná markmiðum um sjálfbærni er gert ráð fyrir að leiguverð verði hækkað innan ársins að því marki sem þarf til að tryggja sjálfbærnina.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að almennum félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 63 á árinu 2023 og 75 á ári næstu ár eða þannig að 5% íbúðarhúsnaðis í borginni sé félagslegt leiguhúsnaði eins og kveðið er á um í húsnæðisáætlun borgarinnar.

Á árinu 2024 er áætlað að festa kaup á einum íbúðakjarna með sjö íbúðum fyrir fatlað fólk í fjölbýli auk fimm annarra á áætlunartímabilinu. Lokið verður við byggingu stakstæðra húsa fyrir fatlað fólk á Háteigsvegi 59 og í Brekknaási 6 í byrjun árs 2025. Áætlað er að hefja framkvæmdir á Nauthólsvegi 83 og við StekkjARBakka 5 um mitt ár 2024. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að einum eldri íbúðakjarna verði breytt til að uppfylla kröfur um húsnæðið og að ráðist verði í byggingu á 3 öðrum stakstæðum íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk en þó með fyrirvara um fjármögnun á rekstri starfseminnar. Gera má ráð fyrir að verkefni Félagsbústaða verði tekin til skoðunar svo fremi sem fjármagn til rekstrarins hafi verið tryggt.

Leitast verður við að fylgja stefnu borgarinnar um jafna dreifingu félagslegs leiguHúsnaðis í hverfum borgarinnar en fjölgun íbúða er þó mest í nýbyggingum þar sem Félagsbústaðir kaupa alla jafna 5% íbúða sem kveðið er á um í úthlutunarskilmálum borgarinnar.

Á árinu 2024 er stefnt að því að hefja endurbætur á húsunum við Kleppsveg 66 til 76 ásamt því að fjölgu íbúðum þar með því að nýta betur sameiginleg rými í húsunum. Áfram verður unnið að skipulögðu viðhaldi á ytra byrði fjölbýlishúsa í eigu Félagsbústaða. Einnig verður unnið að breytingum og endurnýjun eldri fjölbýlishúsa, viðhaldi íbúða í búsetu og standsetningum á íbúðum milli leigjendaskipta.

Líkt og áður verður rík áhersla lögð á að tryggja leigjendum faglega og tímasetta þjónustu, auka þátttöku og ábyrgð leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka örugglega á þungum nábýlismálum sem ógna kunna öryggi og vellíðan.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Fimm ára áætlun			
				2025	2026	2027	2028
Leigutekjur	5.288.629	5.944.333	6.675.636	7.386.618	7.885.401	8.355.265	8.828.801
Aðrar tekjur	450.169	471.860	509.448	549.804	585.801	619.687	653.827
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>5.738.798</b>	<b>6.416.193</b>	<b>7.185.084</b>	<b>7.936.422</b>	<b>8.471.202</b>	<b>8.974.952</b>	<b>9.482.628</b>
Rekstur fasteigna	607.351	677.663	757.360	817.752	871.608	922.310	973.392
Viðhald og framkvæmdir	1.449.462	1.799.980	1.961.802	2.130.651	2.193.709	2.281.404	2.374.269
Fasteigna og brunabótaðgiold	648.995	733.101	831.703	898.513	959.046	1.018.786	1.074.447
<b>Rekstur og viðhald eignasafns samtals</b>	<b>2.705.808</b>	<b>3.210.744</b>	<b>3.550.864</b>	<b>3.846.916</b>	<b>4.024.362</b>	<b>4.222.500</b>	<b>4.422.109</b>
Laun og launatengd gjöld	409.550	448.638	510.528	548.583	567.270	590.738	615.142
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	122.174	149.162	158.611	162.845	168.444	171.998	177.574
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	57.434	35.370	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals</b>	<b>589.159</b>	<b>633.169</b>	<b>719.139</b>	<b>761.428</b>	<b>785.714</b>	<b>812.736</b>	<b>842.715</b>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>3.294.967</b>	<b>3.843.913</b>	<b>4.270.004</b>	<b>4.608.344</b>	<b>4.810.076</b>	<b>5.035.237</b>	<b>5.264.824</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna</b>	<b>2.443.831</b>	<b>2.572.280</b>	<b>2.915.080</b>	<b>3.328.078</b>	<b>3.661.126</b>	<b>3.939.716</b>	<b>4.217.804</b>
Matsbreyting fjárfestingareigna	19.958.748	3.100.264	5.126.552	4.683.653	4.962.980	5.250.606	5.506.759
Afskrift eigna til eigin nota	-16.851	-17.707	-18.288	-18.288	-15.288	-14.688	-14.688
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>22.385.728</b>	<b>5.654.837</b>	<b>8.023.344</b>	<b>7.993.442</b>	<b>8.608.818</b>	<b>9.175.634</b>	<b>9.709.875</b>
Fjármunatekjur	27.199	15.019	13.715	13.264	13.311	13.268	13.302
Vaxtagjöld	-1.140.784	<b>-1.240.052</b>	<b>-1.279.657</b>	<b>-1.461.298</b>	<b>-1.611.027</b>	<b>-1.716.570</b>	<b>-1.816.154</b>
Verðbótagjöld	-4.816.006	<b>-4.156.214</b>	<b>-3.081.768</b>	<b>-2.286.318</b>	<b>-2.043.048</b>	<b>-2.053.770</b>	<b>-2.150.830</b>
Hrein fjármagnsgjöld	-5.929.590	<b>-5.381.247</b>	<b>-4.347.710</b>	<b>-3.734.353</b>	<b>-3.640.764</b>	<b>-3.757.072</b>	<b>-3.953.682</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>16.456.137</b>	<b>273.590</b>	<b>3.675.634</b>	<b>4.259.090</b>	<b>4.968.053</b>	<b>5.418.562</b>	<b>5.756.193</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu</b>	<b>1.313.396</b>	<b>1.329.540</b>	<b>1.630.850</b>	<b>1.861.755</b>	<b>2.048.121</b>	<b>2.221.726</b>	<b>2.400.264</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu</b>	<b>-3.502.610</b>	<b>-2.826.674</b>	<b>-1.450.918</b>	<b>-424.563</b>	<b>5.073</b>	<b>167.956</b>	<b>249.434</b>

## Tekjur og gjöld

Rekstrartekjur ársins 2024 eru áætlaðar 7.185 m.kr. sem er 12,0% aukning m.v. útkomuspá fyrir árið 2023 sem gerir ráð fyrir að tekjur verði 6.416 m.kr. Leigutekjur aukast um 12,3% milli ára og skiptist áætluð aukning tekna á milli 4,9% hækkunar vegna verðlagsbreytinga og um 7,4% vegna magnaukningar, sem er bæði komin til vegna stækunar eignasafnsins og fyrirhugaðrar hækkunar á leigu umfram verðlag í júní 2024, ef miðað er við áætlaðar tekjur 2023. Rekstrartekjur aukast svo um 10,5% árið 2025, um 7% árið 2026 og um 6% árin 2027 til 2028.

Rekstrargjöld 2024 eru áætluð 4.270 m.kr. og aukast um 11,1% m.v. útkomuspá 2023. Rekstrargjöld skiptast í rekstur og viðhald eignasafnsins og skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um á bilinu 4% til 8% á árunum 2025 til 2028.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá megin flokka þ.e. rekstur fasteigna sem samanstendur af húsfélagsgjöldum stakra íbúða, rafmagni, hita íbúða, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annars tilfallandi rekstrarkostnaðar leigueininga þar sem Félagsbústaðir eiga allt fjölbýlishúsið og sjá um rekstur sem er í höndum húsfélaga þar sem félagið á stakar eignir. Í öðru lagi er viðhalds- og framkvæmdakostnaður, þar á meðal er framkvæmdakostnaður húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnaður þ.e. efnis-, vinnu-, aksturs- og tækjakostnaður iðnaðarmanna auk tilfallandi kostnaðar vegna framkvæmda s.s. leyfisgjöld og hönnunarkostnaður. Nánar er gerð grein fyrir verktakakostnaði í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Í þriðja lagi eru lög bundin opinber gjöld þ.e. fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatrygging fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 86 m.kr. frá útkomuspá eða um 13,6%. Hækkunin skýrist af hækkun launa og launatengdra gjalda um 62 m.kr. og hækkun annars skrifstofukostnaðar um 9 m.kr. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að stöðugildi verði stöðug milli 31 og 32. Stærstu útgjaldaliðir annars skrifstofukostnaðar eru ýmis sérfræðiþjónusta, upplýsingatæknikostnaður og annar skrifstofu-

starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 50 m.kr. á árinu 2023 eða 41,4% hærri en útkomuspá 2023.

## Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.606 m.kr. á árinu 2024, áætlaðar vaxtagreiðslur lánanna nema 1.268 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því 2.875 m.kr., gert er ráð fyrir að lántökur aukist í samhengi við auknar fjárfestingar. Vaxtagjöld á tímabilinu 2025 til 2028 aukast í takti við aukna lántöku en haldast nokkuð stöðug í hlutfalli við rekstrartekjur eða um 19%. Afborganir langtímalána taka hins vegar að aukast meira á tímabilinu 2025 til 2028 og aukast sem hlutfall af rekstrartekjum úr 22,4% árið 2024 í 24,9% árið 2028.

Próun undirlíða	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun				
	2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028
<b>Leigutekjur</b>	<b>12,2%</b>	<b>12,4%</b>	<b>12,3%</b>	<b>10,7%</b>	<b>6,8%</b>	<b>6,0%</b>	<b>5,7%</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>10,4%</b>	<b>4,8%</b>	<b>8,0%</b>	<b>7,9%</b>	<b>6,5%</b>	<b>5,8%</b>	<b>5,5%</b>
<b>Rekstur og viðhald eignasafns</b>	<b>16,3%</b>	<b>18,7%</b>	<b>10,6%</b>	<b>8,3%</b>	<b>4,6%</b>	<b>4,9%</b>	<b>4,7%</b>
Rekstur fasteigna	3,5%	11,6%	11,8%	8,0%	6,6%	5,8%	5,5%
Viðhald og framkvæmdir	23,7%	24,2%	9,0%	8,6%	3,0%	4,0%	4,1%
Fasteigna og brunabótaðgjöld	14,4%	13,0%	13,5%	8,0%	6,7%	6,2%	5,5%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>	<b>15,5%</b>	<b>7,5%</b>	<b>13,6%</b>	<b>5,9%</b>	<b>3,2%</b>	<b>3,4%</b>	<b>3,7%</b>
Laun og launatengd gjöld	11,4%	9,5%	13,8%	7,5%	3,4%	4,1%	4,1%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,6%	22,1%	6,3%	2,7%	3,4%	2,1%	3,2%
<b>Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum</b>							
<b>Rekstur og viðhald eignasafns</b>	<b>47,1%</b>	<b>50,0%</b>	<b>49,4%</b>	<b>48,5%</b>	<b>47,5%</b>	<b>47,0%</b>	<b>46,6%</b>
Rekstur fasteigna	10,6%	10,6%	10,5%	10,3%	10,3%	10,3%	10,3%
Viðhald og framkvæmdir	25,3%	28,1%	27,3%	26,8%	25,9%	25,4%	25,0%
Fasteigna og brunabótaðgjöld	11,3%	11,4%	11,6%	11,3%	11,3%	11,4%	11,3%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>	<b>10,3%</b>	<b>9,9%</b>	<b>10,0%</b>	<b>9,6%</b>	<b>9,3%</b>	<b>9,1%</b>	<b>8,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	7,1%	7,0%	7,1%	6,9%	6,7%	6,6%	6,5%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2,1%	2,3%	2,2%	2,1%	2,0%	1,9%	1,9%
Framlag í afskriftarrekning viðskiptakrafna	1,0%	0,6%	0,7%	0,6%	0,6%	0,6%	0,5%
<b>Vaxtagjöld</b>	<b>19,9%</b>	<b>19,3%</b>	<b>17,8%</b>	<b>18,4%</b>	<b>19,0%</b>	<b>19,1%</b>	<b>19,2%</b>
<b>Afborganir langtímalána</b>	<b>22,7%</b>	<b>22,2%</b>	<b>22,4%</b>	<b>22,8%</b>	<b>23,6%</b>	<b>24,3%</b>	<b>24,9%</b>

## Efnahagur og sjóðsstreymi

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2024 er 168.488 m.kr. þar af er áætlað að verðmæti fjárfestingareigna verði 167.889 m.kr. Eigið fé er áætlað 87.716 m.kr. í árslok 2024 og skuldir og skuldbindingar 80.772 m.kr. og er eiginfjárlutfall því 52,1%. Fjárfestingareignir vaxa áfram í takti við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfallið lækki úr 52,1% í 50,8% árið 2028.

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun				
	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028
Fjárfestingareignir	148.712.525	155.866.042	<b>167.888.520</b>	178.917.913	190.217.480	201.389.999	212.252.630
Eignir til eigin nota	225.750	217.993	<b>199.705</b>	181.417	166.129	151.441	136.753
Langtímaskuldir	47.358	50.879	53.344	55.058	56.519	57.938	59.390
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>148.985.633</b>	<b>156.134.914</b>	<b>168.141.570</b>	<b>179.154.388</b>	<b>190.440.128</b>	<b>201.599.377</b>	<b>212.448.773</b>
Viðskiptakröfur	156.504	91.919	91.919	91.919	91.919	91.919	91.919
Kröfur vegna stofnframlaga	88.781	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Aðrar skammtimakröfur	133.733	176.499	176.499	176.499	176.499	176.499	176.499
Handbært fé	5.627	14.029	28.343	80.024	132.088	176.225	219.359
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>384.645</b>	<b>332.447</b>	<b>346.761</b>	<b>398.441</b>	<b>450.505</b>	<b>494.642</b>	<b>537.777</b>
Eignir samtals	149.370.278	156.467.360	<b>168.488.330</b>	179.552.830	190.890.633	202.094.019	212.986.549
Eigið fé	83.766.734	84.040.324	<b>87.715.958</b>	91.975.048	96.943.101	102.361.663	108.117.856
Skuldbindingar	8.883.604	10.448.518	<b>12.636.577</b>	14.688.198	16.795.243	18.829.763	20.743.456
Langtímaskuldir	54.546.679	59.486.486	<b>65.438.643</b>	70.008.969	74.089.503	77.658.743	80.739.434
Skammtimaskuldir	2.173.261	2.492.032	<b>2.697.153</b>	2.880.614	3.062.786	3.243.851	3.385.804
Skuldir og eigið fé samtals	149.370.278	156.467.360	<b>168.488.330</b>	179.552.830	190.890.633	202.094.019	212.986.549

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.647 m.kr., áætlaðar fjárfestingar nema 6.493 m.kr., en nánar er fjallað um þær í kaflanum framkvæmdir og viðhald á bls. 7-8. Fjármögnunarhreyfingar nema 4.860 m.kr. þar af eru nýjar lántökur, að frádregnum lántökukostnaði, áætlaðar 4.682 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist 2025 til 2028 og að það dugi fyrir afborgunum langtímalána öll árin.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Fimm ára áætlun			
				2025	2026	2027	2028
<b>Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi</b>	<b>16.456.137</b>	<b>273.590</b>	<b>3.675.634</b>	<b>4.259.090</b>	<b>4.968.053</b>	<b>5.418.562</b>	<b>5.756.193</b>
<b>Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárfreyymi:</b>							
Afskriftir eigna til eigin nota	16.851	17.707	18.288	18.288	15.288	14.688	14.688
Hrein fjármagnsgjöld	5.929.590	5.381.247	4.347.710	3.734.353	3.640.764	3.757.072	3.953.682
Matsbreyting fjárfestingareigna	-19.958.748	-3.100.264	-5.126.552	-4.683.653	-4.962.980	-5.250.606	-5.506.759
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>2.443.831</b>	<b>2.572.280</b>	<b>2.915.080</b>	<b>3.328.078</b>	<b>3.661.126</b>	<b>3.939.716</b>	<b>4.217.804</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	52.245	184.615	0	0	0	0	0
Nettó greidd vaxtagjöld	-1.121.745	-1.225.754	-1.268.407	-1.449.748	-1.599.177	-1.704.720	-1.804.304
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.374.332</b>	<b>1.531.142</b>	<b>1.646.673</b>	<b>1.878.329</b>	<b>2.061.948</b>	<b>2.234.995</b>	<b>2.413.500</b>
Fjárfestingarhreyfingar	-2.993.085	-3.631.200	<b>-6.492.839</b>	-5.936.098	-5.865.792	-5.387.929	-4.766.627
Fjármögnunarhreyfingar	34.646	2.108.460	<b>4.860.480</b>	4.109.450	3.855.907	3.197.071	2.396.262
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-1.584.107</b>	<b>8.402</b>	<b>14.314</b>	<b>51.681</b>	<b>52.064</b>	<b>44.137</b>	<b>43.134</b>
<b>Handbært fé i upphafi tímabils</b>	<b>1.589.734</b>	<b>5.627</b>	<b>14.029</b>	<b>28.343</b>	<b>80.024</b>	<b>132.087</b>	<b>176.224</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>5.627</b>	<b>14.029</b>	<b>28.343</b>	<b>80.024</b>	<b>132.087</b>	<b>176.224</b>	<b>219.359</b>
Veltufé frá rekstri	1.322.086	1.346.527	1.646.673	1.878.329	2.061.948	2.234.995	2.413.500
Afborganir langtímalána (hluti af fjármögnunarhreyfingum)	1.303.611	1.424.830	1.606.498	1.811.619	1.995.081	2.177.253	2.358.317

## SÓKNARÁÆTLUN OG MEGINMARKMIÐ

Í sóknaráætlun Félagsbústaðar fyrir tímabilið 2024 til 2028 eru sett fram 5 meginmarkmið byggð á framtíðarsýn og hlutverki félagsins.

### Framtíðarsýn

Félagsbústaðir eru virt, ábyrgt og öflugt fyrirtæki á húsnæðismarkaði sem vex samhliða fjölgun íbúðarhúsnæðis í borginni. Félagið er þekkt fyrir að stuðla að fjölbreytileika og velsæld í borginni, fyrir góða þjónustu, gæði, hagkvæmni og sjálfbærar rekstur. Undir meginmarkmiðum eru sett fram fjölmörg starfsmarkmið og aðgerðir.

#### Meginmarkmið 1

Tryggja húsnæðisöryggi og fjölbreytileika með uppbyggingu og þróun eignasafns.

#### Meginmarkmið 2

Veita vandaða og góða þjónustu.

#### Meginmarkmið 3

Ástand og ásýnd eigna sé gott.

#### Meginmarkmið 4

Umhverfi, þróun og gæði.

#### Meginmarkmið 5

Yfirsýn, gegnsæi og ábyrgur rekstur.

## FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir fjárfestingu sem nemur 6.493 m.kr. og að 4.708 m.kr. af þeirri fjárhæð verði aflað með lánsfé. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stofnframlög fáist frá ríki og Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í félagslegu leiguhúsnæði, alls 30% af stofnvirði. Fjárfestingaáætlun ársins 2024 og fyrir restina af áætlunartímabilinu má sjá sundurliðaða hér að neðan.

Fjárfesting	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun				
	2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028
Íbúðakaup	2.236.367	2.449.606	4.203.346	4.001.166	4.185.165	4.294.788	4.414.827
Nýframkvæmdir	730.021	818.597	1.746.557	1.472.102	1.269.000	707.000	0
Eignfærð viðhald og kostnaður	602.286	406.922	542.937	462.830	411.627	386.141	351.800
Fjárfesting samtals	3.568.674	3.675.125	6.492.839	5.936.098	5.865.792	5.387.929	4.766.627

Félagsbústaðir leigja nú út 3.047 íbúðir en það telst vera riflega 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Uppbyggingaráætlun Félagsbústaða er gerð með hliðsjón áherslum borgaryfirvalda um aukningu framboðs af félagslegu leiguhúsnæði þannig að það sé á hverjum tíma 5% íbúðarhúsnæðis í borginni. Áætlað er að festa kaup á a.m.k. 75 íbúðum á hverju ári. Mest er þörfin er fyrir 2ja herbergja íbúðir.

Þá verður unnið að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Gert er ráð fyrir 7 stakstæðum íbúðakjörnum með 7 íbúðum og 42 íbúðum í dreifðum íbúðakjörnum. Alls eru þetta 91 íbúð á tímabilinu auk 13 íbúða undir starfsmannaðstöðu.

Nýframkvæmdaverkefni má greina í þrennt; bygging stakstæðra íbúðakjarna, viðbyggingar og breytingar á húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur reglugerða, breytinga á húsnæði til fjölgunar almenns leiguhúsnæðis. Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2024 er 1.747 m.kr.

Nýframkvæmdir í byggingu:

Háteigsvegur 59. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í lok árs 2024.

Brekknáás 6. Áætlað er að framkvæmdum ljúki snemma árs 2025.

Nýframkvæmdir; undirbúningur og hönnun á áætlunartímabilinu:

Nauthólsvegur 83. Hönnun og undirbúningur hefst 2023 og framkvæmdir hefjast 2024.

Stekkjarbakki 5. Hönnun og undirbúningur árin 2023/2024 og framkvæmdir hefjast 2024.

Nauthólsvegur 79. Hönnun og undirbúningur haustið 2024. Áætluð verklok 2026.

Holtavegur 29b. Hönnun og undirbúningur haustið 2025. Áætluð verklok 2027.

Hverafold 7. Hönnun og undirbúningur haustið 2026. Áætluð verklok 2028.

Viðbyggingar og breytingar á húsnæði:

Kleppsvegur 66-68. Gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2024.

Jöklasel 2. Breytingar og endurbætur í samræmi við reglugerð um húsnæði fatlaðs fólks. Áætluð verklok 2025.

Viðhaldskostnaður er eignfærður þegar um er að ræða framkvæmd sem felur í sér virðisaukningu á verðmati eignar og standsetningarkostnað vegna nýkeypta eigna. Eignfærður viðhaldskostnaður er áætlaður 300 m.kr. og eignfærður standsetningarkostnaður nýkeypta íbúða er áætlaður 79 m.kr.

Á áætlunartímabilinu verður lögð aukin áhersla á að fegra ásýnd fjölbýlishúsa félagsins og umhverfi þeirra. Þá verður lögð áhersla á að efla sífellt þjónustu, samráð og samtal við leigjendur vegna viðhalda og annarra mála sem snerta leigjendur.

Helstu eignfærðu viðhaldsverkefnin á árinu 2024 eru:

Austurbrún 6. Endurnýjun á lyftum.

Höfðabakki 1. Endurbætur utanhúss og gluggaskipti.

Kleppsvegur 66-68. Endurnýjun á stofnlögnum og ytra byrði.

Írabakki 2-16. Uppsetning á djúpgámum.

Meistaravellir 19-29. Uppsetning á djúpgámum.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku annars vegar og stofnframlögum frá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg hins vegar. Í tilfelli íbúðakaupa og nýbygginga fæst í flestum tilfellum stofnframlag fyrir 30% af stofnvirði en annar kostnaður eins og t.d. eignfært viðhald er fjármagnaður að fullu með lántöku. Hér að neðan má sjá lántokuáætlun félagsins fyrir árið 2024 og áætlaða lántöku árin 2025 til 2028 ásamt áætlun um þau stofnframlög sem félagið gerir ráð fyrir að fá á tímabilinu.

Fjármögnum	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
	2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028
Stofnframlög	1.297.978	1.185.264	1.784.971	1.641.980	1.636.249	1.500.536	1.324.448
Lántaka	0	2.481.146	4.707.868	4.294.118	4.229.542	3.887.393	3.442.179

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
	2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028
EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum	42,6%	40,1%	40,6%	41,9%	43,2%	43,9%	44,5%
Eiginfjárhilutfall	56,1%	53,7%	52,1%	51,2%	50,8%	50,7%	50,8%
<b>Sjóðstreymi</b>							
Nettó greidd vaxtagjöld	1.121.745	1.225.754	1.268.407	1.449.748	1.599.177	1.704.720	1.804.304
Afborun langtímalána	1.303.611	1.424.830	1.606.498	1.811.619	1.995.081	2.177.253	2.358.317
Breyting afborganna langtímalána	111.427	121.219	181.669	205.121	183.461	182.172	181.065
Afborganir langtímalána í hlutfalli af tekjum	22,7%	22,2%	22,4%	22,8%	23,6%	24,3%	24,9%
Breyting á veltufé frá rekstri	111.431	24.440	300.146	231.656	183.619	173.047	178.504
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborganum langtímalána	101,4%	94,5%	102,5%	103,7%	103,4%	102,7%	102,3%
<b>Önnur lykilhlutföll</b>							
Arðsemi eigin fjár	24,4%	0,3%	4,4%	4,9%	5,4%	5,6%	5,6%
Veltufjárhilutfall	0,18	0,13	0,13	0,14	0,15	0,15	0,16
Vaxtaþekja	2,18	2,10	2,30	2,30	2,29	2,31	2,34
Skuldaþekja	1,01	0,97	1,01	1,02	1,02	1,01	1,01
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,0%	21,0%	22,9%	23,7%	24,3%	24,9%	25,5%
<b>Viðhald</b>							
Gjaldfært viðhald	1.449.462	1.799.980	1.961.802	2.130.651	2.193.709	2.281.404	2.374.269
Eignfært viðhald	512.181	265.132	379.000	350.000	350.000	350.000	350.000
<b>Viðhald samtals</b>	<b>1.961.643</b>	<b>2.065.112</b>	<b>2.340.802</b>	<b>2.480.651</b>	<b>2.543.709</b>	<b>2.631.404</b>	<b>2.724.269</b>

Gert er ráð fyrir að vaxta- og skuldaþekjur haldist yfir viðmiðum allt áætlunartímabilið en áætlað er að vaxtaþekja verði í 2,30 og skuldaþekja verði í 1,01 fyrir árið 2024. Hagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna til eigin nota, EBITDA, sem hlutfall af tekjum hækkar frá útkomuspá og er 40,6% fyrir árið 2024 og afborganir langtímalána hækka lítillega sem hlutfall af tekjum.

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

## LEIÐARLJÓS


Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins

## SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist eins og áður í 4 deildir, sjá skipurit. Fjöldað var í stjórn félagsins á aðalfundi nú í vor og ein breyting hefur orðið í stjórnendateymi félagsins eins og fram kemur í skipuriti félagsins, fyrir árið 2023.

Í vor hóf Kristján G Leifsson störf hjá féluginu og tók hann við stöðu deildarstjóra framkvæmdadeilda Höfða í stað Péturs Gunnlaugssonar. Á aðalfundi félagsins var ákveðið að fjölga í stjórn en fram að því var hún skipuð þremur stjórnarmönnum. Nýja stjórn skipa:

Eftir þessar breytingar er skipurit félagsins eftirfarandi:



Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru og veitir þeim jafnframt góða þjónustu og reynir ávalt að uppfylla kröfur og óskir viðskiptavina sinna.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði.

Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun
- ÍST 85:2012- Jafnlaunastaðall Jafnlaunavottun

## STARFSFÓLK


	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	37	37	36
Fjöldi stöðugilda	35	35	34
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Hráefnadeild	2	2	2
Framleiðsludeild	3	3	3
Framkvæmdadeild	23	23	23
Rannsóknir	2	2	1
Skrifstofa	5	5	5



## SKIPTING REKSTRAR 2024

Hér má sjá hvernig tekjur fyrirtækisins skiptast eftir deildum en hlutfallstölur innihalda einnig áætlaðar tekjur vegna sölu milli deilda.

Skipting rekstrar	
Hráefnadeild	4,0%
Framleiðsludeild	57,0%
Framkvæmdadeild	37,0%
Rannsókna- og þróunardeild	1,0%
Skrifstofa	1,0%



## HLUTVERK

Höfði hf. hefur hætt rekstri grjótmulningsstöðvar á Sævarhöfða en í stað hennar þá er notaður nýlegur steinefnabréfjótur sem getur mulið bæði steinefni úr námu og endurunnið malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Efnisvinnsla á gömlu malbiki hefur aukist mikilvægt að auka nýtingu á þeim steinefnum í framleiðslu á malbiki. Vonast er til að áfram verði hægt að auka hlutfall á endurunnu malbiki í framleiðslu malbikunarstöðvar en það er mikilvægt að nýta gamalt malbik áfram í mannvirkjagerð en þetta efni fellur til við ýmsar framkvæmdir.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 voru sameinuð tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð - og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur félagsins á næsta ári verða verkefni er snúa að frágangi - og mannvirkjum á lóð malbikunarstöðvar að Álhellu í Hafnarfirði. Meðal verkefna á lóðinni á næsta ári er að útbúa skýli yfir steinefni og endurunnið malbik en markmiðið með þeirri aðgerð er að minnka raka í þessum hráefnum. Raki í steinefnum hefur mikil áhrif á orkunotkun við þurrkun hráefna í malbikunarstöð og ef það er mögulegt að minnka rakainnihald þess þá minnkar það notkun á jarðefnaeldsneyti sem þarf til að þurrka steinefni áður þau eru blönduð við bindiefni í framleiðslu á malbiki.

Innan skamms tíma þarf skrifstofa – og framkvæmdadeild Höfða að víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingar nýrrar íbúðabyggðar. Félagið mun því skoða valkosti sem í boði eru fyrir aðstöðu framkvæmdadeilda – og skrifstofur Höfða en ný aðstaða þarf henta bæði fyrir starfsmenn - og tæki Höfða ásamt því að vera vel staðsett m.t.t. þeirra verkefna fyrirtækið starfar við hér á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2023 er annað árið sem malbik er framleitt í malbikunarstöð á lóð Höfða að Álhellu 34 og hefur framleiðsla gengið nokkuð vel frá því hún hófst að nýju vorið 2022. Starfsleyfi fyrir malbikunarstöð að Álhellu 34 gildir til júní 2034.

Vonast er til að hægt verði að halda að mestu óbreyttri starfsemi að Sævarhöfða á meðan verið er að finna annað athafnasvæði og húsnæði fyrir framkvæmdadeild og skrifstofur félagsins.

Stefnt er að því að fjarlægja mannvirki og tæki sem tilheyra grjótmulningsstöð að Sævarhöfða, nú í vetur. Vinna við þá verkþætti eru ekki hafnar því erfitt hefur verið að fá verktaka til að taka þetta verkefni að sér en vonast er til að þessi framkvæmd hefjist innan skamms. Ekki er hægt að flytja grjótmulningsstöðina og setja upp að nýju í þeirri mynd sem verið hefur. Höfði greiðir allan þann kostnað sem til fellur við rif og hreinsun á lóð í samræmi við samkomulag þess efnis. Gert er ráð fyrir að ýmis búnaður og einingar á lóð þurfi að fara í brotajárn eða aðra endurvinnslu en því verki verður lokið árið 2024.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2023 stefnir í að verða minni en gert var ráð fyrir í upphafi árs en reikna má með að hún verði svipuð og árið 2021. Fyrirtækið náði nokkrum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu og ásamt verkefnum á Suðurlandi og Suðurnesjum. Nokkur verkefni verða framkvæmd nú í október og nóvember en vonast er til að aðstæður til þeirra framkvæmda verði hagstæðar á næstu vikum.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

**Hráefnadeild:** Steinefnabréjtur hráefnadeilda mylur steinefni úr námu og gamalt malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Deildin mun áfram gegna lykilhlutverki í rekstri fyrirtækisins með vinnslu á endurunnu malbiki. Mikil sérþekking er innan fyrirtækisins á framleiðsluferli steinefna og með tilkomu á steinefnabréjós er vonast til að vinnsla á endurunnu malbiki muni áfram aukast á næstu árum því töluvert magn af malbiki fellur til við breytingar á gatna- og vegakerfinu, hér á höfuðborgarsvæðinu. Reiknað er með að hægt verði að tryggja næg innlend – og erlend steinefni í malbiksframleiðslu á hagstæðu verði á næstu árum þar sem vinnsla í gömlu grjótmulningsstöðinni hefur verið formlega hætt.

**Framleiðsludeild:** Framleiðsludeild framleiðir nú malbik í einni malbikunarstöð sem er af gerðinni Benninghoven. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. með endurunnu malbiki, steinríkt malbik og

malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætlun er miðað við að áfram verði fjárfest i ýmsum búnaði fyrir Benninghoven stöðina en ýmis búnaður hefur nú þegar verið betrumbættur samhliða flutningi á stöðinni.

**Framkvæmdadeild:** Framkvæmdadeildin sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Framkvæmdadeildin er vel tækjum búin til malbiksútlagna og hefur að ráða nokkrar vörubifreiðar sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin en hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist að mestu óbreytt við flutning fyrirtækisins og að hún verði áfram staðsett að Sævarhöfða, í vetur.

**Rannsókna- og þróunardeild:** Rannsókna- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsóknum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

**Skrifstofa:** Skrifstofan inniheldur afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórni fyrirtækisins.

## FJÁRFESTINGAR

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum sem tengast annars vegar daglegum rekstri og hins vegar fjárfestingar í aðstöðu fyrirtækisins.

Við kaup á tækjum og búnaði er horft til framtíðar og hvernig tæki og búnaður gagnast á komandi árum. Tengist það að hluta flutningum en auk þess gera verkkaupar meiri kröfur um gæði, hagkvæmni í rekstri og rekjanleika framleiðslunnar sem krefst endurnýjunar á tækjabúnaði. Fylgst er með nýjungum á markaði og gerðar nauðsynlegar breytingar eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárfestingar varðandi flutning fyrirtækisins dreifast á árin 2021-2024 og á næsta ári má reikna með að byggt verði yfir hluta steinefna sem notað er í malbiksframleiðslu og ljúka við frágang malbikunarstöðvar og annarra mannvirkja á lóð að Álhellu.

Frágangur lóðar við Sævarhöfða 6-10 var metinn á 150-200 m.kr., en kostnaður við þessa aðgerð var í kringum 40- til 50 m.kr. árið 2022 og áætlað er að þessi kostnaður verði á bilinu 30-40 m.kr. fyrir árin 2023 og 2024. Þessi kostnaður fellur undir annan framleiðslukostnað þessi ár í fjárhagsáætlun.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Áætlun & útkomuspá 2023	Áætlun 2024
Eiginfjárlutfall	84%	81%	81%	82%	80%
Arðsemi eigin fjár	-9%	1%	1%	-8%	-4%
Veltufjárlutfall	4,55	4,10	2,9	2,9	2,5
Skuldahlutfall	13%	19%	19%	18	21%

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi lántöku til að fjármagna endurnýjun tækja og framkvæmdir fyrir athafnasvæði og aðstöðu félagsins:

- Lán tekið 1.3.2024 að upphæð 150.000.000 kr., fastar afborganir til 5 ára, 4 greiðslur á ári, 8% fastir vextir

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024
Umsvif					
Framleiðsla malbiks, tonn	57.849	38.000	41.000	35.000	40.000
Framleiðsla hráefnisdeildar, tonn	39.165	37.700	20.000	15.000	10.000
Útlagning malbiks, tonn	25.378	24.900	30.000	28.000	29.000

# ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

## HLUTVERK OG SKIPULAG

Orkuveita Reykjavíkur, (OR) er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbærar og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru: framsýni, hagsýni og heiðarleiki.

Skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársþyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi. Dótturfélögin eru Veitur, sem sér um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru starfrækt með sérleyfi, Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver og selur rafmagn á samkeppnismarkaði, Ljósleiðarinn, en undir merkjum hans byggir Gagnaveita Reykjavíkur upp fjarskiptakerfi á samkeppnismarkaði, og Carbfix, sprotafyrirtæki til útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar.

## OR SAMSTÆÐAN

Móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnum eigenda. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru fjögur svið sem þjóna allri samstæðunni; Mannauður og menning sem heldur utan um mannaðsmál, símenntun og aðbúnað, Rannsóknir og nýsköpun sem er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, Fjármál sem hefur meðal annars umsjón með fjármögnun, reikningshaldi, upplýsingatækni, innkaupum og áhættustýringu og þjónusta sem hefur meðal annars umsjón með þjónustuveri og reikningagerð. Undir forstjóra heyra Stjórnhættir og stefna þar sem starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

## EIGENDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR



Reykjavíkurborg  
93,539%



Akraneskaupstaður  
5,528%




Borgarbyggð  
0,933%

Fyrstu arðgreiðslur til eigenda eftir hrun voru árið 2017.

Arðgreiðslur taka ávallt mið af:

- Arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015
- Markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þáttta hans
- Kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- Opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþáttta

# SKIPURIT SAMSTÆÐU OR



## STEFNA OR

OR nýtir náttúruna á ábyrgan, sjálfbærar og hagkvæman hátt og af virðingu án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. OR kappkostar að mæta þörfum viðskiptavina með góðri þjónustu á sanngörnu verði, traustum rekstri og hlíju viðmóti. Framtíðarsýn samstæðunnar hvílir á nokkrum grunnstoðum og hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Grunnstoðirnar eru lykiláherslur í starfseminni:

- Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggar þjónustu í takti við þarfir samfélagsins
- Nýta náttúrugæði á sjálfbærar og ábyrgan hátt
- Vera til fyrrmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum
- Vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman
- Bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu

Heildarstefna OR er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög í samstæðu OR hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu varðandi það hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar þannig að þau geti sameiginlega náð árangri.

## INNGANGUR


Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá fyrir árin 2025-2028 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarann og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en samstæðuspái var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af

stefnunni leiða. Meginmarkmið samstæðu OR er að gegna þeim grunnhlutverkum sem lýst er í eigendastefnu OR af samfélagslegri ábyrgð. Fyrirtækin hafa komið sér upp margvíslegum mælikvörðum í þessu skyni og er staða þeirra birt árlega í Ársskýrslu OR. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru einnig sett fram með myndrænum hætti í þessari spá.

## PJÓNUSTUÖRYGGI VEITNANNA 2023

Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hverrar veitu. Hlutfallið segir svo til um hversu stóran hluta ársins að jafnaði hver viðskiptavinur naut þjónustu.



Helstu fjárfestingar sem ráðist er í á spátímabilinu til að efla þjónustuna og treysta sjálfbærni starfseminnar eru:

- Ljúka við allsherjaruppfærslu á orkumælum hjá viðskiptavinum.
- Stækkan veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Hefðbundið viðhald vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða.
- Ný Hverahlíðarlögn til að efla sjálfbæran rekstur Hellisheiðarvirkjunar.
- Endurnýjun stjórnerfis Nesjavallavirkjunar og gufuöflun þar.
- Hleðslubúnaður og stafrænar lausnir fyrir rafbílaeigendur.
- Uppbygging á nýjum landshring fjarskipta.
- Uppbygging Coda Terminal, móttöku- og förgunarmiðstöð fyrir CO<sub>2</sub> við Straumsvík.

## Markmið um aukin lífsgæði

Snemma árs 2019 setti OR samstæðan sér fimm sameiginleg markmið til ársloka 2023 sem allt starfsfólk vinnur að með einhverjum hætti. Markmiðin eiga sér skírskotun til heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur um auka lífsgæði með sjálfbærni að leiðarljósi. Þau eru metnaðarfull og framgangur þeirra mælanlegur. Staða mælikvarðanna, sem sýnd er að neðan, er ýmist nokkurra vikna eða mánaða gömul en kolefnissporið miðast við árslok 2022. Ný markmið munu taka mið af þeirri heildarstefnu OR sem nú er í móton og sjálfbærnistefnu OR.



Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla

Stærð kolefnisspors miðað við árið 2016

Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa

Starfsánægja samkvæmt greiningu

Afstaða almennings til vörumerkja OR

Markmið: 40.000

Staða: 46.061

Viðmið: -30%  
Markmið: -40%

Staða: +16%

Markmið: < 3,6%  
Staða: 3,5%

Viðmið: 4,2  
Markmið: 4,5

Staða: 4,3

Viðmið: 5,7  
Markmið: 6,3

Staða: 6,1

Viðmið í loftslagsmálum er sótt í Parísarsáttmálann, um starfsánægju í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og í vörumerkjumælingum meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR.

### Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Global Compact og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á fimm þeirra.

		
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTABA	7 SJÁLFBÆR ORKA
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlka efld	Tryggja aðengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði
		
12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA	13 ÁGERBIR Í LOFTSLAGSMÁLUM	15 LÍF Á LANDI
Sjálfbær neyslu- og framleiðslu-mynstur verði tryggd	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2024 og fimm ára spá 2025–2028 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg, sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

## ÁHERSLUR 2024-2028

### Veitur

**Hlutverk:** Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða.

**Megináherslur 2024-2028:** Mikil uppbygging húsnæðis, Borgarlína og önnur orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga drjúga aðkomu að á næstu árum. Um leið munu Veitur efla

spágerð um uppbyggingu veitukerfa, auðlindanýtingu og notkun viðskiptavina. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum og leiða þróun.

**Helstu fjárfestingar:** Á spátímabilinu lýkur átaksverkefni innleiðingar snjallmæla sem gefa tækifæri til úrbóta í spágerð fyrir uppbyggingu, rekstur og ábyrga auðlindanýtingu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnara viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða. Til að tryggja nægt heitt vatn á veitusvæðum Veitna til langrar framtíðar er fjárfesting í rannsóknum aukin á tímabilinu.

### Orka náttúrunnar

**Hlutverk:** Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna.

**Megináherslur 2024-2028:** Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Íslenskur raforkumarkaður þróast ört. Tækifæri til nýrra, arðbærra viðskipta opnast og þarfir viðskiptavina sem fyrir eru breytast. Samkeppni vex og ON mun byggja á hugviti og umhverfisáherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.

**Helstu fjárfestingar:** Orkuvinnsla verður aukin með stækkun varmastöðvar á Hellisheiði og sjálfbær vinnslugeta treyst með nýrri gufulögn frá Hverahlíð. Gufuöflun verður aukin við báðar jarðgufuvirkjanir ON og hreinsun jarðhitagass frá þeim aukin. Stefnt er á að Hellisheiðarvirkjun nái 95% kolefnishlutleysi fyrir árslok 2025 austur hreinsunar á brennisteinsvetni. Uppbygging sambærilegrar lofthreinsistöðvar hefst á Nesjavöllum og verður lokið fyrir 2030. Þar er áfram unnið að endurnýjun stjórnkerfis. Í Jarðhitagarði ON er hringrásarhagkerfið áfram eftir með fjölnýtingu og ON hyggst halda forystu í þjónustu við rafbílaeigendur m.a. með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu.

### Ljósleiðarinn

**Hlutverk:** Tilgangur Ljósleiðarans er uppbygging og rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

**Megináherslur 2024-2028:** Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum. Í gildi er heimild til aukningar hlutafjár Ljósleiðarans og er stefnt að sölu þess á árinu 2024.

**Helstu fjárfestingar:** Á spátímabilinu er stefnt að því að kerfi Ljósleiðarans nái til 136.000 heimila á landinu öllu.  Aðalherslur í fjárfestingum næstu ára eru tengdar áframhaldandi uppbyggingu á Ljósleiðarainnviðum, kaupum á stofnkerfi Sýnar og nýjum landshring fjarskipta til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki í landinu. Uppfærsla aðgangskerfa í 10 GÍG flutningshraða til heimila er hafin og verður haldið áfram.

## Carbfix

**Hlutverk:** Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu kolefnisbindingar í bergi.

**Megináherslur 2024-2028:** Frekari þróun og prófun Carbfix-aðferðarinnar verður haldið áfram en nú bætast við umfangsmikil fjárfestingarverkefni til skölunar á tækninni, rekstri innviða til niðurdælingar og bindingar CO<sub>2</sub> og sölu ráðgjafar á alþjóðlegum mörkuðum. Unnið er að fjármögnun með útgáfu nýs hlutafjár og sölu þess.

**Helstu fjárfestingar:** Á spátímabilinu er Coda Terminal, miðstöð fyrir móttöku og bindingu CO<sub>2</sub>, stærsta verkefnið. Aukið verður í föngun og bindingu við jarðgufuvirkjanir ON og hugsanlega fleiri fyrirtæki innanlands. Tilraunir með nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi halda áfram.

## FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2024-2028

Forsendur útkomuspár 2023 og fjárhagsspár 2024-2028 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2023 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár var miðað við fólgna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga.

Lýsing	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	8,8	5,9	4,0	3,1	3,0	3,0
Launavísitala, breyting (%)	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1	4,1
Gengisvísitala, breyting (%)	3,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.157,0	2.249,0	2.393,0	2.511,0	2.614,0	2.724,0

## FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlutið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvæðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhlíðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning.

Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Stærri fjárfestingarákvæðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjárfelagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar.


Fjárfestingar í veitukerfum eru umfangsmesti fjárfestingaflokkur innan samstæðu OR. Við val slíkra verkefna er enn fremur stuðst við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukinni notkun eða fjölgun viðskiptavina
- Bilanasögu lagna og búnaðar

- Aldri lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreiningu lagna
- Öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina
- Áhættu

## FJÁRHAGSSPÁ 2024-2028

### Rekstur



*Mynd 1 – Milljarðar króna*


Tekjur vaxa á spátímabilinu 2024-2028 um 31,8 milljarða kr. eða 49,5%. Helsta skýringin eru forsendur um mikinn tekjuvöxt Carbfix og tengdra verkefna. Gert er ráð fyrir auknum tekjum í tengslum við uppbyggingu Jarðhitagarðs ON við Hellisheiðarvirkjun og endurnýjun orkusölusamninga ásamt aukinni sölu á upprunaábyrgðum. Tekjur af þjónustu Veitna vaxa um 8,6 milljarða kr. á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 8,2 milljarða kr. eða 29,1%. Sú aukning er m.a. vegna aukinna umsvifa hjá Carbfix og Ljósleiðaranum auk uppbyggingar á Jarðhitagarði ON.

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við

veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.


### Framlegð



Mynd 1 – EBITDA / Rekstrartekjur

Samkvæmt spá eykst EBITDA verulega að krónutölu þó EBITDA framlegð lækki. Skýrist það af meiri tekjuvexti Carbfix og Ljósleiðarans sem eru rekin með lægri EBITDA framlegð en önnur félög í OR-samstæðunni.


### Afkoma/Hagnaður eftir skatta



Mynd 3 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á Mynd 3 er gert ráð fyrir að afkoma OR-samstæðunnar aukist á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 23,0 milljarð kr. árið 2028. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins, árið 2023 er gert ráð fyrir að 832 m.kr. áhrifum til lækkunar á afkomu.


## Eignir og eiginfjárhlfall



Mynd 4 - Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á samstæðuna, sérstaklega tengt veitukerfum, jarðvarmavirkjunum og uppbyggingar hjá Carbfix. Eiginfjárhlfall styrkist á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 54,8% í 56,1% í lok tímabilsins, en jafnframt er gert ráð fyrir jöfnum en vaxandi arðgreiðslum á spátímabilinu.


## Handbært fé með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum



Mynd 5 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýri lántöku. Þrátt fyrir áætlun um 230 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 27,7 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána. Sala á nýju hlutafé í Carbfix og Ljósleiðaranum er enn fremur mikilvægur liður í að fjármagna fjárfestingar á tímabilinu. Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innistæður í árslok 2028 verði 21,3 milljarðar kr. Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 36,3 milljarðar kr., þar af eru greiðslur til minnihlutaeigenda dótturfélaga upp á 1,3 milljarða kr.


## Heildarfjárfestingar



Mynd 6 – Milljarðar króna

Helstu fjárfestingar 2024-2028		milljarðar kr.
Veitukerfi		88,8
Orkuver		35,5
Carbfix		68,0
Aðrar fjárfestingar		36,7
<b>Fjárfestingar alls</b>		<b>229,0</b>


## Fjármögnun



Mynd 7 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2024-2028 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 119,3 milljörðum kr. til viðbótar við 61,2 milljarða kr. í nýju hlutafé í Carbfix og Ljósleiðaranum á tímabilinu. Nýtt hlutafé í Ljósleiðarann er áætlað að komi til á árinu 2024 en nýtt hlutafé í Carbfix er dreift niður á tímabilið til móts við fjárfestingar og fjárþörf. Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 91,7 milljarða kr.


## Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri



Mynd 8 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 15 – 23 milljarða kr. á árunum 2024-2028, samtals 91,7 milljarða kr. Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborganum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku og sölu hlutafjár á tímabilinu.

## Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunarhreyfingar




Mynd 9 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspeglar stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum. Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 9,7 milljarða kr. á árinu 2023, þar af eru verðbætur áætlaðar 6,7 milljarða kr. Gert er ráð fyrir hækjun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 42,8 milljarða kr., þar af 19,4 milljarða kr. vísitöluhækjun verðtryggðra lána á sama tímabili.

## LYKILTÖLUR

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárlutfalls, eiginfjárlutfalls, vaxtaþekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu OR og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).



Í samræmi við eigendastefnu OR eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.

## HORFUR OG SPÁ 2022-2027 - REKSTRARREIKNINGUR

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>56.683</b>	<b>60.397</b>	<b>64.136</b>	<b>69.454</b>	<b>75.544</b>	<b>84.697</b>	<b>95.871</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>21.096</b>	<b>25.730</b>	<b>28.134</b>	<b>30.234</b>	<b>32.353</b>	<b>33.701</b>	<b>36.316</b>
<b>EBITDA</b>	<b>35.586</b>	<b>34.666</b>	<b>36.002</b>	<b>39.220</b>	<b>43.191</b>	<b>50.997</b>	<b>59.555</b>
Afskriftir	14.439	15.314	16.222	17.527	18.444	19.492	19.786
<b>EBIT</b>	<b>21.147</b>	<b>19.352</b>	<b>19.780</b>	<b>21.693</b>	<b>24.747</b>	<b>31.504</b>	<b>39.769</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>-11.283</b>	<b>-12.857</b>	<b>-10.285</b>	<b>-9.661</b>	<b>-10.754</b>	<b>-11.784</b>	<b>-11.883</b>
Vaxtatekjur	314	522	741	948	534	206	108
Vaxtagjöld	-12.966	-15.132	-13.264	-11.766	-11.969	-12.505	-12.547
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskulnum	1.368	1.752	2.238	1.157	681	515	556
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>9.864</b>	<b>6.495</b>	<b>9.495</b>	<b>12.032</b>	<b>13.993</b>	<b>19.720</b>	<b>27.886</b>
Tekjuskattur	-1.550	-354	-899	-1.235	-1.500	-2.534	-4.228
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>8.311</b>	<b>6.085</b>	<b>8.597</b>	<b>10.797</b>	<b>12.493</b>	<b>17.186</b>	<b>23.028</b>
<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>9</b>	<b>256</b>	<b>363</b>	<b>370</b>	<b>584</b>

## HORFUR OG SPÁ 2022-2027 – EFNAHAGSREIKNINGUR

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
<b>Eignir</b>	<b>450.388</b>	<b>459.544</b>	<b>495.385</b>	<b>522.598</b>	<b>553.267</b>	<b>585.289</b>	<b>607.190</b>
Fastafjármunir	417.472	426.654	453.262	479.316	502.011	518.651	529.445
Veltufjármunir	32.916	32.889	42.123	43.283	51.256	66.637	77.745
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>450.388</b>	<b>459.544</b>	<b>495.385</b>	<b>522.598</b>	<b>553.267</b>	<b>585.289</b>	<b>607.190</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>246.048</b>	<b>243.493</b>	<b>271.532</b>	<b>287.260</b>	<b>303.741</b>	<b>321.900</b>	<b>340.533</b>
<b>Skuldir</b>	<b>204.340</b>	<b>216.050</b>	<b>223.853</b>	<b>235.338</b>	<b>249.526</b>	<b>263.389</b>	<b>266.657</b>
Langtímaskuldir	174.828	183.690	193.857	203.478	219.387	230.270	237.622
Skammtímaskuldir	29.512	32.361	29.996	31.860	30.139	33.119	29.035

## HORFUR OG SPÁ – SJÓÐSTREYMI

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>34.052</b>	<b>35.645</b>	<b>36.279</b>	<b>38.912</b>	<b>42.939</b>	<b>50.410</b>	<b>58.818</b>
Innborgaðar vaxtatekjur	313	522	741	948	534	206	108
Greidd vaxtagjöld	-5.061	-6.892	-7.971	-7.934	-8.088	-8.278	-8.280
Greiddur tekjuskattur	-1.775	-1.429	-1.967	-2.431	-3.044	-3.706	-4.501
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-3.847	1.510	425	-61	-237	-293	-304
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>23.682</b>	<b>29.301</b>	<b>28.138</b>	<b>30.064</b>	<b>32.735</b>	<b>38.969</b>	<b>45.842</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
<b>Fjárfesting rekstrarfjármuna</b>	<b>-21.017</b>	<b>-33.363</b>	<b>-49.864</b>	<b>-44.183</b>	<b>-48.557</b>	<b>-44.900</b>	<b>-41.519</b>
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	3.052	1.453	5.553	-121	-121	-121	-121
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>	<b>-17.966</b>	<b>-31.910</b>	<b>-44.311</b>	<b>-44.304</b>	<b>-48.678</b>	<b>-45.021</b>	<b>-41.640</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Ný langtímalán	11.138	29.217	25.600	24.500	28.584	24.676	15.960
Afborganir langtímaskulda	-16.477	-24.683	-22.970	-16.455	-18.223	-15.558	-18.449
Greiddur arður	-4.000	-5.500	-6.000	-6.500	-6.500	-8.433	-8.833
Innborgað hlutafé	0	2.243	25.442	11.431	10.488	9.406	4.439
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>-9.435</b>	<b>1.450</b>	<b>22.072</b>	<b>13.312</b>	<b>14.348</b>	<b>10.090</b>	<b>-6.883</b>
<b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>-3.718</b>	<b>-1.159</b>	<b>5.899</b>	<b>-928</b>	<b>-1.596</b>	<b>4.038</b>	<b>-2.681</b>
<b>Handbært fé í ársþyrjun</b>	<b>10.320</b>	<b>6.647</b>	<b>5.470</b>	<b>11.369</b>	<b>10.441</b>	<b>8.845</b>	<b>12.883</b>
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b>	<b>49</b>	<b>-17</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>6.651</b>	<b>5.470</b>	<b>11.369</b>	<b>10.441</b>	<b>8.845</b>	<b>12.883</b>	<b>10.201</b>


# SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er að veita gæðapjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

## SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028


Að teknu tilliti til hækkun verðlags, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu<sup>2</sup>.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024	Fimm ára áætlun			
				2025	2026	2027	2028
Rekstrartekjur							
<b>Tekjur samtals</b>	<b>4.324.580</b>	<b>4.685.300</b>	<b>5.118.900</b>	<b>5.118.900</b>	<b>5.118.900</b>	<b>5.118.900</b>	<b>5.118.900</b>
Laun og laumatengd gjöld	3.512.342	3.886.500	4.266.300	4.266.300	4.266.300	4.266.300	4.266.300
Annar kostnaður	593.126	660.000	676.900	676.900	676.900	676.900	676.900
Afskriftir	121.152	147.000	160.000	160.000	160.000	160.000	160.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>4.226.620</b>	<b>4.693.500</b>	<b>5.103.200</b>	<b>5.103.200</b>	<b>5.103.200</b>	<b>5.103.200</b>	<b>5.103.200</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>97.960</b>	<b>-8.200</b>	<b>15.700</b>	<b>15.700</b>	<b>15.700</b>	<b>15.700</b>	<b>15.700</b>
Fjármagnsliðir	-845	10.000	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>	<b>97.115</b>	<b>1.800</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>97.115</b>	<b>1.800</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>	<b>1.700</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	210	219	224
Fjöldi stöðugilda	210	219	224
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Aðgerðasvið	186	193	194
Forvarnarsvið	11	11	15
Stoðsvið	13	15	15

## SKIPTING REKSTRAR 2024



<sup>2</sup> Fimm ára áætlun er birt á föstu verðlagi

## HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2024

### Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2024 eru um 5.118,9 m.kr., sem er 10,2% hækkan miðað við áætlun 2023 en um 8,7% hækkan miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.652,2 m.kr. eða tæplega 52% af heildartekjum og hækka samtals um 160 m.kr. (6,4%) frá 2023. Tekjur af sjúkraflutningum eru tæplega 43% af heild eða um 2.196,9 m.kr. og hækka um 257,9 m.kr. (13,3%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 269,8 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

Í smíðum er nýtt frumvarp um breytingar á lögum um brunavarnir þar sem gert er ráð fyrir heimild til frekari gjaldtöku vegna eftirlits um brunavarnir mannavirkja. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði samþykkt á haustþingi og taki gildi í upphafi árs 2024. Áætlun SHS gerir ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2024 taki mið af framangreindu og að tekjur vegna eftirlits hækki um 28 m.kr. umfram verðlag vegna þessa.

### Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði 2.518,5 m.kr. sem er um 7,0% uppsöfnuð hækkan miðað við áætlun 2023, þar af er um 5,7% vegna hækunar launa- og neysluvísítölu og 1,3% vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2024.

### Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við áætlaða hækkan launa- og neysluvísítölu 2024.

### Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2024 verði 110,1 m.kr., miðað við gengi SDR 31. ágúst 2023, sem er 6,6 m.kr. (-5,7%) lækkun miðað við árið á undan.

### Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2024 verði um 2.196,9 m.kr. sem er um 257,9 m.kr. (13,3%) hækkan miðað við áætlun 2023 og um 11,9% miðað við útkomuspá 2023., þar af er um 9,5% vegna áætlaðrar hækunar á verðlagi.

Frá og með 1. janúar 2024 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkan launavísítölu (86%) og neysluvísítölu (14%).

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2023 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (2,6%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun tæplega 1,6%.

## Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2024 og verði um 139,5 m.kr.

### Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 34,2 m.kr. (35,6%) miðað við áætlun 2023, þar af eru um 28 m.kr. vegna nýrrar gjaldtöku. Eins og fjallað er um hér að ofan er í gangi vinna við breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta gjald þegar eftirlit mannvirkis í rekstri hefur í för með sér skriflega áminningu vegna þess að brunaöryggi hefur ekki verið viðhaldið í samræmi við forsendur útgefins byggingarleyfis og eðli starfseminnar á hverjum tíma. Áætlunin gerir ráð fyrir að breytingin taki gildi í upphafi árs 2024.

### Rekstrargjöld 2024

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.943 m.kr. á árinu 2024 sem er um 459,7 m.kr. (10,3%) hækkun frá áætlun 2023 og um 8,7% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 395,6 m.kr. (10,2%) og annar rekstrarkostnaður um 64,1 m.kr. (10,5%) frá áætlun 2023, en um 2,6% miðað við útkomuspá ársins.

### Launakostnaður

Nýr kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna var samþykkur nú í september, samningurinn gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024. Samið var um að launatöflur yrðu óbreyttar á samningstímanum, en á móti væri greidd eingreiðsla upp á 15 þús.kr. og þrekálag hækkað umtalsvert eða úr riflega 19 þús.kr. í tæplega 32 þús.kr. Einnig var samið um hækkun á desemberuppbót og hækkun á framlagi SHS í námsstefnusjóðs LSS. Heildarhækkun launakostnaðar SHS 2023 vegna þessa er um 16 m.kr. Áhrif samningsins á launakostnað SHS 2024 er hækkun um 51,4 m.kr. eða 1,3% .

Í ljósi mikils álags og krafna um eftirlit og eftirfylgni með brunavörnum mannavirkja í rekstri og búsetu í atvinnuhúsnaði, er gert ráð fyrir að stöðugildum á forvarnasviði verði fjölgæð um fjögur. Áætlaður heildarkostnaður við það er um 55,9 m.kr. á ári. Á móti er gert ráð fyrir að hægt verða auka tekjur af eftirliti um 28 m.kr. vegna breytinga á lögum um brunavarnir sem gert er ráð fyrir að taki gildi í upphafi árs 2024.

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki um 379,8 m.kr. (9,8%) 2024 miðað við útkomuspá 2023, vegna launahækkunar, fjölgun stöðugilda á forvarnarsvið og launaþróun. Áætlunin gerir ráð fyrir að riflega þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar.

### Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,8%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (4,9%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 47,2 m.kr. hærri en áætlað var, megin skýring er mun meiri verðlagshækkun en gert var ráð fyrir í áætlun, en einnig hefur kostnaður í tengslum við framkvæmdir í Skógarhlíð vegna mygluvandræða verið umtalsverður, t.a.m. vegna

sérfræðivinnu við greiningu á myglu í byggingarefni og aukin ræsting. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður lækki um 16 m.kr. miðað útkomuspá ársins og verðlagshækkanir og verði 676,9 m.kr. sem þýðir um 2,6% hækkun miðað við útkomuspá 2023.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjárhagsáætlun 2024 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 30. júní 2023.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftar ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), s.s. mönnun og viðbragðstími, búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykrafara.

Núverandi brunavarnaáætlun var framlengd fram á haust 2024, en ný áætlun átti að taka gildi vorið 2023. Gert er ráð fyrir að vinna við nýja áætlun byrji í síðasta lagi í upphafi árs 2024. Fjárhagsáætlun 2024 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út 30. september sl. Samið hefur verið um að framlengja hann fram til loka mars 2024. Helstu breytingar eru eingreiðsla upp á 15 þús.kr., 60% hækkun á þreká lagi, sem fer þá úr riflega 19 þús.kr. í tæplega 32 þús.kr. á mánuði og hækkun á framlagi í námssjóð LSS um 0,41%, samtals er þetta um 1,3% hækkun launakostnaðar SHS á ársgrundvelli.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2024 er áætlaðar riflega 42 þúsund, sem skiptist í tæplega 41 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og riflega 1 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Í ljósi mikils álags og aukinna krafna um eftirlit með brunavörnum mannvirkja í rekstri, einkum eftirlit og eftirfylgni vegna búsetu í atvinnuhúsnæði, er gert ráð fyrir að fjölgum stöðugildi á forvarnasviði á nýju ári. Áætlaður heildarkostnaður við það er um 56 m.kr. á ári. Á móti er gert ráð fyrir að hægt verða auka tekjur af eftirliti um 28 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, sem gert er ráð fyrir að taki gildi í upphafi árs 2024.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

## FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2023	Á-2024	Breytingar	Hlutfall
<b>Heild</b>				
Vegna reksturs SHS.....	2.353.200	2.518.500	165.300	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	116.700	110.100	(6.600)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	22.300	23.600	1.300	5,8%
Alls:	2.492.200	2.652.200	160.000	6,4%
<b>Sundurliðun á sveitarfélag</b>				
<b>Reykjavík</b>	<b>1.405.612</b>	<b>1.499.870</b>	<b>94.258</b>	<b>6,7%</b>
Vegna reksturs SHS.....	1.327.228	1.424.274	97.046	7,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	65.820	62.265	(3.555)	-5,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	12.565	13.331	767	6,1%
<b>Kópavogur</b>	<b>403.893</b>	<b>427.508</b>	<b>23.615</b>	<b>5,8%</b>
Vegna reksturs SHS.....	381.370	405.960	24.591	6,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	18.913	17.747	(1.166)	-6,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.610	3.800	189	5,2%
<b>Hafnarfjörður</b>	<b>308.118</b>	<b>327.756</b>	<b>19.638</b>	<b>6,4%</b>
Vegna reksturs SHS.....	290.935	311.237	20.301	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	14.428	13.606	(822)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.754	2.913	159	5,8%
<b>Garðabær</b>	<b>190.660</b>	<b>202.855</b>	<b>12.195</b>	<b>6,4%</b>
Vegna reksturs SHS.....	180.027	192.631	12.603	7,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.928	8.421	(507)	-5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.704	1.803	99	5,8%
<b>Mosfellsbær</b>	<b>134.914</b>	<b>144.035</b>	<b>9.121</b>	<b>6,8%</b>
Vegna reksturs SHS.....	127.391	136.776	9.385	7,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.318	5.979	(338)	-5,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.206	1.280	74	6,2%
<b>Seltjarnarnes</b>	<b>48.981</b>	<b>50.150</b>	<b>1.169</b>	<b>2,4%</b>
Vegna reksturs SHS.....	46.249	47.622	1.373	3,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.294	2.082	(212)	-9,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	438	446	8	1,8%
<b>Kjósarhreppur</b>	<b>23</b>	<b>27</b>	<b>5</b>	<b>20,4%</b>
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	23	27	5	20,4%

Fjárhæðir í þús.kr.

## FJÁRFESTINGAR

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun 2023 gangi að stórum hluta eftir þ.e. að fjárfest verði í heild fyrir um 520 m.kr. á þessu ári, þar vegur þyngst:

- Kaup á tveimur körfubílum að fjárhæð um 260 m.kr., búið er að greiða um 20% af fjárfestingunni, en eftirstöðvar verða greiddar við afhendingu sem verður öðru hvor megin við næstu áramót.
- Endurbótum á stöðinni í Hafnarfirði er lokið og heildarkostnaður við þær eru um 148 m.kr.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs 30 m.kr., t.a.m. reglubundin endurnýjun á reykköfunarbúnaði, bifreiðum og öðrum búnaði fyrir slökkviliðið.
- Framkvæmdir í Skógarhlíðinni vegna myglu eru hafnar, en alger óvissa er um umfang nauðsynlegra framkvæmda og því er enn óljóst hver endanlegur kostnað verður vegna þeirra.

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 400 m.kr., þ.e.:

- Viðhald húsnæðis SHS fyrir allt að 180 m.kr., þ.e. viðhald á útstöðvum, t.a.m. þakviðgerð á Skútahrauni, viðhald og endurbætur á húsnæðinu í Tunguhálsi og mögulega áframhaldandi viðhald í Skógarhlíð vegna myglu og rakavandamála.
- Lokaframkvæmdir á æfingaaðstöðunni á lóð SHS í Hafnarfirði í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna, gert ráð fyrir að hlutur SHS verði um 30 m.kr.
- Kaup á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarne, var á áætlun 2023 en hefur verið frestað fram til 2024, áætlað verð er um 40 m.kr.
- Tvær nýjar gámabifreiðar, sem átti skv. brunavarnaáætlun að endurnýja 2021 og 2022 en ákveðið var að fresta til 2024, og ný sendibifreið fyrir verkstæðið, samtals 60 m.kr.
- Endurnýjun á öðrum bílakosti slökkviliðsins fyrir um 55 m.kr., þar á meðal kafarabíl sem er árgerð 2002.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs, t.a.m. búnaði til að slökkva í rafbílum, reglubundin endurnýjun á reykköfunarbúnaði og tölvu- og hugbúnaði, samtals um 35 m.kr.

Í mars 2023 skipaði formaður stjórnar SHS starfshóp til að fara heildstætt yfir húsnæðismál og byggingarþörf SHS. Hvattinn að stofnun hópsins var m.a. sá að lengi hefur verið í skoðun að finna nýja staðsetningu fyrir stöð í stað Tunguhálsstöðvarinnar, til að tryggja betur viðbragðstíma í efri byggðum Kópavogs.

Starfshópurinn samanstóð af tveimur starfsmönnum SHS og fjórum starfsmönnum eigenda SHS. Formaður hópsins var Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds Reykjavíkur. Verkefni hópsins fólust meðal annars í því að gera tillögu að staðsetningu útkallseininga, tillögur að forgangsröðun uppbyggingar, kostnaðarmat og framkvæmda- og tímaáætlun. Starfshópurinn kynnti nokkrar ólíkar sviðsmyndir fyrir stjórn sem hún mun taka til skoðunar og í framhaldi af því taka ákvörðun um framtíðaruppbyggingu.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhald núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá verður rekstrarniðurstaða í takt við áætlun 2023.

Áætlun 2024 gerir ráð fyrir að rekstur samstæðu SHS verði í járnum.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útkpsá 2023	Áætlun 2024
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	32.979	42.154	40.586	40.100	40.900
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.271	1.312	1.550	1.666	1.500
Fjöldi skoðaanna/umsagna forvarnasviðs	2.000	2.400	2.400	2.450	2.500
Eiginfjárhlutfall	74,6%	76,5%	74,5%	74,5%	74,5%
Veltufjárhlutfall	0,8	1,7	1,6	1,8	1,8
Skuldsetningarárhlutfall	10,0%	8,3%	8,5%	8,1%	8,0%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	n/a	0,3	2,8	1,3	1,3


# STRÆTÓ BS.

## LEIÐARLJÓS

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að verða "mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukeðju höfuðborgarsvæðisins".


### SKIPURIT

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna sex sem mynda höfuðborgarsvæðið. Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina sinna. Einnig sinnir Strætó bs. þjónustuhlutverki fyrir almenningssamgöngur á landsbyggðinni og akstur fatlaðra og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu sem hefur hlotið nafnið Pant akstur.



## Pant akstur

Pant akstur er ætlaður til afnota fötluðu og öldruðu fólk sem getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða eigið farartæki. Markmiðið er að gera þjónustuna einfaldari, nútímalegri og betur sniðna að þörfum hvers notanda. Megintilgangur er að þeir sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna er gert kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómstunda.



Stjórn Pant er skipuð fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur í fjármálum sem koma frá sveitarfélögum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Þjónustuhópur er skipaður tveimur fulltrúum frá stjórn Pant akstri ásamt ÖBÍ, Proskahjálþ, Hópbílum og sviðsstjóra Pant aksturs. Hlutverk þjónustuhóps er að vera samráðsvettvangur þeirra aðila sem koma að þjónustunni, hafa eftirlitshlutverk með framkvæmd þjónustunnar og fjalla um hluti sem betur mættu fara.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027	2028	
Rekstrartekjur	9.566.278	10.488.690	11.749.158	11.843.352	11.916.823	11.992.499	12.070.444	
<b>Tekjur samtals</b>	<b>9.566.278</b>	<b>10.488.690</b>	<b>11.749.158</b>	<b>11.843.352</b>	<b>11.916.823</b>	<b>11.992.499</b>	<b>12.070.444</b>	
Laun og launatengd gjöld	3.063.792	3.295.408	3.575.518	3.575.518	3.575.518	3.575.518	3.575.518	
Annar kostnaður	6.868.447	6.943.717	7.683.966	7.683.966	7.683.966	7.683.966	7.683.966	
Afskriftir	318.659	304.091	284.296	284.296	284.296	284.296	284.296	
<b>Gjöld samtals</b>	<b>10.250.897</b>	<b>10.543.216</b>	<b>11.543.780</b>	<b>11.543.780</b>	<b>11.543.780</b>	<b>11.543.780</b>	<b>11.543.780</b>	
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>-684.619</b>	<b>-54.527</b>	<b>205.378</b>	<b>299.572</b>	<b>373.043</b>	<b>448.719</b>	<b>526.665</b>	
Fjármagnsliðir	-149.173	-188.656	-195.104	-195.104	-195.104	-195.104	-195.104	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-833.792</b>	<b>-243.182</b>	<b>10.274</b>	<b>104.468</b>	<b>177.939</b>	<b>253.614</b>	<b>331.560</b>	


## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	278	278	275
Fjöldi stöðugilda	218	218	215
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Rekstrarsvið	184	184	183
Samrekstur	26	26	24
Pant akstur	8	8	8


Rekstrarsvið sér um rekstur almenningsvagna, þar með talið flotastýringu, verkstæði og þvottastöð. Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver. Pant akstur annast akstursþjónustu fatlaðra, fatlaðra skólabarna og aldraðra íbúa í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir sama fjölda starfsmanna og útkomuspá/ áætlun 2023.

## SKIPTING REKSTRAR 2024


### Skipting rekstrartekna



### Skipting rekstrargjalfa



## Sundurliðun sviða



## FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR 2024-2028

Forsendur fjárhagsspár 2024-2028 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2023. Hluti af akstri almenningssvagna á höfuðborgarsvæðinu er í höndum verktaka. Við útreikning á akstri er miðað við sérstaka vísítölu (strætóvísitala) sem samanstendur af launa-, neysluvísítölu og undirvísítöllum, það er olía, viðhald og varahlutir.

## FJÁRHAGSSPÁ 2024-2028


Fargjöld vaxa á spátímabilinu 2024-2028 um 32%. Helsta skýring eru forsendur um hækjun gjaldskrár á árinu 2024 um 15%. Mikil fólksfjölgun var á síðasta ári, eða um 2,7%, og búist er við enn meiri fólksfjölgun næstu ár. Þrátt fyrir það er einungis gert ráð fyrir 1,5% aukningu á farþegum á árinu 2024. Strætisvagnar á nokkrum leiðum eru nú þegar fullnýttir á annatímum, þjónusta hefur verið skert og ekki útlit fyrir að það verði bætt í náinni framtíð. Endurnýjunarþörf og skortur á vögnum er helsta orsókin. Aldur og staða vagnaflotans auka líkur á að fella þurfi niður ferðir sem skerðir enn frekar þjónustu og hefur áhrif á virka notendur og getur hamlað fjölgun þeirra.



Framkvæmd var skoðun á ferðavenjum íslendinga dagana 6. október - 30. nóvember 2022. Niðurstaða skoðunar var birt 28. apríl 2023. Helstu niðurstöður sem tengjast almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu voru þær að ferðir með Strætó standa í stað og 36% borgarbúa nota Strætó að einhverju leyti en hann er mest notaður af fólk í aldrinum 13-17 ára. Bent er á sóknarfæri fyrir Strætó og þá í því samhengi að sambætta betur ferðir farnar á reiðhjóli og í Strætó. Hlutfall ferða í Reykjavík með Strætó voru 6%, sem var það sama og árið 2019.

Stefnt er að því að innleiða snertilausr greiðslur fyrrí hluta árs 2024 og við það verði einhverjar tilfærslur milli vöruflokka. Snertilausr greiðslur eru hluti af því greiðslukerfi sem er til staðar í vögnum Strætó og því einungis innleiðing á lausn sem keypt var í útboði á því kerfi. Vonast er til að snertilaus greiðslumöguleiki í vögnum Strætó komi til með að auka innstig, fá nýja notendur og fleiri tækifærisonendum og einnig betri heimtur af þeim sem nýta leiðakerfi Strætó óreglulega.

Farþegafjöldi Strætó dróst verulega saman á tínum heimsfaraldurs. En aldrei hafa fleiri innstig mælst í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu en í marsmánuði 2023 síðan reglulegar mælingar hófust. Í mars mældust rúmlega 1.242 þúsund innstig en flest innstig voru áður mæld í október 2019, en þá voru þau 1.204 þúsund innstig. En bent skal á að þjónustustig 2019 var meira en það er í dag og lítið hefur verið fjárfest í nýjum vögnum frá þeim tíma.




Framlög eigenda eru innheimt út frá samþykktri fjárhagsáætlun og skiptist á eigendur eftir mannfjölda, akstri innan hvers sveitarfélags og akstri stofnleiða.

### Skipting rekstrarframlags á eigendur 2024:

Fjárhæðir í þús.kr.	Hlutfall	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Reykjavíkurborg	62%	3.271.259	3.617.123
Kópavogur	14%	732.061	809.460
Hafnarfjörður	10%	514.582	568.988
Garðabær	7%	396.861	438.821
Mosfellsbær	5%	288.499	319.002
Seltjarnarnes	2%	97.774	108.112
	<b>100%</b>	<b>5.301.036</b>	<b>5.861.506</b>

Breyting á rekstrarframlagi er reiknað út frá strætóvísitolu. Vísitolubundin hækkan á framlögum eigenda dugði ekki til að mæta taprekstri, því leggja eigendur til aukaframlag upp á 200 millj.kr.

Í gildi er samningur við Ríkissjóð til ársins 2034, en framlög hafa haldist nánast óbreytt frá upphafi (2012) þrátt fyrir miklar verðlagsbreytingar. Raunhækkan samkvæmt verðlagsbreytingum Hagstofu Íslands sýnir að verðlag hefur hækkað um 51% á tímabilinu júlí 2012 til september 2023.



## AKSTUR

Akstur er annars vegar í höndum Strætó og hins vegar verktaka sem sjá um tæplega 50%. Núverandi samningur um aðkeyptan akstur rennur út í ágúst 2024. Niðurstaða nýs útboðs liggur fyrir en ekki hefur verið gengið til samninga. Innleiðing nýs leiðarnets hefur þar mikil áhrif, sem verður samhliða uppbyggingu Borgarlínu. Nýtt leiðarnet kallar á aukningu í fjölda vagna og klukkustunda í akstri. Eftir því sem líður á samningstímann er gert ráð fyrir að vagnafjöldi og akstursmagn aukist. Þá er gerð krafa um orkuskipti í áföngum, þ.e. að seljandi innleiði notkun rafmagns strætisvagna í stað dísel sem eru umtalsvert dýrari. Einnig er óljóst hvernig eigendur og ríki munu koma til móts við verulega aukinn rekstrarkostnað með framlögum sem hingað til hafa ekki verið tengd verðbótum eða fylgt ákveðnum verkefnum og skyldum sem félagið hefur þurft að taka inn í rekstur. Fasti í framlögum á móti aukinni verðbólgu, heimsfaraldur eða aukin þjónusta býr til hallarekstur.

## FJÁRFESTING

Um síðustu áramót samanstóð vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó af 67 vögnum. Samsetning flotans samanstóð af 47 dísel vögnum, 5 metanvögnum og 15 rafmagnsvögnum. Í september 2023 komu níu nýir rafmagnsvagnar til landsins. Um er að ræða smærri og léttari vagna sem nýtast einungis á þeim leiðum sem hafa færri innstig og/eða styttri leiðir. Strætó hefur það að markmiði að vera leiðandi afl í orkuskiptum og loftslagsmálum. Framtíðarsýn Strætó er að vera með kolefnislausan vagnaflota 2030. Til að ná þeim áfangi er nauðsynlegt að endurnýja og fjárfesta í umhverfisvænum vögnum. Í fjárhagsáætlun er einungis gert ráð fyrir að fjárfesta í 5 almennum rafmagnsvögnum á ári. Sá fjöldi er ekki nægur til að ná að mæta þeim markmiðum sem almennt hafa verið sett í orkuskipta- og loftslagsmálum. Fjárfesta þyrfi í fleiri vögnum og hraðar ef uppfylla ætti þau markmið sem sett hafa verið. Einn þáttur sem hefur veruleg áhrif á rekstur er kostnaður við endurnýjun í umhverfisvænni vagna. Í vilnanir sem til staðar eru falla einnig niður á rafmagnsvagna og koma til með að auka verulega innkaupsverð og draga þar með úr virkri endurnýjun flotans. Þá er ótalinn kostnaður við fjárfestingar í innviðum til að sinna flota með breyttum aflgjafa.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur undanfarinna ára hefur ekki gengið eins og áætlanir gerðu ráð fyrir, sem að stærstum hluta má rekja til heimsfaraldurs, hækkan á aðföngum, lækkun fargjaldatekna og skorts á framlögum eigenda til

að mæta endurnýjunarþörf. Of hár rekstrarkostnaður gamals vagnaflota, hækkun launa og aðfanga í rekstri hafa haft veruleg áhrif og verið umfram áætlanir. Eigin fjár staða félagsins er neikvæð og hefur verið lækkandi síðustu ár. Lausafjárstaða félagsins er hins vegar jákvæð og skipti aukaframlag eigenda þar verulegu máli.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útksp. 2023	Áætlun 2024
Veltufjárhlutfall	0,8	0,7	0,7	0,5	0,5
Eiginfjárhlutfall	28,5%	20,6%	0,3%	-8,6%	-7,9%
Arðsemi eigin fjár	-35,4%	-101,9%	-8546,2%	104,2%	-4,6%
Skulda hlutfall	60,1%	74,1%	99,7%	107,9%	107,3%
EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum	-1,7%	-1,2%	-3,8%	2,4%	4,2%


# SORPA BS.

## LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru frumkvæði, traust og samheldni.

## SKIPURIT

Gerðar voru breytingar á stjórnskipulagi samlagsins á árinu 2022. Tilgangur breytinganna var að nútímaþeða samlagið, auka áherslu á þvergangandi teymisvinnu, bæta nýtingu sérfræðinga og tæknimanna í fjölbættum viðfangsefnum samlagsins. Breytingarnar gera samlagið betur í stakk búið að bregðast hratt og örugglega við breytingum í umhverfi þess. Skipurit samlagsins endurspeglar þessar áherslur.



## INNGANGUR

Rekstraráætlun SORPU, fyrir árin 2024–2028 var samþykkt á stjórnarfundi þann 3. október 2023. Áætlað er að árið 2024 verði eitt mesta umbreytingaár SORPU frá upphafi.

Í upphafi árs 2023 tóku gildi ný lög um hringrásarhagkerfið sem skerpa á hlutverki samlagsins. SORPA er að taka fleiri skref til þess að umbreytast úr úrgangsmeðhöndlunarfyrirtæki í umhverfisfyrirtæki þar sem línulega hagkerfið víkur fyrir hringrásarhagkerfinu.

**GAJA:** Þetta er meðal annars gert með því að stíga stórt og framsýnt skref með vinnslu sérsafnaðra matarleifa í Gas- og jarðgerðarstöð SORPU. Á komandi ári mun vinnsla í GAJU færast úr næstlægsta þrepí úrgangsbíhrningsins, endurnýtingu, í þrep endurvinnslu, þegar heimilt verður að nýta moltuna sem til verður.

Þetta eykur sjálfbærni og styður við markmið stjórvalda um endurvinnslu og kolefnishlutleysi. GAJA er því hryggjarstykki í innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi.

**Orkuvinnsla og endalok urðunar:** Sú ákvörðun eigenda og stjórnar SORPU, að hætta að urða blandaðan úrgang og flytja hann þess í stað erlendis til orkuvinnslu, skilar stórum árangri á sviði loftslags- og úrgangsmála. Með orkuvinnslunni færst sá úrgangur úr neðsta þrepi úrgangsþríhyrningsins, förgun, í þrep endurnýtingar.

Með því dregur verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda af urðunarstað SORPU, sem í dag er næst stærsti einstaki losunarþáttur á höfuðborgarsvæðinu á eftir samgöngum. Gert er ráð fyrir að útflutningurinn hefjist í nóvember 2023.

**Flokkun:** Öll starfsemi SORPU snýst nú um söfnun og miðlun hreinna úrgangsstrauma, og að tryggja að þeir rati í rétta og ábyrga endurvinnslu- eða endurnýtingarfarvegi.

Samræmd flokkun og hirða á matarleifum, plasti, pappír og pappa, og blönduðum úrgangi við öll heimili á höfuðborgarsvæðinu gerir þessa vinnu mögulega. Með henni er hægt að miðla skýrum og einföldum skilaboðum til almennings, fyrirtækja og framleiðenda um hvernig best megi hanna, framleiða, markaðssetja og flokka þær vörur sem flestar lenda að endingu í vinnsluferlum SORPU. Fræðslu- og ráðgjafarhlutverki SORPU er gert hátt undir höfði í áætluninni, með það að markmiði að tryggja að úrgangur rati eins hátt upp úrgangsþríhyrninginn og mögulegt er.

**Góði hirðirinn:** Endurnot eru efsta þrep úrgangsþríhyrningsins þegar úrgangur hefur myndast. SORPA leggur allt kapp á að hámarka endurnot með öflugum rekstri verslunar Góða hirðisins. Verslunin flutti á árinu 2023 í nýtt húsnæði. Flutningarnir fólu í sér tvöföldun á verslunarrýminu og lager. Árangurinn af þessari ákvörðun stjórnar SORPU hefur þegar skilað sér í verulega hækkandi endurnotahlutfalli og traustum rekstri verslunarinnar.

Þessar jákvæðu breytingar hafa ekki komið til af sjálfu sér. Stór skref hafa verið tekin á undaförnum árum til að bæta úrgangsmeðhöndlun og verður haldið áfram á þeirri braut á komandi árum.

Ný gjaldskrá SORPU tekur gildi 1. janúar 2024. Gjaldskrárlöðir eru endurreiknaðir og aukast tekjur SORPU um það sem nemur um 11,2% til að mæta samsvarandi auknum kostnaði vegna hækkandi launa, bætrar úrgangsmeðhöndlunar, auk annarra vísitölutengdra þátta í rekstri. Gott jafnvægi er komið á rekstur SORPU og endurspeglast það í rekstraráætluninni.

### Viðauki við eigendasamkomulag um áframhaldandi urðun

Unnið hefur verið markvisst að því að standa við eigendasamkomulag um að hætta urðun í Álfnesi á árinu 2023 og hafa aðgerðir síðustu ára skilað sér í minna magni til urðunar. Gera má ráð fyrir að urðun verði enn hluti af úrgangsmeðhöndlun á höfuðborgarsvæðinu en sérsöfnun og samræming á sorphirðu, aukinn útflutningur á brennanlegum úrgangi og stækkan Góða hirðisins munu skila minna magni í urðun og meira til endurnýtingar en áður.

Leit hefur staðið yfir að nýjum urðunarstað í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 og viðauka sem gerður var 2020 um að urðun í Álfnesi yrði hætt 2023. Leitin hefur ekki skilað árangri og var það mat

stjórnenda SORPU að framlengja þyrfti heimild SORPU til að urða í Álfnesi og var það gert síðla árs 2023 með viðauka við eigendasamkomulag um urðun í Álfnesi.

Viðaukinn heimilar SORPU bs. að urða áfram til 2030 en með miklum takmörkunum þó. Lífrænn og lyktarsterkur úrgangur fær ekki að koma í Álfnesið og hafa stjórnendur og starfsmenn SORPU unnið að því að koma þeim úrgangi í aðra farvegi með góðum árangri. Viðaukinn við samkomulagið gerir ráð fyrir að gerð verði urðunarrein til að lágmarka sjónræn áhrif urðunar og að ekki verði byggð brennslustöð fyrir úrgang í Álfnesi.

Einnig er gert ráð fyrir aukinni skógrækt og sjón- og lyktarvörnum til að lágmarka grenndaráhrif af starfsemi SORPU í Álfnesi. Gert er ráð fyrir aukinni gassöfnun og farið verður í hugmyndasamkeppni um framtíðarskipan mála á urðunarstað.

Með þessu samkomulagi er SORPU gert kleift að sinna skyldum sem settar eru á sveitarfélög um að tryggja leiðir til förgunar úrgangs.

Breytingar á urðun munu hafa mikil áhrif á rekstur urðunarstaðarins og mun gjaldskrá hækka mikið vegna minna magns sem verður urðað og kostnaðar sem fellur til við viðaukann við eigandasamkomulagið.

Stjórnendur SORPU binda miklar vonir við að verulegur árangur verði af samræmingu flokkunar og sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu, ásamt sérsöfnun á lífrænum úrgangi sem innleidd var á sumarmánuðum 2023. Samhliða því er gert ráð fyrir að flokkun á úrgangi á upprunastað verði betri, með tilheyrandi aukningu á endurvinnslu, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og afhendingu á úrgangi til SORPU.

Samtal um bætta úrgangsmeðhöndlun við atvinnulífið er hafið og verður stóraukið í tengslum við innleiðingu aukinnar flokkunar en ljóst er að ef markmið um að loka urðunarstaðnum í Álfnesi í náinni framtíð eiga að nást, þarf samstilt átak sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og atvinnulífsins.

## HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU er að annast móttöku- og flokkun, ásamt meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargánum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarcaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Kóllunarklettsvegi 1 í Reykjavík.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028

Rekstrartekjur	Ársreikningur 2022	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2023	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Þjónustutekjur .....	5.771.984.425	3.077.006.533	6.238.427.161	6.935.186.475	7.143.260.248	7.312.183.242	7.478.832.273	7.649.647.530
	5.771.984.425	3.077.006.533	6.238.427.161	6.935.186.475	7.143.260.248	7.312.183.242	7.478.832.273	7.649.647.530
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og tengd gjöld .....	1.810.434.488	1.068.173.511	2.120.205.133	2.436.175.371	2.509.605.008	2.609.989.209	2.716.998.766	2.828.395.716
Annar rekstrarkostnaður .....	2.652.812.375	1.591.252.626	3.211.776.998	3.199.163.611	3.295.138.519	3.380.812.121	3.465.332.424	3.551.965.735
Afskriftir .....	403.167.182	216.097.154	414.097.154	466.900.000	480.907.000	493.410.582	505.745.847	518.389.493
	4.866.414.045	2.875.523.291	5.746.079.285	6.102.238.982	6.285.650.528	6.484.211.912	6.688.077.037	6.898.750.943
<b>Hagnaður -(tap) fyrir fjármagnsgjöld.</b> .....	905.570.380	201.483.242	492.347.876	832.947.493	857.609.720	827.971.331	790.755.236	750.896.587
<b>Fjárunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxtatekjur, verðbetur og arður, gengismunur .....	18.849.756	6.174.920	6.774.920	11.980.000	12.339.400	12.660.224	12.976.730	13.301.148
Vaxtagjöld og verðbetur og gengismunur .....	( 255.875.030)	( 146.909.649)	( 243.289.649)	( 303.062.000)	( 312.153.860)	( 320.269.860)	( 328.276.607)	( 336.483.522)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	( 1.193.626)	692.916	692.916	0	0	0	0	0
Fjárunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 218.218.900)	( 140.041.813)	( 255.821.813)	( 291.082.000)	( 299.814.460)	( 307.609.636)	( 315.299.877)	( 323.182.374)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	687.351.480	61.441.429	256.526.063	541.865.493	557.795.260	520.361.695	475.455.360	427.714.213

## STARFSFÓLK

Á árinu 2024 er áætlaður fjöldi stöðugilda 156. Fjölgun stöðugilda á milli ára er vegna aukinna umsvifa hjá GAJA og á endurvinnslustöðvum.

Starfsmannafjöldi á starfsstöðvum er eftirfarandi:

	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024
<b>Fjöldi starfsmanna</b>	<b>137</b>	<b>177</b>	<b>181</b>	<b>193</b>	<b>194</b>
<b>Fjöldi stöðugilda</b>	<b>113</b>	<b>129</b>	<b>142</b>	<b>153</b>	<b>156</b>
<b>Stöðugildi eftir þjónustubáttum:</b>					
Góði hirðirinn	22	28	31	35	35
Álfanes (Urðun+GAJA+Gas)	14	15	19	23	23
Endurvinnslustöðvar	37	41	43	44	47
Móttöku- og flokkunarstöð	25	33	34	34	34
Skrifstofa	14	13	15	17	17

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun SORPU tekur mið af meginforsendum Reykjavíkurborgar. Forsendur áætlunarinnar eru í samræmi við neysluverðsvísítölu og fólksfjöldaspá til ársins 2028. Vert er þó að nefna að SORPA stendur ásamt samfélaginu á miklum krossgötum varðandi úrgangsmál á Íslandi. Löggjöf til bættrar meðhöndlunar og flokkunar á úrgangi hefur verið samþykkt sem hefur áhrif á starfsemi SORPU.

Heildarmagn úrgangsstrauma minnkar og einhverjar breytingar verða á skiptingu á milli úrgangsflokka vegna samræmingar í söfnun sem hófst á árinu 2023. Þetta hefur áhrif á eyðingargjöld og vinnsluferla sem hefur áhrif á gjaldskrá.

GAJA fær nú eingöngu til sín sérsafnaðan lífrænan úrgang sem er laus við til dæmis plast sem áður barst stöðinni í miklu mæli. Þetta leiðir til þess að heildarmagn til stöðvarinnar minnkar og verð hækkar því en á móti kemur að moltan verður markaðshæf.

Magn á urðunarstað minnkar verulega þegar útflutningur á brennanlegum úrgangi hefst og gjaldskrá staðarins mun því hækka verulega í takt við það. Flokkar í urðun munu flestir hækka úr 21,88 í 49,96 kr/kg eða um 128%.

Gjaldskrá í móttöku- og flokkunarstöð breytist minna en það eru aðallega blandaðir/óflokkaðir flokkar sem taka á sig hækkun eða um 14%. Sér safnað lífrænt efni hækkar þó um 25% vegna hærri gjaldskrár í GAJA.

Gjaldskrá endurvinnslustöðva í hliði munu hækka í samræmi við vísitöluhækkun.

Kostnaðaráhrif kjarasamninga eru reiknuð upp á árinu 2024 en á spátíma 2025-2028 tekur áætlaður launakostnaður mið af áætlaðri launavísitölu. Óvissa er til staðar í upphafi ársins 2024 þegar kjarasamningar losna sem reynt er að reikna með inn í áætlun. Mannaflapörf hefur verið endurskoðuð á starfsstöðvum en auka þarf við mannafla um þrjú starfsgildi á endurvinnslustöðvunum vegna frekari flokkunar. Áætluð hækkun launakostnaðar fyrir árið 2024 er um 15%.

Fjárfestingar eru áætlaðar 999,5 mkr. árið 2024 en gert er ráð fyrir að undirbúningur fyrir nýja urðunarrein á urðunarstað hefjist á árinu.

Þar að auki verður á árinu 2024 hafin framkvæmd við byggingu endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi og kostnaður sem fellur til á árinu 2024 er áætlaður 1.470 mkr. Framkvæmdir endurvinnslustöðvanna eru fjármagnaðar af eigendum, unnið er að því að undirbúa hvað leið verður farin.

SORPA mun áfram vera leiðandi í kynningar- og fræðslumálum, sérstaklega í tengslum við samræmingu á sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og aukna sérsöfnun.

Árið 2024 er gert ráð fyrir að sala á metani aukist þegar gas- og jarðgerðarstöð er komin í fullan rekstur og nýjar slaufur til gassöfnunar komnar á gamlar reinar.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

**Uppvinnsla:** Öll starfsemi samlagsins í Álfnesi nefnist nú uppvinnsla, sem nær yfir starfsemi GAJA, gashreinsistöðvar og urðunarstaðar.

Áfram er lögð áhersla á að lágmarka urðun og að í urðun fari einungis óvirkur úrgangur í framtíðinni. Í tengslum við þessa vinnu hófust nokkur verkefni á árinu 2023 sem halda áfram inn á árið 2024, meðal annars útflutningur á brennanlegu efni, áframhaldandi flutningur á slátturúrgangi til Orkugerðarinnar, sérsöfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum til GAJA og uppsetning á búnaði í GAJA sem tekur við matvælum í umbúðum.

Á árinu 2024 höldum við áfram að leggja sérstaka áherslu á að lágmarka lyktar- og sjónmengun frá svæðinu. Meðal aðgerðir í þessa þágu má nefna uppsetning á lyktareyðandi úðunarkerfi, skógrækt og landmótun, ásamt aukinni gassöfnun.

Vegna minnkandi umsvifa í samfélaginu og lítillar notkunar á svæðinu í Bolaöldum mun SORPA hætta rekstri þar árið 2024 og skoða með hagaðilum framtíðarskipan jarðvegsendurnýtingar á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur uppvinnslu verða 2.634 mkr. skv. útkomuspá 2023 og verða 2.528 mkr. skv fjárhagsáætlun 2024.

Rekstrarkostnaður verður 1.942 mkr. skv. útkomuspá 2023 og verða 1.809 mkr. skv fjárhagsáætlun 2024.

Helstu breytingar felast í því að laun og launatengd gjöld hækka um 70,9 mkr. eða 19,4%. Auk kjarasamningshækkana hefur starfsmönnum GAJA fjölgæð um 3. Þetta stafar af frekari umsvifum inn í GAJA, vegna uppsetningar á nýjum búnaði til móttöku á matvælum í umbúðum, auk þess sem moltuvinnslan og nýr sigtunarbúnaður hefur verið gangsettur.

Kostnaður vegna móttöku, flutnings og ráðstöfunar úrgangs lækkar um 246 mkr. eða um 25,6% vegna minni véla-, gámaleigu og verktakakostnaðar. Einnig hækkar rekstur húsnaðis og lóðar um 24 mkr. eða 9,9% vegna frágangs á urðunarstað.

**Móttöku- og flokkunarstöð:** Gert er ráð fyrir að magn innan úrgangsflokka breytist vegna bættrar flokkunar við heimili og hjá rekstraraðilum. Þetta á sérstaklega við um sérsöfnun á lífrænum úrgangi.

Gert er ráð fyrir að blandaður heimilisúrgangur minnki um 30% og sérsafnaður lífrænn úrgangur verði um 9.000 tonn á árinu. Gert er ráð fyrir að aukning verði á plasti en við erum að sjá minnkun á pappír vegna minni notkunar en sem dæmi hefur útgáfu Fréttablaðsins verið hætt.

Stefnt er að því að útflutningur á brennanlegu efni frá móttöku- og flokkunarstöð hefjist í nóvember 2023 og mun flutningur á þessum úrgangi til urðunar hætta á sama tíma.

Mun sérsöfnun á lífrænum úrgangi hafa í för með sér að magn til vinnslu í forvinnslulínu fyrir GAJA minnkar og rekstur línnunnar verður hætt.

Unnið er að stöðugum umbótum alls búnaðar stöðvarinnar með tilliti til öryggis, áreiðanleika og fyrirbyggjandi viðhalds. Með því móti er stuðst við að hámarka endurnýtingarhlutfall efnisstrauma sem til stöðvarinnar berast á sem hagkvæmastan hátt.

Eftir að farið var að pakka böggum inn í plast til að mæta kröfum brennsluaðila hefur kostnaður við böggun hækkað sem nemur hráefnisverði plasts. Jafnframt hefur plastbindibúnaður og plastþökkunarvél kallað á vinnuframlag fleiri starfsmanna við böggunarlínu.

Mannaflabörf stöðvarinnar er í stöðugri endurskoðun, bæði með breyttum verkferlum og út frá breyttri flokkun frá viðskiptavinum og til að reyna að hámarka endurnýtingarhlutfall þess úrgangs sem til stöðvarinnar berst.

Tekjur vegna móttöku- og flokkunarstöðvar verða 2.726 mkr. skv. útkomuspá 2023 og 3.430 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2024.

Rekstrarkostnaður verður 2.892 mkr. skv. útkomuspá 2023 og 2.904 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2024.

Helstu breytingar felast í að móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs lækkar um 183 mkr. vegna breyttrar afsetningar, laun hækka um 58 mkr.

**Endurvinnslustöðvar:** Endurvinnslustöðvar eru reknað skv. þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins.

Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna, meðal annars með innheimtu í hliði, sölu málma og raftækja ásamt umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf.

Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður af grenndargámakerfinu skiptist í samræmi við val hvers sveitarfélags á notkun.

Magn úrgangs sem berst endurvinnslustöðvunum er alla jafna áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu og fólksfjölda, skoðað í ljósi magntalna liðins árs. Magn úrgangs frá heimilum höfuðborgarsvæðisins er að ná jafnvægi eftir Covid tímabilið. Magn frá hverjum íbúa er áætlað árið 2024 það sama og árið 2023 en áætlað er að magn aukist í samræmi við íbúafjölgun á svæðinu. Reiknað er með að rúm 50 þúsund tonn berist inn á endurvinnslustöðvarnar árið 2024.

Mikil þróun er að eiga sér stað í flokkun heimilanna. Samræming flokkunar á höfuðborgarsvæðinu er hvati til frekari flokkunar. Flokkunarmöguleikunum fjölgar stöðugt. Á endurvinnslustöðvunum er árið 2023 verið að innleiða fjórflokkun á plasti, flokkun á lífrænum úrgangi og mataroli. Framundan verður bætt við flokkum fyrir kaffihylki, PP-plast, málm- og glerumbúðir.

Lykillinn að árangri á þessum sviðum er fræðsla til almennings og fyrirtækja og að endurvinnslustöðvar séu vel mannaðar af vel þjálfuðu starfsfólk. Í þeim tilgangi að ná fram betri flokkun og koma breytingum á framfæri er þremur starfsmönnum bætt við launaaætlun endurvinnslustöðva árið 2024. Að auki er gert ráð fyrir 8 mkr. til mönnunar um helgar og á öðrum tímum þegar fjöldi viðskiptavina er hvað mestur. Miðað er við að hlutverk þessara auka manna verði viðvera á flokkunarrampi til eftirlits og ráðgjafar um flokkun.

Undirbúninngur fyrir endurnýjun á stafsmannaaðstöðu í Ánanaustum fer fram haustið 2023 og tekst vonandi að ljúka því verki fyrir áramót, en gert er ráð fyrir að hluti af kostnaði við framkvæmdina færist yfir árið 2024. Notkun léttitækja hefur gefið góða raun í Breiðhelli og á Sævarhöfða, áformað er að halda þeirri þróun áfram og bæta við tæki í Ánanaustum. Tækin nýtast til sópunar, snjómoksturs, hálkuvarna og til að færa þunga hluti í gámana.

Verkaskipting við eftirlit, flokkun og hleðslu Góða hirðis gáma hefur verið til endurskoðunar. Gert er ráð fyrir aukinni vinnu starfsmanna endurvinnslustöðva við nytjagámana framvegis. Einnig er ráðgert að kostnaður vegna gámaleigu og flutnings nytjagáma verið færður af Góða hirðinum yfir á endurvinnslustöðvarnar.

Undirbúningur að nýrri endurvinnslustöð á Lambhagavegi hefur farið fram árið 2023. Útboðsgögn vegna framkvæmda við stöðina verða tilbúin um áramótin 2023/2024. Samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg mun stöðin á Sævarhöfða loka á sama tíma og ný stöð opnar á Lambhagavegi í lok árs 2024. Kópavogsbær hefur boðað lokun á endurvinnslustöðinni á Dalvegi en ekki hefur fengist niðurstaða hvar nýrri stöð verður fundin staðsetning.

Heimsóknum á endurvinnslustöðvar hefur fjölgáð jafnt og þétt síðustu ár. Bílateljarar telja yfir 900 þúsund ökutæki inn á stöðvarnar og að því gefnu að tveir séu í hverjum bíl þá eru hátt í tvær milljónir viðskiptavina að heimsækja stöðvarnar á ári.

Rekstrarkostnaður og tekjur vegna endurvinnslustöðva verða 1.868,3 mkr. skv. útkomuspá 2023 og 2.206 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2024.

**Grenndargámar:** Grenndargámakerfið hefur verið uppfært til samræmis við samræmingu flokkunar heimilanna og losun á tunnum við heimili. Nýtt grenndargámakerfi var boðið út á árinu 2023 og er þess vænst að það komi til notkunar í febrúar 2024. Helstu breytingar eru að gámur fyrir málmumbúðir verður framvegis á hverri grenndarstöð. Plast- og pappírgánum mun fækka vegna aukinnar hirðu við húsvegg. Kerfið á árinu 2024 mun samanstanda af 90 grenndarstöðvum þar sem hægt verður að skila glerumbúðum, málmumbúðum og plast og pappír á u.b.b. 30% stöðvanna. Unnið er að endurskipulagningu textílsöfnunar á grenndarstöðvum.

**Góði hirðirinn:** Markmið Góða hirðisins er að stuðla að endurnotum, draga úr sóun og um leið tryggja jákvæða rekstrarrafkomu og þannig styrkja góðgerðarfélög. Nothæfum og seljanlegum munum, s.s. húsgögnum, raftækjum og smáhlutum er skilað í nytjagáma endurvinnslustöðvanna og þeir síðan seldir í Góða hirðinum.

Vegna breytinga í neyslumynstri Íslendinga og áhuga á hringrásarhagkerfinu, sem stuðlað hefur að meiri endurnotum, hafa vinsældir Góða hirðisins aukist undanfarin ár og á það bæði við um þær nytjavörur sem berast og þeim viðskiptavinum sem versla við Góða hirðinn.

Í verslunina berast margir dýrgripir sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi. Verslunin stuðlar þannig ekki aðeins að endurnotkun muna heldur einnig að varðveislu menningararfs og listmuna sem að öðrum kosti glatast.

Árið 2023 hefur verið viðburðarríkt. Góði hirðirinn flutti í nýtt húsnæði við Kóllunarklettsveg 1 og stækkaði bæði verslun, lager og gámasvæði umtalsvert. Meira magn af endurnotavöru berst Góða hirðinum en undanfarin ár. Ný og stærri verslun hefur því reynst mikilvæg til að auka endurnot og selja eins hátt hlutfall vara og hægt er.

Á þeim mánuðum sem að Góði hirðirinn hefur verið opinn í nýju húsnæði hefur náðst stöðugleiki í rekstri, á sama tíma og verulegur vöxtur hefur verið í sölu.

Framkvæmdum á húsnæði verslunarinnar lýkur í byrjun árs 2024 þegar nýtt móttökusvæði fyrir gáma verður tekið í notkun. Því mun fylgja umtalsvert vinnuhagræði og bæta aðstæður starfsfólks, sem og auka möguleika á frekari vexti Góða hirðisins til stuðnings endurnotahagkerfinu.



## FJÁRFESTINGAR

**Uppvinnsla:** Fjárfestingaráætlun vegna uppvinnslu 2024 er að fjárhæð 759,5 m.kr.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun verður átak í tengslum við lyktarmengun og ásýnd í Álfnesi haldið áfram. Samtals er áætlað að fjárfesta fyrir um 115 m.kr. vegna lyktarvarnarlausna, aukinnar gassöfnunar, skógræktar og landmótunar.

Einnig er gert ráð fyrir að hefja vinnu við að sprengja nýja rein á urðunarstaðnum í samræmi við nýjan viðauka við eigendasamkomulag að fjárhæð 300 m.kr.

Vegna gallamáls sem upp kom inn í GAJA á árinu er áætlað að bæta loftræstikerfi stöðvarinnar til að lágmarka loftmengun í vinnslunni, að fjárhæð 20 m.kr. Einnig er verið að standsetja búnað til móttöku á matvælum í umbúðum, og fyrirliggjandi er endurnýjun á vinnuvélum á árinu en álag á þeim er mjög mikið.

Samkvæmt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er stefnt að byggingu sorpbrennslustöðvar á næstu árum, enda liggar fyrir ákvörðun eigenda um að hætta urðun brennanlegs úrgangs. Brennslustöð er dýr framkvæmd, en þess má geta að heildarkostnaður við slíka stöð gæti numið um 25-35 milljörðum króna. Verkefnið kallar á víðtæka samvinnu og vandaðan undirbúning, sem þegar er hafinn.

**Móttöku- og flokkunarstöð:** Fjárfestingaráætlun vegna MTFS 2024 er að fjárhæð 240 m.kr.

Ráðgert er að fjárfestingar árið 2024 sníu að uppfærslu á vigtar- og flokkaskráningarkerfi móttöku- og flokkunarstöðvar. Þar sem ýmsar breytingar hafa átt sér stað síðustu ár í bæði aðgangsstýringum innan svæðis og með uppfærslu bókhaldskerfis þá er kominn tími á að sampætta þessi kerfi en betur.

Ýmsar vinnuvélar; stöðug en jöfn endurnýjunar færðanlegra vinnuvéla er nauðsynleg til að rekstur stöðvarinnar gangi á sem áreiðanlegastan og hagkvæmastan hátt. Horft verður til kaupa á vinnuvélum sem ganga fyrir rafmagni eða öðrum sambærilegum endurnýjanlegum orkugjöfum og sótt verður í Orkusjóð þar sem orkuskipti eru fyrirsjáanleg.

Breytingar verða á vinnslu þegar rekstri forvinnslulínu GAJA verður hætt og verður þá til svæði sem hægt er að nýta undir skilvirkari og betri móttöku á t.d. endurvinnsluefnum. Huga þarf að kostnaði við niður rif búnaðar eftir að vinnslu verður hætt.

Haldið verður áfram við uppbyggingu starfsmannaðstöðu, sem komin var til ára sinna. Núna er þegar búið að taka í gagnið nýja mataraðstöðu fyrir starfsmenn og verið er að leggja lokahönd á aðstöðu fyrir vinnufatnað. Eftir stendur uppfærsla á búningaaðstöðu en þeiri vinnu hefði átt að ljúka 2023 en tefst af ýmsum ástaæðum til 2024.

**Endurvinnslustöðvar:** Fyrir liggur að á árinu 2024 verður endurvinnslustöðvunum á Sævarhöfða og Dalvegi lokað og byggð ný stöð við Lambhagaveg.

Áætlaður kostnaður við uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg er 1.470 m.kr. Samkvæmt ákvörðun eigenda er þó fjárfesting í endurvinnslustöðvum ekki hluti af fjárfestingaáætlun samlagsins. Þess í stað verða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar teknar af eigendum og undirbúningur og framkvæmdir þeirra fjármagnaðar sérstaklega af þeim.

## STOFNFJÁRFRAMLÖG

Ekki er gert ráð fyrir stofnfjárfamlögum frá eigendum á árunum 2024-2028

## FRAMLÖG VEGNA REKSTURS ENDURVINNSSLUSTÖÐVA

Kostnaðaráætlun vegna byggingar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi er samtals áætlaður 1.470 m.kr.

Kostnaður mun skiptast á eigendur í samræmi við töfluna hér að neðan, og falla 30% hans á árinu 2023 og 70% á árinu 2024.

Fjárfestingarframlag vegna Lambhagavegar			
Framlag til SORPU v. EVST f. Framkvæmdum		454.860.000	1.015.360.000
Sveitarfélag	%	2023	2024
Reykjavík	56,57%	257.326.824	574.417.103
Kópavogur	16,10%	73.238.112	163.485.576
Garðabær	7,64%	34.753.609	77.578.649
Hafnarfjörður	12,36%	56.235.684	125.531.954
Mosfellsbær	5,43%	24.707.054	55.152.255
Seltjarnarnes	1,89%	8.598.717	19.194.463
		<b>454.860.000</b>	<b>1.015.360.000</b>

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Kennitölur	2020	2021	2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024
Veltufjárlutfall	0,43	0,79	1,15	1,17	1,10
Eiginfjárlutfall	48,6%	55,6%	59,2%	57,7%	54,9%
Arðsemi eigin fjár	-3,2%	6,2%	11,8%	4,4%	8,7%
Skuldsetningarhlutfall	57,6%	44,8%	37,6%	34,9%	30,4%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	5,8%	16,1%	21,0%	13,4%	16,5%
Framlegð/rekstrartekjum	8,0%	17,2%	22,7%	14,5%	18,7%

# JAFNLAUNASTOFA SF.

## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Jafnlaunastofu er að útrýma launamisrétti með því að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf.

Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurbogar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók til starfa þann 1. janúar 2022. Samhliða fluttist Verkefnastofa starfsmats sem staðsett var á mannaðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar undir Jafnlaunastofu. Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í meira en two áratugi átt í farsælu samstarfi á svíði jafnlaunamála í gegnum rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARF. Með stofnun Jafnlaunastofu hefur þetta samstarf verið styrkt og útvíkkað í þeim tilgangi að vinna gegn launamisrétti á vettvangi sveitarfélaga hér á landi.

## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Jafnlaunastofu er að útrýma launamisrétti með því að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf.


## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2028

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	96.508	95.607	97.612	101.077	104.413	107.858
<b>Tekjur samtals</b>	<b>96.508</b>	<b>95.607</b>	<b>97.612</b>	<b>101.077</b>	<b>104.413</b>	<b>107.858</b>
Laun og launatengd gjöld	84.807	75.040	80.103	83.387	86.723	90.279
Annar kostnaður	12.824	17.588	15.588	16.056	16.473	16.885
Afskriftir	629	503	539	555	569	583
<b>Gjöld samtals</b>	<b>98.260</b>	<b>93.131</b>	<b>96.230</b>	<b>99.998</b>	<b>103.765</b>	<b>107.747</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>-1.752</b>	<b>2.476</b>	<b>1.382</b>	<b>1.079</b>	<b>648</b>	<b>111</b>
Fjármagnsliðir	-152	-385	-412	-424	-435	-446
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>	<b>-1.904</b>	<b>2.091</b>	<b>970</b>	<b>655</b>	<b>213</b>	<b>-335</b>
Tekjuskattur						
Matsbreytingar						
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga						
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga						
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-1.904</b>	<b>2.091</b>	<b>970</b>	<b>655</b>	<b>213</b>	<b>-335</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2022	Útkomuspá/ Áætlun 2023	Áætlun 2024
Fjöldi starfsmanna	5	5	5
Fjöldi stöðugilda	5	5	5
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Verkefnastofa starfsmats		3	3
Jafnlaunamál		2	2

## SKIPTING REKSTRAR JAFNLAUNASTOFU 2024



## HLUTVERK

Jafnlaunastofa hefur það hlutverk að stuðla að launajafnrétti starfsfólks sveitarfélaga og veita stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttisлага um að sambærilegum eða jafnverðmætum störfum hjá sveitarfélögum séu greidd jöfn laun. Með því að efla jafnlaunastarf sveitarfélaganna er stutt við innleiðingu og viðhald jafnlaunavottunar.

Jafnlaunastofa veitir jafnframt ráðgjöf og stuðning við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti kynjanna og jaðarsettra hópa á grundvelli aðferðafræði starfsmats.

Verkefnastofa starfsmats starfar innan Jafnlaunastofu í samræmi við markmið jafnréttisлага og ákvarðanir faglegrar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARF.

Jafnlaunastofu er ætlað að byggja upp og miðla þekkingu á sviði jafnlaunamála og stuðla þannig að launajafnrétti.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Starfsemi Jafnlaunastofu er tvíþætt, annars vegar rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARF og hins vegar vinna að jafnlaunamálum sveitarfélaganna í víðara samhengi í samræmi við jafnlaunaákvæði laga. Jafnréttislöggjöf hér á landi hefur til langst tímabil í sér kröfur til atvinnurekenda um að greiða jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf og að launasetningu skuli byggja á samræmdum viðmiðum sem ekki feli í sér kynjamismunun. Jafnlaunastofu er ætlað að veita sveitarfélögum og stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttisлага. Annars vegar í gegnum Verkefnastofu starfsmats sem sér um mat og endurmat allra starfa sveitarfélaganna sem samið hafa um starfsmat og sinnir fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda sveitarfélaga og stéttarfélaga. Hins vegar með ráðgjöf og fræðslu á sviði jafnlaunamála í víðara samhengi, meðal annars um samspli jafnlaunavottunar og starfsmats í þeim

tilgangi að stuðla að því að launasetning sveitarfélaga sé í samræmi við jafnréttislög. Launamunur kynjanna, bæði leiðréttur og óleiðréttur mælist minni á vettvangi sveitarfélaganna heldur en á almennum markaði eða á vettvangi ríkisins. Starfsemi Jafnlaunastofu byggir á þeim grunni og miðar að því að gera enn betur í þágu launajafnréttis.

Á fyrstu tveim starfsárum Jafnlaunastofu hefur, auk daglegra verkefna við rekstur starfsmatskerfisins, farið fram undirbúningsvinna vegna þróunar starfsmatskerfa. Sú vinna leggur grunn að endurskoðun á starfsmatskerfi sveitarfélaganna í takt við þróun starfa á vinnumarkaði en nýtist einnig við þróun matskerfa vegna viðbótarlauna í samræmi við jafnlaunaákvæði laga. Þá hefur verið lögð áhersla á fræðslu um starfsmat og jafnlaunamál og markvisst verið unnið að uppbyggingu þekkingar á sviði jafnlaunamála. Jafnlaunastofa hefur starfað með aðgerðahópi stjórnvalda um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði um þróun starfsmatskerfis fyrir ríkið og með Reykjavíkurborg að þróun viðbótarlaunakerfis í samræmi við jafnlaunaákvæði laga.

Fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu fyrir árið 2024 og langtímaáætlun til 2028 byggir á áætlun ársins 2023.

Áherslur ársins 2024 verða á áframhaldandi uppbyggingu fræðslu og ráðgjafar á svið starfsmats og jafnlaunamála, þróun nýrra lausna á sviði jafnlaunamála auk þess að auka sýnileika starfseminnar fyrir stjórnendum sveitarfélaga. Meðal verkefna á árinu 2024 er fræðsluátak fyrir sveitarfélög á vormánuðum, vinna að endurskoðun starfsmatskerfis sveitarfélaga í samræmi við ákvarðanir faglegrar stjórnar starfsmats þar að lútandi, þróun leiða til að bæta samspil jafnlaunavottunar og starfsmatskerfisins í samstarfi við sveitarfélög. Þá verður unnið að umbótaverkefnum sem miða að aukinni skilvirkni við mat á stöfum m.a. með áherslu á auka gagnsæi og fyrirsjánleika áhrifa starfsmats á launakostnað sveitarfélaganna.

## FRAMLÖG EIGENDA

Útkomuspá/ Áætlun 2023		Áætlun 2024
Reykjavíkurborg (50%)	45.803.483	47.306.000
Samband íslenskra sveitarfélaga (50%)	45.803.483	47.306.000